# FRÉTTABLAÐIÐ

10. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 12. JANÚAR 2019




# Andlegur styrkur skiptir máli

Júlían J.K. Jóhannsson, einn sterkasti maður landsins, starfar á meðferðarheimili og les klassískar bókmenntir. Hann hvetur ungt fólk til að leggja mikla rækt við það sem vekur áhuga þess. 30

Ég held að skaðlegar hugmyndir um karlmennsku eigi síður upp á pallborðið í dag. Ég held að við séum meðvitaðri um hvað það er sem skiptir máli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Litrík förðun fyrir vorið

Glamour skoðar strauma og stefnur. 58



## Mörg líf Bubba

Bubbi Morthens um nýjan söngleik sem byggir á lögum hans. 28

Ég var settur í geymslu í grunnskóla, tossabekkinn í Vogaskóla. Þar brotnaði auðvitað eitthvað.


HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



MARKAÐURINN

Fyrst og fremst viðskiptafréttir

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum



Veður




Vaxandi norðaustanátt og snjókoma með köflum fyrir norðan, 15-23 m/s undir kvöld, hvassast NV til. Hægari vestlæg átt S til og slydda eða rigning. Kólnar í veðri. SJÁ SÍÐU 46



Jón Ásgeir Jóhannesson býður sig fram til stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Nefndin leitaði til sex stærstu

**VIÐSKIPTI** Tilnefningarnefnd Haga kannaði aðeins hug sex stærstu hluthafa félagsins til frambjóðenda til stjórnar áður en nefndin sendi skýrslu sína frá sér. Vanalegt er að slíkar nefndir líti til tuttugu stærstu hluthafa áður en skýrslan er send Kauphöllinni.

Félög í eigu Ingibjargar Pálmadóttur fara með um 4,5 prósent atkvæða á hluthafafundi. Sjötti stærsti eigandinn er FISK Seafood með 4,57 prósent.

Hluthafafundur Haga fer fram föstudaginn eftir viku. Sjö eru í framboði til stjórnar en formaður og varaformaður sitjandi stjórnar gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Af sitjandi stjórnarmönnum eru Davíð Harðarson, Erna Gísladóttir og Stefán Árni Auðólfsson í framboði. Til viðbótar má þar finna Eirík S. Jóhannsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Katrínu Olgu Jóhannesdóttur og Kristján Óla Níels Sigmundsson. Tilnefningarnefndin leggur til að Eiríkur og Katrín verði kjörin ný í stjórnina.

Í skýrslu nefndarinnar, sem er tvær og hálf síða, segir að nefndin hafi tekið til starfa síðastliðið haust og að í desember hafi verið ljóst að boðað yrði til hluthafafundar. „Vinnuferli [...] að þessu sinni ber þess merki að styttri tími var til stefnu en hefðbundið er í aðdraganda aðalfundar,“ segir í skýrslunni.

Torg ehf., útgefandi Fréttablaðsins, er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur. **– jóe**

## Jólakötturinn kominn í frí



Landsmenn hafa undanfarna daga staðið í ströngu við að pakka niður jólaskrauti og henda jólatrjám. Jólakötturinn sem staðsettur var á Lækjartorgi var tekinn í sundur í gær og pakkað í bóluplast. Hann verður svo settur í geymslu þar sem hann bíður næstu jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Neita ásetningi í Shooters-máli

**DÓMSMÁL** Skýrslutaka var í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir tveimur mönnum sem ákærðir eru vegna líkamsárásar á skemmtistaðnum Shooters. Dyravörður af staðnum er lamaður fyrir neðan háls.

Upptaka af atvikinu var sýnd í dómsal. Þar mátti sjá mennina snúa aftur á Shooters eftir að hafa verið vísað út í miklu offorsi og veitast að dyravörðunum. Var myndbandið sýnt við skýrslutöku Arturs Pawel Wisocki en félagi hans Dawid sagðist ekki hafa neinu við það að bæta.

Að lokum spurði Bjarni Hauksson, verjandi Dawids, um aðstæður hans. Sagðist hann iðrast mjög. Hann eigi fimm börn undir tólf ára aldri og sé í vinnu.

„Ég sé mjög mikið eftir þessu og langar að biðjast afsökunar,“ sagði Artur Pawel Wisocki í dómsalnum í gær. **– bsp**

# Borgin bauð 18 þúsund manns á leiksýningar

**Reykjavíkurborg gaf starfsfólki gjafakort í Borgarleikhúsið fyrir 43,5 milljónir í jólagjöf. Jafngildir ríflega 18 þúsund miðum. Myndi fylla stóra sal leikhússins 32 sinnum. Sjálfstæðismenn vildu leita tilboða. Oddvitinn er í Þjóðleikhúsráði.**

**STJÓRNSÝSLA** Reykjavíkurborg greiddi 43,5 milljónir króna fyrir jólagjafir starfsfólks borgarinnar að þessu sinni en um var að ræða gjafakort fyrir tvo á sýningu að eigin vali í Borgarleikhúsinu. Trúnaði af gjöfinni og kostnaði var aflétt á síðasta borgarráðsfundi.

43,5 milljónir í heildarkostnað fyrir borgina verður að teljast nokkuð vel sloppið í ljósi þess að hjá borginni starfa ríflega 9 þúsund manns og leikhúsmiðar fjarri því ódýrir. Þar sem gjöfin er fyrir tvo jafngildir hún því að borgin hafi boðið átján þúsund manns í leikhús á næsta ári og greitt um 2.400 krónur fyrir miðann. Algengt miðaverð á sýningar í Borgarleikhúsinu fyrir almenning er á bilinu 6.500-7.500 krónur

Reykjavíkurborg er sem kunnugt er eigandi Borgarleikhússins sjálfs en Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun. Í gildi er rekstrarsamningur borgar og leikfélagsins sem framlengdur var til þriggja ára í september síðastliðnum. Þar er kveðið á um að borgin styrki leikhúsið um rúman milljarð á ári til ársins 2021.

Þar að auki hefur undanfarin ár komið til þess að borgin hafi þurft að leggja leikhúsinu til viðbótarfjármagn til að styrkja reksturinn, árið 2017 nam það framlag 21 milljón. Jólagjöfin er því ágæt búbót fyrir rekstur Borgarleikhússins.

Til að setja miðafjöldann sem jólagjöf borgarinnar felur í sér í samhengi þá fengust þær upplýsingar hjá Borgarleikhúsinu að Elly hafi verið aðsóknarmesta sýningin leikárið 2017-2018 með 45.300 gesti. Þá duga 18 þúsund gestir til að fylla stóra sal leikhússins ríflega 32 sinnum.



Gjafakort í leikhús er vinsæl gjöf og hefur mælst vel fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Hins vegar væri eðlilegt að leita tilboða þar sem fleiri en einn aðili geta veitt þessa þjónustu.



Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Í greinargerð borgarstjóra vegna málsins segir að sambærileg leikhúsmiðagjöf árið 2017 hafi vakið mikla ánægju starfsfólks og að borgin vilji sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki. Slíkt sé mikilvægt á tímum þegar skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni um hæft starfsfólk.

Athygli vekur að Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, vék af fundi borgarráðs við afgreiðslu málsins en hann situr í leikhúsráði Þjóðleikhússins og hefur því metið sig vanhæfan.

Hinir borgarráðsfulltrúar flokksins, Hildur Björnsdóttir og Marta Guðjónsdóttir, sátu hjá við afgreiðslu málsins en lögðu fram bókun. Sögðu þær að þó sjálfsagt og eðlilegt væri að gefa starfsfólki borgarinnar jólagjafir hefði verið eðlilegt að leita tilboða.

„Þar sem fleiri en einn aðili geta veitt þessa þjónustu. Reynslan sýnir að með því móti fæst meira fyrir peningana,“ segir í bókuninni.

**mikael@frettabladid.is**






## Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavini með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

**Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

**TÖLUR VIKUNNAR** 06.01.2019 – 12.01.2019



**10 þúsund** km tæpa munu tveir hvalir ferðast frá Kína til Vestmannaeyja í vor. Flugfélagið Cargolux ætlar að kosta ferð Boeing 747 flutningavélar, svokallaðrar júmbóþotu, með hvalina.



**806** útköll fóru sjúkraflugvélar Mýflugs í með 882 sjúklinga á síðasta ári. Árið 2017 voru útköllin 796 en 670 árið 2016.

**21%** fólksfjölgun hefur orðið í Árborg á síðustu fimm árum. Á síðasta ári einu fjölgaði íbúum um nærri 500 og eru þeir nú 9.486 talsins.



**18.922** voru íbúar Reykjanesbæjar 1. janúar. Haldist þróunin óbreytt mun Reykjanesbær að öllum líkindum verða fjórða fjölmennasta sveitarfélag landsins í lok mánaðar.

**6** milljónir tonna á ári éta hvalir við Íslandsstrendur að mati Hafrannsóknastofnunar.



**536** einstaklingar biðu afplánunar um áramótin. Rétt tæplega fjórðungur afplánunarfanga afplánaði dóma utan fangelsa í fyrra.



## Þrjú í fréttum
## Háskólar, hárkolla og kjaramál

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
*þingmaður Sjálfstæðisflokksins*



smíðar nú frumvarp um opnari háskóla, þar sem reynsla úr atvinnulífinu og fjölbreytt þekking yrði metin til inngöngu.

**Atli Freyr Ágústsson**
*sem er 11 ára*



var þangað til á síðasta ári með hár niður á rass. Hann ákvað þá að láta klippa sig og gefa hárið til samtaka sem búa til hárkollur fyrir börn sem glíma við krabbamein. Lítil bandarísk stúlka fékk kollu úr hárinu hans.

**Kári Stefánsson**
*forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar*



sagði í grein í Fréttablaðinu að félagshyggjuflokkarnir væru ekki lengur málsvarar verkalýðsins á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Einar Kárason úti í kuldanum við úthlutun listamannalauna

**Opinberað var í gær hverjir hljóta listamannalaun á þessu ári. Úthlutað var samtals 1.600 mánaðarlaunum. Umsækjendur voru 1.543 en úthlutun fá 358 listamenn. Margir sitja því eftir með sárt ennið.**



Einar Kárason á að baki 40 ára farsælan rithöfundarferil en fær ekki krónu í listamannalaun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNSÝSLA** „Ég er ekki búinn að fá neitt. Hef ekkert bréf fengið eða neitt. Er ég bara ekki á listanum?“ segir Einar Kárason rithöfundur við frettabladid.is aðspurður um viðbrögð sín við að hafa ekki fengið úthlutað úr launasjóði listamanna.

Kunngert var í gær hverjir fengju listamannalaun úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðunum úthlutunarnefnda Launasjóðs listamanna. Alls bárust 890 umsóknir um starfslaun frá einstaklingum og hópum. Starfslaun listamanna eru 392.498 krónur á mánuði samkvæmt fjárlögum.

Meðal þjóðþekktra rithöfunda sem ekki fá listamannalaun eru Einar Kárason, Hallgrímur Helgason og Auður Ava Ólafsdóttir. Hallgrímur kveðst hafa dregið umsókn sína til baka þar sem hann seldi vel fyrir jólin og Auður Ava Ólafsdóttir gerði slíkt hið sama eftir að hafa unnið til bókmenntaverðlauna Norðurlandanna.

Öðru máli gegnir um Einar Kárason sem sækir um árlega. Hann fékk laun til sex mánaða á síðasta ári og níu mánuði þar á undan.

„Ég á ekki til orð. Hvaða djöfulsins rugl er þetta,“ segir Einar. „Þetta er bara mjög skrítið. Í rauninni finnst mér að í öllum öðrum starfsgreinum hefði mönnum nú bara verið boðinn starfslokasamningur eða eitthvað. Ég er búinn að hafa atvinnu af þessu í fjörutíu ár, og þetta er það eina sem ég lifi á. Þetta er furðulegt,“ segir hann.

> Ég á ekki til orð. Hvaða djöfulsins rugl er þetta?
>
> Einar Kárson rithöfundur

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir upplýsti á Facebook í gær að hún fengi listamannalaun í níu mánuði að þessu sinni en ekki tólf „eins og venjulega“, og veltir fyrir sér hvort verið sé að refsa henni fyrir góða sölu. Þessi niðurstaða ýti henni yfir í fræðimennsku hluta úr árinu svo hún megi sækja þá þrjá mánuði sem upp á vantar í slíka sjóði.

Valur Gunnarsson fer bónleiður til búðar eina ferðina enn og sagði á Facebook: „Engin ritlaun í ár heldur. Spariféð þurrkaðist út í gengishruni haustsins. Ef LÍN bregst mér endanlega fer ástandið að verða ansi tvísýnt.“

Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, var einnig dapur í bragði á Twitter þar sem hann sagðist vera í vinnu núna en ef hann efist um sjálfan sig muni allt hrynja. „Því var ekki gaman að láta synja sér um ritlaun,“ tísti hann.

Það eru ekki aðeins rithöfundar sem fá listamannalaun. Þau eru einnig veitt myndlistarmönnum, tónskáldum, tónlistarflytjendum, hönnuðum og sviðslistafólki og -hópum. Listamannalaun eru veitt frá einum mánuði upp í allt að átján í tilviki Hrafnhildar Arnardóttur myndlistarmanns.

Alls voru umsækjendur 1.543 og sóttu um samtals sextán hundruð mánaðarlaun. Af þeim fengu 358 listamannalaun. Heildarlista yfir úthlutunina og nánari umfjöllun er að finna á frettabladid.is.

**sunnak@frettabladid.is**
**thorarinn@frettabladid.is**

FIAT ATVINNUBÍLAR




FIAT DUCATO
Verð frá 3.943.548 án vsk.
4.890.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
5 ÁRA ÁBYRGÐ

# POTTURINN STEFNIR Í

# 45

# MILLJÓNIR

Lottó

LEIKURINN OKKAR



**Líkamsmiðuð sálræn meðferð**

- samtalsmeðferð
Somatic psychotherapy

**Margrét Gunnarsdóttir**
**Sálmeðferðarfræðingur MSc**
Sjúkraþjálfari BSc

**Hef opnað stofu í Hlíðasmára 14, Kópavogi**

**Sérsvið:**
Tengslamyndun, samskipti, úrvinnsla áfalla, EMDR meðferð

**Tímapantanir og upplýsingar í síma 864-1466**
netfang: margretgunnarsdottir@simnet.is



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir**
**til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

**Hafréttarstofnun auglýsir hér með til umsóknar styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 30. júní - 19. júlí 2019**

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 25. janúar 2019.






Páskaveisla í Vínarborg

**13. - 20. apríl** **Vor 3**
**Fararstjóri: Sigrún Valbergsdóttir**

Þessi glæsilega páskaferð hefst í Passau sem er við ármót Dónár, Inn og Ilz í Bæjaralandi og margir telja eitt fegursta borgarstæði Evrópu. Þaðan verður farið til Vínarborgar þar sem fagrar byggingar prýða borgina og munum við skoða helstu staði hennar svo sem Schönbrun höllina og hið þekkta hús Hundertwasser. Ferðin endar svo í hinni heillandi München.

**Verð: 214.400 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík




# Kynrænt sjálfræði og spornað við kennitöluflakki

**Þing kemur saman á ný 21. janúar. Ríkisstjórnin leggur áherslu á bann við plastpokum, nýja skrifstofu jafnréttismála, þróunarsamvinnu og gjaldtöku vegna nýtingar eldissvæða, svo eitthvað sé nefnt.**

**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra



- Ný skrifstofa jafnréttismála.
- Breytingar á lögum um Seðlabanka sem meðal annars fela í sér sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.
- Umbætur á löggjöf á sviði tjáningarfrelsis, þar á meðal frumvarp um vernd uppljóstrara.
- Frumvarp sem felur í sér framsækið lagaumhverfi um kynrænt sjálfræði.

„Með þessu frumvarpi er kyn skilgreint sem safnhugtak sem nær yfir kyneinkenni, kynvitund og kyntjáningu og kyngervi. Þetta frumvarp er mikilvægur liður í að bæta réttarstöðu transfólks og koma Íslandi í fremstu röð á alþjóðavísu hvað varðar réttindi hinsegin fólks.

**Sigríður Andersen**
dómsmálaráðherra



- Breytingar á barnalögum þar sem lögfest verði heimild foreldra til að semja um skipta búsetu barns.
- Breytingar á lögum um helgidagafrið þannig að fellt verði úr gildi bann við tiltekinni starfsemi á helgidögum.

„Það er mikilvægt að fólk geti veitt og þegið þjónustu yfir hátíðisdagana eins og aðra daga. Frelsi manna hefur hingað til verið of þröngur stakkur sniðinn yfir þessa daga og kominn tími til að stiga skrefið til fulls og afnema bann á tiltekinni atvinnustarfsemi og afþreyingu á helgidögum.

**Kristján Þór Júlíusson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



- Styrkja lagaumhverfi fiskeldis.
- Gjaldtaka vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó.
- Breytingar á búvörulögum vegna endurskoðunar samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar.
- Bregðast við dómum um innflutning á fersku kjöti.

„Ég tel að þessi tvö frumvörp um fiskeldi muni verða mikil framfaraskref enda hefur lagaumhverfi greinarinnar ekki haldist í hendur við uppbygginguna hennar. Þá vonast ég eftir uppbyggilegri umræðu um þær ráðstafanir sem þarf að fara í til að bregðast við dómum Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins um innflutning á ófrystu kjöti.

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



- Ráðstafanir til að stemma stigu við misnotkun á hlutafélagaforminu (í daglegu tali nefnt „kennitöluflakk").
- Endurskoðun á hlutverki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- Nýsköpunarstefna fyrir Ísland.

„Kennitöluflakk er misnotkun á hlutafélagaforminu og flestir þekkja dæmi þess að starfsfólk og birgjar hafa ekki fengið greitt þrátt fyrir að sami aðili sé kominn í rekstur á annarri kennitölu stuttu síðar. Sú misnotkun er ósanngjörn gagnvart heiðvirðum atvinnurekendum og hefur samfélagslegan kostnað í för með sér. Við erum því að vinna í góðu samstarfi við ASÍ og SA að ákvæðum sem takmarka atvinnustarfsemi þeirra aðila sem misnota regluverkið á þann hátt.

**Sigurður Ingi Jóhannsson**
samgönguráðherra



- Frumvarp um gjaldtöku í samgöngum.
- Frumvarp um net- og upplýsingaöryggi.
- Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2023 og 2019-2033.

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
umhverfisráðherra



- Koma á fót stofnun um verndarsvæði, þjóðgarðastofnun.
- Bann við notkun burðarplastpoka.
- Breytingar á lögum um loftslagsmál.
- Loftslagssjóður verður settur á laggirnar til að styðja við loftslagsvæna nýsköpun.
- Viðamiklar aðgerðir til að binda kolefni úr andrúmslofti og að draga úr brennslu innflutts og mengandi jarðefnaeldsneytis í samgöngum.

**Lilja Alfreðsdóttir**
menntamálaráðherra



- Breyting á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.
- Þingsályktunartillaga um að efla íslenska tungu.
- Stuðningur við einkarekna fjölmiðla.
- Afnám ábyrgða ábyrgðarmanna á námslánum við andlát.

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
utanríkisráðherra



- Leggur fram stefnu stjórnvalda í þróunarsamvinnu fyrir árin 2019-2023. Áhersla á mannréttindi og á aukna þátttöku atvinnulífsins í þróunarsamvinnu.

**Svandís Svavarsdóttir**
heilbrigðisráðherra



- Heilbrigðisstefna þar sem línur eru lagðar til ársins 2030.
- Efla forvarnir með aukinni áherslu á bætta geðheilsu með fjölgun geðheilsuteyma og stöðugilda sálfræðinga í heilsugæslunni.
- 60 ný hjúkrunarrými tekin í notkun á næstu vikum.

**Ásmundur Einar Daðason**
félags- og barnamálaráðherra



- Von á niðurstöðu starfshóps er varðar skerta starfsgetu einstaklinga og í framhaldinu frumvarp um málefnið.
- Málefni vinnumarkaðar til skoðunar í tengslum við gerð kjarasamninga.

**Bjarni Benediktsson**
fjármála- og efnahagsráðherra



- Fylgir eftir frumvarpi um Þjóðarsjóð.
- Þingsályktun um fjármálaáætlun til næstu fimm ára.
- Breytingar á lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.
- Frumvörp til laga um breytingu á lögum um skatta og gjöld (skattlagning tekna af höfundarréttindum) og frumvarp til laga um skattlagningu eldsneytis.

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

# Kaup ársins

**Við fögnum nýju ári og bjóðum freistandi kaupauka með fjölda nýrra bíla frá Nissan, Renault, Subaru og Dacia.**




### SUBARU XV
TILBOÐ FRÁ: **4.690.000 kr.**
eða frá **36.583 kr.**/mán. (ÁHK 8,29%)*
Verð áður frá: 5.190.000 kr.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 500.000 KR.

### NISSAN MICRA
TILBOÐ FRÁ: **2.390.000 kr.**
eða frá **18.830 kr.**/mán. (ÁHK 8,59%)*
Verð áður frá: 2.650.000 kr.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 300.000 KR.

### DACIA DUSTER II
TILBOÐ FRÁ: **3.340.000 kr.**
eða frá **26.163 kr.**/mán. (ÁHK 8,42%)*
Verð áður frá: 3.690.000 kr.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 350.000 KR.

### RENAULT ZOE | 100% RAFMAGN
TILBOÐ FRÁ: **3.390.000 kr.**
eða frá **26.549 kr.**/mán. (ÁHK 8,41%)*
Verð áður frá: 3.790.000 kr.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 400.000 KR.

### NISSAN X-TRAIL
TILBOÐ FRÁ: **6.490.000 kr.**
eða frá **50.476 kr.**/mán. (ÁHK 8,20%)*
Verð áður frá: 7.190.000 kr.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 700.000 KR.

ALLT AÐ

## 700.000 KR. AFSLÁTTUR
## & ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

* Í mánaðargreiðslu við hvern auglýstan bíl er miðað við lán án lántökugjalda í 84 mánuði, 7,7% óverðtryggða breytilega vexti og 50% útborgun af kaupverði. ÁHK er árleg hlutfallstala kostnaðar. Skilyrði er gert um kaskótryggingu ökutækis. Nánari upplýsingar á www.lykill.is.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Búnaður bílanna á myndunum getur verið frábrugðinn þeim sem er innifalinn í auglýstu verði.

ENNEMM / SÍA / NM91752

Athugið að kjörin gilda eingöngu um bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni. Í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl. / 0% lántökugjöld er eingöngu á tilboðsbílum.


bænda FERÐIR

Hólmfríður Bjarnadóttir, eða Hófý eins og við flest þekkjum hana, **verður á skrifstofu Bændaferða 14. - 18. janúar milli kl. 11:00 - 16:00.**

Kíktu við í kaffi og fáðu upplýsingar um ferðir ársins frá einum vinsælasta fararstjóra Bændaferða.

Hófý, fararstjóri Bændaferða
verður á skrifstofunni 14. - 18. janúar

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK


# Umskurðarfrumvarp ekki fyrir þingið

**ALÞINGI** Frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um breytingar á hegningarlögum með það að markmiði að banna umskurð drengja nema læknisfræðileg rök liggi að baki, verður ekki lagt fram á þessu þingi óbreytt.

Frumvarpið var harðlega gagnrýnt af trúarsamtökum gyðinga um alla heimsbyggðina.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en allsherjar- og menntamálanefnd vildi að því yrði vísað frá og það sent forsætisráðuneytinu til skoðunar.


Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Silja Dögg sagði tilgang frumvarpsins þann að verja hagsmuni barna og vildi að málið yrði unnið faglega í ráðuneytinu.

„Ég get sagt að frumvarpið verður ekki lagt fyrir þingið í óbreyttri mynd, það er að segja sem breyting á hegningarlögum,“ segir Silja Dögg „Ég tel það ekki málinu til framgangs. Hins vegar er ég enn áfram um að berjast fyrir mannréttindum barna.“

Þrátt fyrir harða gagnrýni á frumvarpið studdu það um 600 hjúkrunarfræðingar og 400 læknar sögðu að umskurður drengja af trúarlegum ástæðum gengi gegn Genfaryfirlýsingu lækna. **– sa**


STYRKIR VIRK



Virk starfsendurhæfingarsjóður hefur opnað fyrir umsóknir um styrki til verkefna sem auka fjölbreytni og framboð úrræða í starfsendurhæfingu og/eða rannsóknir sem stuðla að uppbyggingu og auki við almenna þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi.

Veittir eru styrkir til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

Athygli er vakin á því að VIRK úthlutar nú styrkjunum einu sinni á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum 15. febrúar.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK að fenginni umsögn frá sérfræðingum. Formleg afhending styrkja fer fram á ársfundi VIRK í apríl n.k.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2019.**

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



Sveitarstjórn Blönduóss með Valdimari O. Hermannssyni sveitarstjóra sem er fjórði frá vinstri. Húsnæðisskortur er nú í sveitarfélaginu. MYND/BLÖNDUÓSBÆR

# Sýrlendingum stefnt norður

**Sveitarstjórn Blönduóss íhugar nú að taka við 25 flóttamönnum frá Sýrlandi. Rætt er um að jafnstór hópur fjölskyldufólks fari á Hvammstanga og að 25 einstaklingar fái samastað á suðvesturhorni landsins.**

**FLÓTTAMENN** „Við erum búin að lýsa yfir vilja til að skoða málið jákvætt en erum með dálítið stóran fyrirvara um húsnæðismál þar sem hér er þröngt um húsnæði eins og er þó að mikið sé í byggingu,“ segir Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduóss.

Velferðarráðuneytið hefur óskað eftir því við sveitarstjórn Blönduósbæjar að sveitarfélagið taki á móti um 25 sýrlenskum flóttamönnum á þessu ári. Sveitarstjórnarfólk þar hefur að undanförnu haft málið til skoðunar.

Nú fyrir helgi sendi Valdimar bæjarstjóri ráðuneytinu erindi þar sem hann óskar nánari upplýsinga um málið, meðal annars um samsetningu hópsins og tímasetningar. „Þannig að við erum kannski svolítið að kaupa okkur tíma til að skoða það til hlítar,“ útskýrir hann.

Að sögn Valdimars er sú hugmynd nú uppi að um 50 Sýrlendingum sem eru fjölskyldufólk verði skipt til helminga á Hvammstanga og á Blönduós sem síðan gæti jafnvel verið í samstarfi við Skagaströnd þar sem eitthvað sé af lausu húsnæði. „Ráðuneytið er að bjóða mjög víðtækan stuðning í eitt ár en eftir það ætti fólkið að vera komið í vinnu eða inn á einhvers konar bótakerfi,“ segir hann.

Blönduós hefur áður tekið á móti flóttafólki. Það var fyrir um tuttugu árum þegar þangað kom fólk sem flúði stríðsátökin á Balkanskaga. „Þeir stoppuðu reyndar ekki lengi. Það hafði ekkert út á staðinn að setja heldur fóru sumir til baka til síns heima þegar stríðinu lauk og aðrir fluttu til Reykjavíkur og hefur sumum vegnað þar mjög vel,“ segir Valdimar.

Bæjarstjórinn kveður meirihluta Blönduósinga jákvæðan gagnvart því að taka á móti nýjum hópi. Það sitji í sumum að mikil vinna hafi verið lögð í að taka á móti flóttafólkinu á sínum tíma en það síðan bara verið farið einn daginn. „Sumir spyrja sig hvort þetta fólk sé komið til að vera eða bara til að bíða af sér einhvern storm,“ segir hann.

Hópur frá velferðarráðuneytinu og Rauða krossinum fór utan og hefur valið þá sem hingað koma í vor. Auk áðurnefndra fimmtíu sem allir tilheyra fjölskyldum segir Valdimar ráðgert að 25 einstaklingar sem komi víðar að verði á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Varðandi möguleika flóttafólksins til atvinnu segir Valdimar Blönduós vera vaxtarsvæði. „Það hefur verið skortur á fólki í þjónustustörf, umönnunarstörf og tæknistörf í kring um gagnaverið,“ segir hann og vísar til gagnvers Borealis Data Center sem hefur verið í byggingu utan við Blönduós frá því í fyrrasumar. „Það vantar líka hér á verkstæðin; vélvirkja og iðnaðarmenn alls konar.“

Vandamálið er hins vegar húsnæðisskortur sem fyrr segir. Sveitarfélagið sé með fimm hæða íbúðablokk í byggingu en hún verði ekki tilbúin fyrr en eftir 12 til 14 mánuði. „Við erum að ýta við byggingaverktökum sem hafa verið uppteknir við gagnaverið. Við vorum með sérstaka afslætti á lóðum og nú snúa þeir sér að því að byggja hús á þeim,“ segir bæjarstjórinn. **gar@frettabladid.is**





Jeppar frá Volkswagen
á lægra verði. Góð ástæða
til að gleðjast.
Touareg
Tiguan
T-Roc
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Vetrar
Verð
Volkswagen jeppar á allt að 12% lægra verði.
Volkswagen er með breiddina í jeppum sem fást allir fjórhjóladrifnir og tilbúnir fyrir veturinn.
Nú lækkum við verðið um allt að 12% á öllum jeppum frá Volkswagen. Einstakt tækifæri til að auka öryggi fjölskyldunnar í umferðinni. Komdu í HEKLU, skoðaðu Volkswagen jeppaúrvalið og náðu þér í einn á lægra verði. Hlökkum til að sjá þig!
Touareg Offroad
3.0 TDI V6 Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
8.550.000 kr.
Verðlistaverð
9.290.000 kr.
Tiguan Allspace Comfortline
2.0 TSI Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
6.390.000 kr.
Verðlistaverð
7.290.000 kr.
T-Roc Style
2.0 TDI Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
4.690.000 kr.
Verðlistaverð
4.890.000 kr.
Skoðaðu úrvalið af jeppum á hekla.is/vwerslun
Volkswagen
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Skutu táragasi á kennara

**GRIKKLAND** Um 2.000 kennarar mótmæltu í miðborg Aþenu í gær, veifuðu rauðum fánum og hrópuðu slagorð gegn frumvarpi menntamálaráðuneytisins sem ráðuneytið tekur nú við umsögnum um. Frumvarpið snýst um breytingar á því hvernig starfsmenn eru ráðnir.

Að því er Reuters greindi frá varpaði gríska lögreglan táragasi á mótmælendur í von um að tvístra skaranum. Flestir mótmælenda eru sagðir viðriðnir kommúnistasamtökin PAME. Þá urðu einnig átök á milli lögreglu og hóps mótmælenda sem reyndi að komast inn í skrifstofuhúsnæði forsætisráðuneytisins.

Stéttarfélög kennara hafa haldið því fram að skólar í landinu séu undirmannaðir. Því kröfðust mótmælendur þess að stöðugildum yrði fjölgað. **– þea**

KVÍÐAMEÐFERÐARSTÖÐIN

Vellíðan í starfi
– bjargráð við kulnun

Ertu úrvinda eftir langvinnt álag? Finnurðu fyrir auknum
• ministruflunum og einbeitingarerfiðleikum
• erfiðleikum með að standast kröfur og álag
• streitu eða óróleika
• skapsveiflum eða pirringi
• svefntruflunum
• þreytu og úthaldsleysi
• líkamlegum óþægindum

21. janúar hefst sex vikna námskeið við Kvíðameðferðarstöðina þar sem farið er yfir hvernig draga megi úr streitu, endurheimta þrek, bæta tímastjórnun, huga að gildum í lífinu og setja skýrari mörk.

Nánari upplýsingar og skráning á www.kms.is.

# Dómurinn staðfestur

## Sjö ára fangelsisdómur yfir Wa Lone og Kyaw Soe Oo staðfestur í áfrýjunardómstól í Mjanmar í gær. Ritstjóri Reuters segir málið óréttlátt og hefur áhyggjur.



Wa Lone eftir dómsuppkvaðningu í september. NORDICPHOTOS/AFP

**MJANMAR** Áfrýjunardómstóll í Mjanmar hafnaði því í gær að snúa við dómi yfir Wa Lone og Kyaw Soe Oo, blaðamönnum Reuters sem voru dæmdir í sjö ára fangelsi fyrir brot á lögum um ríkisleyndarmál. Dómari sagði ekki næg sönnunargögn hafa verið lögð fram sem sýndu fram á sakleysi þeirra.

„Refsingin sem þið hafið nú þegar fengið er hæfileg,“ sagði Aung Naing dómari. Blaðamennirnir geta þó áfrýjað málinu aftur til hæstaréttar í höfuðborginni Naypyitaw.

Félagarnir höfðu verið að vinna að umfjöllun um fjöldamorð í Inn Din í Rakhine-ríki þar sem hermenn og almennir borgarar eru sagðir hafa myrt tíu Róhingja. Fjöldamorðið, sem sjö hafa verið sakfelldir fyrir, var liður í ofsóknum hersins gegn Róhingjum.

Samkvæmt Reuters lögðu lögmenn blaðamannanna áherslu á að lögreglan hafi leitt blaðamennina í gildru og að sönnunargögnin fyrir því að glæpur hafi verið framinn væru lítil. Einnig hefði hinn upprunalegi dómstóll lagt sönnunarbyrðina á verjendur en ekki saksóknara.

Stephen J. Adler, ritstjóri Reuters, sagði í yfirlýsingu í gær að úrskurður áfrýjunardómstólsins væri enn eitt dæmið um það óréttlæti sem Lone og Soe Oo hafa þurft að þola. „Þeir eru enn á bak við lás og slá af einfaldri ástæðu. Valdhafar vildu þagga niður í þeim,“ sagði Adler.

Ritstjórinn bætti því svo við að blaðamennska ætti aldrei að vera glæpur. Fjölmiðlafrelsi í Mjanmar teldist ekki neitt á meðan blaðamennirnir tveir væru í fangelsi og tilvist réttarríkis væri vafaatriði.

Vesturlönd brugðust illa við ákvörðuninni í gær. Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna sagði að hún ylli vonbrigðum og í tilkynningu sagði að Bandaríkin efuðust um tjáningarfrelsið í landinu. „Við munum halda áfram að tala fyrir réttlátri lausn þessara hugrökku blaðamanna.“

Stjórnvöld í Bretlandi kölluðu eftir því að Aung San Suu Kyi, þjóðarleiðtogi Mjanmars og handhafi friðarverðlauna Nóbels, skærist í leikinn og skoðaði hvort blaðamennirnir hefðu fengið sanngjarna og réttláta málsmeðferð.

„Við hvetjum Aung San Suu Kyi til þess að skoða hvort málsmeðferðin hafi verið sanngjörn og að viðurkenna, sem manneskja er barðist fyrir frelsi ríkisins, að henni ætti ekki að standa á sama um framtíð þessara tveggja hugrökku blaðamanna,“ sagði Jeremy Hunt utanríkisráðherra við BBC.

**thorgnyr@frettabladid.is**

ÝLIR
TÓNLISTARSJÓÐUR
HÖRPU FYRIR UNGT FÓLK

Ýlir – Tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur það að markmiði að styðja ungt tónlistarfólk og veita því tækifæri til að koma fram í Hörpu. Sjóðurinn styður við verkefni af ólíkum toga og vill þannig ýta undir fjölbreytt tónlistarlíf í húsinu.

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

FREKARI UPPLÝSINGAR Á YLIR.IS

YLIR.IS

# Semur við hægriflokka



Stefan Löfven.

**SVÍÞJÓÐ** Útlit er nú fyrir að Stefan Löfven, leiðtogi sænska Jafnaðarmannaflokksins, haldi forsætisráðuneytinu. Sænskir miðlar fjölluðu í gær um að Jafnaðarmannaflokkurinn hefði náð samkomulagi við Græningja, Miðflokkinn og Frjálslynda flokkinn um stjórnarmyndun.

Ef samkomulagið flýtur í gegn þýðir það að fjögurra mánaða langri stjórnarkreppu er loks lokið. Sú stjórnarkreppa vegn þess að Svíþjóðardemókratar, öfgaíhaldsflokkur sem enginn vill starfa með, náðu 62 þingsætum.

Miðflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn tilheyra hægri blokkinni og því var Ulf Kristersson, leiðtogi Moderaterna og forsætisráðherraefni hægriblokkarinnar, vonsvikinn með tilkynningu gærdagsins. „Ég harma þessa ákvörðun innilega. Ég hefði frekar viljað sjá ríkisstjórn borgarasinnaðra flokka,“ sagði hann á blaðamannafundi.

Annie Lööf, leiðtogi Miðflokksins, sagði niðurstöðuna ekki þá sem hún hafði óskað sér í upphafi. „En þetta er það besta sem er hægt að gera í þessari erfiðu stöðu.“ **– þea**





Huawei hefur verið undir smásjá Vesturlanda undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

# Pólverjar handtóku starfsmann Huawei

**PÓLLAND** Lögreglan í Póllandi hefur handtekið kínverskan starfsmann tæknirisans Huawei auk Pólverja sem hefur áður unnið fyrir öryggisstofnanir ríkisins. Mennirnir tveir eru grunaðir um njósnir. Þetta hafði Reuters eftir heimildarmönnum í gær. Upplýsingafulltrúi pólskra öryggisstofnana sagði hins vegar að handtakan væri ekki beintengd fyrirtækinu.

Kínverska fyrirtækið sagði í yfirlýsingu að Huawei færi ávallt að lögum og reglum í því landi sem þar starfsemi fer fram. „Við krefjumst þess af öllum starfsmönnum að hlýða lögum og reglum.“

Huawei hefur verið undir smásjá Vesturlanda, einkum Bandaríkjanna, undanfarin misseri. Bandarískar öryggisstofnanir hafa fullyrt að Huawei njósni um notendur til dæmis snjallsíma og netbúnaðar fyrirtækisins fyrir stjórnvöld í Kína.

Meng Wanzhou, fjármálastjóri Huawei og dóttir eiganda fyrirtækisins, var handtekin í Kanada í desember að beiðni Bandaríkjanna, grunuð um brot á viðskiptaþvingunum gegn Norður-Kóreu. **– þea**


SUZUKI
Way of Life!
VIÐ KYNNUM TIL LEIKS
NÝJAN OG BREYTTAN
SUZUKI VITARA!
GLÆSILEGRI, MEÐ NÝJUM KRAFTMIKLUM OG SPARNEYTNUM 1.0L OG 1.4L BOOSTER JET VÉLUM OG ENN MEIRI ÖRYGGISBÚNAÐI
FRUMSÝNUM ENDURBÆTTAN SUZUKI VITARA
12. JAN. KL. 12–16
VITARA
Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður.
Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.
Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
FLUTT MEÐ EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## TÆKNI



Það er nákvæmlega ekkert kjöt á þessu grilli. MYND/IMPOSSIBLE FOODS

# Það allra áhugaverðasta frá CES 2019

**Stærstu neytendatæknisýningu heims lauk í gær. Hún fer fram árlega í Las Vegas. Áframhaldandi snjallvæðing heimilisins, hleðslutækni og sjónvörp voru á meðal þess sem stóð upp úr í ár.**



Svona gæti gangandi bíll Hyundai litið út.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**Sýndarveruleiki í bíla**
Bifreiðarisinn Audi kynnti Holoride til leiks. Það er tækni sem miðar að því að færa sýndarveruleikann í baksæti allra bifreiða. Notkun sýndarveruleikagleraugna á síður að valda bílveiki en skjáir.

**Snjallklósett**
Hið gamalgróna fyrirtæki Kohler sýndi ráðstefnugestum Kohler Numi 2.0. Nýtt snjallklósett. Sumir myndu segja snjallvæðingu komna út fyrir öll velsæmismörk en klósettið er útbúið hreinsunar- og þurrkunarbúnaði sem lagar sig að notandanum, hituðu sæti og meira að segja stafræna aðstoðarmanninum Alexa.

**Snjallkisuklósett**
Ef lesendum þykir það fara yfir strikið að framleiða snjallklósett ættu þeir að hætta að lesa hér. Fyrir hina, þá gæti verið gaman að vita að PurrSong kynnti nýtt snjallkattaklósett er kallast LavvieBot. Það hreinsar kattasandinn sjálft og eyðir lykt, gerir greinarmun á milli katta og tengist veraldarvefnum.

**Mun smærra tölvuhleðslutæki**
Hleðslutæki fyrir fartölvur eru oftast nær stór og klunnaleg og það getur verið leiðinlegt að pakka þeim niður í fartölvutöskuna. Anker sýndi PowerPort Atom PD 1. Það er nýtt USB-C fartölvuhleðslutæki, sem virkar með fjölmörgum fartölvum eins og til dæmis nýju MacBook Air-tölvunum, og er álíka stórt og snjallsímahleðslutæki.

**Þráðlaust hleðsluhulstur**
Eigendur iPhone-síma sem ekki fengu AirPods eða önnur þráðlaus heyrnartól í jólagjöf þurfa enn að pirra sig á því að geta ekki bæði hlaðið símann og hlustað á tónlist á sama tíma. Þessu ætlar Mophie að breyta og kynnti hleðsluhulstur fyrir iPhone X, XS Max, XS og XR sem hleður símann með þráðlausri hleðslutækni.

**Upprúllað sjónvarp**
Tæknirisinn LG sýndi glæsilegt OLED-sjónvarp sem ætti að kæta þau sem aðhyllast mínímalískan lífsstíl. Auk mikilla myndgæða er hægt að rúlla skjá LG OLED TV R sjónvarpsins saman í snyrtilegan, svartan kassa þegar notkun er hætt. Þannig er eiginlega hægt að fela sjónvarpið.

**Ekki kjöt**
Það var ýmislegt fleira til sýnis en snjalltæki, gler og málmur. Impossible Foods kynnti Impossible Burger 2.0 á CES sem er uppfærð útgáfa af vegan-hamborgaranum Impossible Burger. Borgarinn virðist hafa platað marga ráðstefnugesti og þykir bæði afar bragðgóður og nauðalíkur hefðbundnu, umhverfisspillandi nautakjöti. „Þrátt fyrir að vera gerður úr plöntupróteinum lítur hann út, bragðast, eldast og er með sömu áferð og nautakjötsborgari. Kolefnisfótsporið er hins vegar mun minna,“ sagði blaðamaður Engadget.

**Myndavélasleðar**
Snjallsímaframleiðendur keppast við að ná sem mestum hluta framhliðarinnar undir skjá. Á síðustu misserum hafa framleiðendur komið framhliðarmyndavélum og skynjurum fyrir í hökum (e. notches) á skjánum en nýlega hafa kínverskir framleiðendur sett eins konar sleða á síma sína. Þá getur nær öll framhliðin farið undir skjá og myndavélinni er svo bara rennt upp þegar þörf er á. Honor kynnti einn slíkan á CES, Magic 2.

**MicroLED í stað OLED**
Samsung, leiðandi afl í skjátækni, kynnti risavaxið 75 tommu sjónvarp sem styðst ekki við hina vinsælu OLED-tækni heldur MicroLED. Samkvæmt The Verge er útlit fyrir að MicroLED sé framtíðin. Það bjóði upp á jafngóð eða betri myndgæði en OLED og sé ekki hrjáð sömu göllum. Þá kynnti Samsung einnig einingasjónvarp, sem hægt er að stækka eða minnka, með sömu skjátækni.

**Þýðingarmaskína Google**
Google kynnti nýja viðbót við stafræna aðstoðarmanninn Google Assistant. Með hjálp Google Translate getur aðstoðarmaðurinn nú þýtt samtöl á mismunandi tungumálum í rauntíma. Þýðingin er hins vegar ekki fullkomin en eins og margir ættu að þekkja tekur Google Translate þó stöðugum framförum.

**» Snjallkisuklósettið frá PurrSoft hreinsar sig sjálft, gerir greinarmun á milli katta og er tengt veraldarvefnum.**

**Gönguþjarkur**
Samsung sýndi prufuútgáfur af vörum úr nýrri línu sem kallast GEMS og er hönnuð til þess að aðstoða fólk við að ganga. GEMS-H er flaggskipið í línunni og er eiginlegur gönguþjarkur sem á að auðvelda fólki að ganga um 23 prósent.

**Aðstoðarvélmenni**
Samsung, sem kemur merkilega oft fyrir á þessari einu síðu, sýndi einnig aðstoðarvélmennið Bot Care. Það er hvítt og krúttlegt og getur fylgst með svefni, mælt púls og jafnvel hringt í neyðarlínuna eða fjölskylduna þegar það skynjar að þú hafir dottið svo fátt eitt sé nefnt.



**Bot Care.**

**Gangandi bíll**
Hyundai reynir að finna upp hjólið á nýjan leik, eða kannski bara alls ekki, og kynnti hugmynd að nýjum bíl er kallast Elevate. Bíllinn er hugsaður fyrir erfitt færi og er með risavaxnar lappir líkt og padda auk hefðbundinna dekkja.

**Sjálfhlaðandi úr**
Mörg nenna ekki að fá sér snjallúr því þau vilja ekki þurfa að hlaða enn eina græjuna. Heilsusnjallúrið Matrix Powerwatch 2 er hugsað sem svar við því ákalli og fullyrða framleiðendur að það gangi fyrir sólarorku og hita.



**Hér sést OLED-sjónvarpið frá LG á leið úr kassanum.** NORDICPHOTOS/GETTY

Umhverfisráðstefna GALLUP
18. janúar 2019, 09.00-11.15, Harpa, Norðurljós
Dagskrá
Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Kynning á niðurstöðum Umhverfiskönnunar Gallup 2018
Ólafur Elínarson, sviðsstjóri markaðsrannsókna hjá Gallup á Íslandi
Hvernig sjáum við framtíðina?
Örerindi frá samstarfsaðilum og Höllu Hrund Logadóttur frá Arctic Initiative
Ráðstefnustjóri: Arna Frímannsdóttir, sérfræðingur á greiningarsviði Gallup á Íslandi
ORKUSTOFNUN
Arion banki
ICELANDAIR
MJÓLKURSAMSALAN
ON
VÍNBÚÐIN
Landsvirkjun
UMHVERFISSTOFNUN
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Reykjavíkurborg
Nánari upplýsingar og skráning á gallup.is/vidburdir/umhverfisradstefna







## DAGSKRÁ FRAMUNDAN:

- FEBRÚAR 2.-3. FERMINGARSÝNING
- FEBRÚAR 8.-9. SMÁHUNDAKYNNING
- FEBRÚAR 8.-9. SÁNINGARHELGI
- MARS 16.-17. STÓRHUNDAKYNNING

OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




## ÖLL SMÁVARA*

# 20-60%

AFSLÁTTUR

* gildir ekki af littalavörum

**Vinsælu útsöluborðin „ALLT Á 1.000, 2.000 & 3.000 KRÓNUR“ á sínum stað**



## JOHN

Hægindastóll. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**35%** AFSLÁTTUR

**19.494 kr.** ~~29.990 kr.~~

## BRISTOL

Hægindastóll. Grátt eða blátt sléttflauel og svart leður.



**25%** AFSLÁTTUR

Sléttflauel

**52.493 kr.** ~~69.990 kr.~~

Svart leður

**82.493 kr.** ~~109.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## VENICE

2ja eða 3ja sæta sófi. Grátt eða blátt sléttflauel.

2ja sæta: 216 x 85 x 77 x cm

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~

3ja sæta: 216 x 85 x 77 x cm

**127.992 kr.** ~~159.990 kr.~~



## MAX

U-sófi. Rocco grátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 286 × 200 × 87 cm

**127.992 kr.** ~~159.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



## KAMMA

3ja sæta sófi með háu baki. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 91 x 105 cm

**111.992 kr.** ~~139.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



## ANDROS

3ja sæta sófi. Grátt eða blátt sléttflauel.
Stærð: 216 x 85 x 77 x cm

**134.993kr.** ~~179.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*

## ALEXANDRIA

Vandaðir 2ja og 3ja sæta sófar frá LA-Z-BOY. Dökkblátt, rautt eða ljóst sléttflauel.





2ja sæta sófi: 159 x 86 x 86 cm

**194.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 220 x 86 x 86 cm

**209.993 kr.** ~~279.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

**Reykjavík** Bildshöfði 20 | **10 – 18** virka daga | **11 – 17** laugardaga | **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 | **10 – 18** virka daga | **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast.*

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

# RISA ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur



**MAY-FLOWER**
Borðstofustóll.
Svört eik.

70% AFSLÁTTUR

5.997 kr. ~~19.990 kr.~~



**ACURA**
Borðstofu-stóll.
Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur.

60% AFSLÁTTUR

14.396 kr. ~~35.990 kr.~~



**ALEXA**
Vandaður borðstofustóll.
Svart eða hvítt ekta leður.
Fætur úr burstuðu stáli.

20% AFSLÁTTUR

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~



**ANDREW**
Borðstofustóll.
Hvítt, brúnt, grátt eða svart bonded leður.

25% AFSLÁTTUR

12.743 kr. ~~16.990 kr.~~

**PASO DOBLE**
U-sófi frá Furninova.
Hægri eða vinstri tunga.
Corrie Night gráspengt áklæði.
Stærð: 375 × 156/258 × 80 cm



40% AFSLÁTTUR

299.994 kr. ~~499.990 kr.~~

furninova



30% AFSLÁTTUR

**PARKER**
Grátt eða brúnt áklæði. Einnig fáanlegur í leðri. Stærð: 84 x 95 x 103 cm.

69.993 kr. ~~99.900 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

**ETHAN**
Svart AV-leður. Margir litir og gerðir af Ethan fáanlegar. St: 81 × 103 × 109 cm

127.493 kr. ~~169.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

CONFORM

**TURTLE**
Hægindastóll frá Conform með skemli.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.

237.986 kr. ~~339.980 kr.~~



VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Endalaust raus



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Samfélagsumræðan væri frjórri ef sum nettröllin og einstaka stjórnmálamenn temdu sér meiri auðmýkt og segðu oftar: Ég bara veit það ekki. Fólk sem dag hvern tjáir einarða afstöðu og þykist hafa allt á hreinu, er sjaldan trúverðugt. Enda fellur það æ ofan í æ á prófinu ef rýnt er í málflutninginn.

Karl Th. Birgisson, blaðamaður og rithöfundur, fjallaði nýlega um einstaklinga sem fylla þennan flokk. Hann segir á Facebook:

„Kominn heim að loknum löngum degi og skrolla yfir facebook. Að vanda skammta Gunnar Smári og Hannes Hólmsteinn okkur hæfilegt skrum og staðreyndavillur, annar æstari en hinn, sem hefur áratugalanga þjálfun í orðskrúði á kostnað skattgreiðenda. Svartsýni púkinn á hægri öxlinni segir: „Svaraðu þeim með meitlaðri grein.“ Jákvæði púkinn á vinstri öxlinni segir: „Þetta líður hjá. Eins og Trump. Og flensan.“ – Reynslan segir að hyggilegast sé að sofa á þessu, en Smári og Hannes eru samt eins og fjölónæmar bakteríur. Þeir hætta aldrei að valda okkur óumbeðinni vitsmunalegri kvefpest.“

Oft tekst afkastamiklum oflátungum að eigna sér prýðisgóðan málstað, gerast sjálfskipuð brjóstvörn hans og vinna honum tjón frekar en gagn. Stundum eina hugsjón í dag og aðra á morgun.

Ekki ber að lasta fólk fyrir að skipta um skoðun. En þá þarf að kannast við fyrri skoðanir. Ekki síst þegar sjálfsagðar gjörðir fyrra lífs verða ljótar misgjörðir eftir skoðanaskiptin. Furðu sætir að fjöldahreyfingar, sem lúta reglum lýðræðis og kjósa sér forystu, hirða lítið um að hrista af sér slíka talsmenn.

Einstaklingar eru misvel í stakk búnir til að messa yfir fólki. Fortíðin skiptir máli. Ef marga snögga bletti er að finna á viðkomandi miðað við það sem hann boðar getur verið betra, málstaðarins vegna, að hafa hægt um sig. Frjálshyggjumaður sem gerir út á kerfið í skjóli ráðamanna, sem útdeila skattfé, er skotmark. Með líku lagi liggur stóryrtur sósíalistaforingi, sem altalað er að hafi stundum snuðað starfsfólk sitt í fyrra lífi – lífi atvinnurekandans, vel við höggi.

> **Með líku lagi liggur stóryrtur sósíalistaforingi, sem altalað er að hafi stundum snuðað starfsfólk sitt í fyrra lífi – lífi atvinnurekandans, vel við höggi.**

Þeir eru á báti með þingmanninum sem ekur hring eftir hring á okkar kostnað án þess að takast að sannfæra nokkurn mann um lögmætt erindi biltúrsins. Hann varð sjálfkrafa skotspónn sem drepur heilbrigðri stjórnmálaumræðu á dreif. Sexmenningarnir á barnum Klaustri eru sama marki brenndir.

Þetta snýst um réttmætar tilfinningar fólks. Í nálægum löndum er virðing borin fyrir slíku. Fólk í trúnaðarstörfum dregur sig í hlé þegar það verður of umdeilt fyrir annað en málefnin sem tekist er á um. Sé starfsfriði ógnað af þeirra völdum finnur það á eigin skinni að það þjóni málstaðnum best að hverfa á braut í von um að endalaust rausið fjari út. Þau skynja að þau sjálf eru tilefnið. Með slíku raunsæi má endurvinna traust.

Regla hópíþróttanna – enginn einstaklingur er stærri en liðið – er góð viðmiðun. Svo má leitast við að gera hreint fyrir sínum dyrum og stíga inn á völlinn á ný.




Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Að lifa og lifa af

Um síðustu helgi birtist aðsend grein í Morgunblaðinu eftir Hall Hallsson fjölmiðlamann sem valdið hefur fjaðrafoki. Í greininni fjallar Hallur um meint samsæri George Soros og annarra „glóbalista“ gegn vestrænni siðmenningu. „Til þess að breyta lýðsamsetningu hafa milljónir ólöglegra karla streymt til Vesturlanda í nafni opinna landamæra,“ segir Hallur.

Sama dag og grein Halls birtist í Morgunblaðinu var frumfluttur heimildarþáttur á útvarpsstöð BBC þar sem meðal annars var fjallað um það sem kalla má eitt fyrsta framlag okkar Íslendinga til hins þokukennda samfélagsmeins sem Hallur kallar glóbalisma.

Í þættinum, „History hour“, eða Sögustund, var rifjað upp atvik sem sagt var hafa „snúið á haus hvaða augum við lítum færni mannsins til ferðalaga og ævintýramennsku“. Árið 1926 ákvað ungur Norðmaður, Helge Ingstad að nafni, að selja lögfræðiskrifstofuna sína, leggjast í ferðalög og skrifa bækur um það sem bar fyrir augu. Einn daginn fékk Helge aðdáendabréf frá lesanda. Lesandinn hét Anne Stine Moe og þau Helge gerðust fyrst pennavinir og svo par. Anne Stine var fornleifafræðingur og þegar þau Helge giftu sig árið 1941 urðu þau ekki aðeins hjón heldur líka samstarfsfélagar.

Helge hafði lengi haft áhuga á Íslendingasögunum. Eiríks saga rauða var í sérstöku uppáhaldi, einkum frásögnin af Leifi, syni Eiríks, sem fann land vestan við Grænland sem hann kallaði Vínland. Marga dreymdi um að það sem stóð í Eiríks sögu rauða væri satt, að norrænir menn hefðu fundið Ameríku á undan Kristófer Kólumbusi. En enginn gat sýnt fram á það. Helge ákvað að kanna málið.

Árið 1960 héldu Helge og Anne Stine til L'Anse aux Meadows, sjávarþorps á norðurodda Nýfundnalands. Þar hittu þau fyrir sjálfskipaðan forystumann þorpsbúa, George Decker, sem vísaði þeim á grasi vaxnar rústir. Anne Stine sagði tóftirnar norrænar í útliti. Næstu átta ár gróf Anne Stine upp fornminjarnar með dyggri aðstoð þorpsbúa. Minjarnar staðfestu loks frásagnir um að norrænir menn fundu og fluttu til Ameríku í kringum árið 1000.

Í útvarpsþættinum var rætt við sérfræðing sem starfar á fornminjasvæðinu í L'Anse aux Meadows, Lorette Decker sem einnig er barnabarn George Decker, þess sama og kom Ingstad-hjónunum á sporið. Um ferðalög norrænna manna til Ameríku sagði Loretta: „Það skiptir ekki máli frá hvaða landi fólk kemur, saga mannsins snýst alltaf um sama hlutinn; að lifa, lifa af og sjá fjölskyldu sinni farborða.“

### Lokaðir pappakassar

Fólksflutningar og ferðalög með tilheyrandi útbreiðslu hugmynda, þekkingar, tækni og menningar eiga sér árþúsunda sögu. Eins og fornleifauppgröfturinn í L'Anse aux Meadows sýnir hófst streymi fólks milli heimsálfa töluvert áður en George Soros fæddist.

Hallur Hallsson virðist aðhyllast þá söguskýringu að fyrri kynslóðir hafi alið aldur sinn í veröld sem byggð var úr kirfilega lokuðum pappakössum þar sem hver hópur dvaldi prúður í því boxi sem örlögin höfðu náðarsamlegast úthlutað honum; enginn fór út, enginn kom inn, enginn kom neins staðar frá og enginn fór fet, allt var í röð og reglu uns George Soros kom til sögunnar og fólk, hugmyndir, fjármagn og ókunnugir menningarheimar tóku að troða sér ofan í pappakassann hans Halls.

En veröldin hefur aldrei verið samansafn lokaðra pappakassa. Sumir segja að íslenska lopapeysan eigi rætur að rekja til Grænlands, aðrir til Svíþjóðar. Einu sinni voru Íslendingar heiðnir. Íslensk tunga á rætur sínar að rekja til frumgermönsku, sömu móðurtungu og danska, enska, þýska og önnur germönsk mál. Fimmtán þúsund vesturfarar fluttu frá Íslandi til Ameríku á síðari hluta 19. aldar, eða 20 prósent þjóðarinnar.

Öll erum við einhvers staðar frá – líka Hallur Hallsson – og enginn veit hvert leið okkar liggur á morgun. Það er ekkert samsæri; það er bara fólk „að lifa, lifa af og sjá fjölskyldu sinni farborða“.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

GERÐEN HANDBALL'19
26th IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP

## 27 ÍSLAND - KRÓATÍA 31

### Maður leiksins



Aron Pálmarsson var virkilega góður í þessum leik. Hann var markahæsti leikmaður íslenska liðsins með sjö mörk og skapaði einnig níu færi fyrir samherja sína og átti sjö stoðsendingar.

### Hættulegustu mennirnir

Mörk + stoðsendingar

| | |
|---|---|
| Aron Pálmarsson | 7+7 |
| Elvar Örn Jónsson | 5+3 |
| Arnór Þór Gunnarsson | 5+0 |
| Bjarki Már Elísson | 4+0 |
| Ómar Ingi Magnússon | 3+0 |
| Arnar Freyr Arnarsson | 2+0 |

**14**

Aron Pálmarsson kom að 14 mörkum íslenska liðsins í leiknum.

**0** Arnór Þór Gunnarsson brenndi ekki af neinu skoti sínu.

**5** Björgvin Páll og Ágúst Elí vörðu fimm skot hvor í þessum leik.

### Mörk úr leikstöðum




Hraðaupphlaup 4

Vítaköst 2



Elvar Örn Jónsson átti afar góðan leik þegar íslenska liðið mætti Króatíu. Hann skoraði fimm marka Íslands og gaf þrjár stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Króatar sterkari á ögurstundu

**Frammistaða íslenska karlalandsliðsins í handbolta í fyrsta leik sínum á heimsmeistaramótinu lofaði góðu. Íslenska liðið lék heilt yfir vel í leikum, það voru smáatriði sem réðu því að Króatar höfðu að lokum betur.**

**HANDBOLTI** Ísland laut í lægra haldi með fjórum mörkum þegar liðið mætti Króatíu í fyrstu umferð í B-riðli heimsmeistaramótsins í handbolta karla í gær. Frammistaða íslenska liðsins í leiknum var heilt yfir mjög góð, en tveir slæmir kaflar í lok beggja hálfleikjanna gerðu það að verkum að Króatar fóru með sigur af hólmi í leiknum.

Sóknarleikur íslenska liðsins var vel skipulagður og einkar vel útfærður lungann úr leiknum. Þar fór Aron Pálmarsson gjörsamlega á kostnum, en hann skoraði sjö mörk í leiknum og átti þar að auki sjö stoðsendingar á samherja sína. Aron gaf tóninn með fyrstu tveimur mörkum leiksins og átti sinn besta landsleik í langan tíma.

Það var svo ekki að sjá að Elvar Örn Jónsson væri að spila á sínu fyrsta stórmóti, en hann var næstmarkahæstur í íslenska liðinu með fimm mörk. Elvar Örn var bæði áræðinn og öruggur í sínum aðgerðum og gaman að sjá hversu langt hann er kominn í þróun sinni sem handboltamaður.

Ísland hafði forystu, 26-25, þegar tæpar tíu mínútur voru eftir af leiknum, en lokakafli leiksins fór 7-1 Króatíu í vil og því fór sem fór. Króatíska liðið skoraði sömuleiðis fimm síðustu mörk fyrri hálfleiksins og því voru það lokakaflar hálfleikjanna sem urðu íslenska liðinu að falli líkt og áður sagði.

> Mér fannst þessi leikur gefa jávkæð fyrirheit fyrir framhaldið, en næsti leikur gegn Spáni verður hins vegar gríðarlega erfiður þar sem Spánverjar eru með sterkara lið en Króatía að mínu mati.
>
> Stefán Árnason

Stefán Árnason, álitsgjafi Fréttablaðsins, var virkilega ánægður með spilamennsku íslenska liðsins í leiknum, en telur að slæmur varnarleikur og tapaðir boltar þegar mest á reyndi hafi reynst liðinu dýrkeyptir.

„Mér finnst fyrst og fremst unun að sjá hversu vel undirbúið íslenska liðið mætti til leiks. Það var auðsjáanlegt að Guðmundur Þórður Guðmundsson hafði kortlagt Króatana gríðarlega vel og sömuleiðis sett sóknarleikinn vel upp. Það var líka frábært að sjá hversu vel Aron Pálmarsson spilaði í leiknum og það er langt síðan maður sá hann í þessum ham með landsliðinu. Það er greinilegt að Guðmundur er að ná því besta fram í Aroni,“ sagði Stefán um leikinn í gær.

„Það gladdi mig svo mikið að sjá hversu vel Elvar Örn kom inn í leikinn. Hann var skynsamur í sínum aðgerðum, aðgangsharður og kláraði færin sín vel. Ég vissi vel hvað býr í honum þar sem hann hefur sýnt það áður bæði með yngri landsliðunum og Selfossi. Það var hins vegar ánægjulegt að sjá að hann gæti verulega látið til sín taka á stærsta sviðinu,“ sagði hann enn fremur.

„Ómar Ingi Magnússon átti svo góða spretti í leiknum og skoraði mörk á mikilvægum augnablikum í leiknum. Ágúst Elí Björgvinsson kom með góða innkomu í markið í seinni hálfleiknum. Markvarslan heilt yfir í leiknum var hins vegar ekki nógu góð. Það verður hins vegar að taka það fram þeim til varnar að mér fannst við ekki ná okkur nægilega vel á strik í varnarleiknum nema á stuttum köflum í hvorum hálfleik. Það var svo sem vitað að það yrði erfitt að ráða við leikmenn eins og Luka Stepancic, Luka Cindric og Domagoj Duvnjak. Við vorum ekki nógu sterkir maður á móti manni á móti þeim sem er reyndar mjög eðlilegt þar sem þetta eru leikmenn í hæsta gæðaflokki,“ sagði Stefán.

„Mér fannst þessi leikur hins vegar gefa jákvæð fyrirheit fyrir framhaldið, en næsti leikur sem er gegn Spáni verður hins vegar gríðarlega erfiður þar sem Spánverjar eru með sterkara lið en Króatía að mínu mati. Þessi leikur sýndi hins vegar hversu langt okkar lið er komið og það er ekkert langt í bestu lið heims,“ sagði hann um framhaldið hjá íslenska liðinu.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## HM í handbolta

**B-riðill**

| | |
|---|---|
| **Ísland - Króatía** | **27-31** |

**Mörk Íslands (Skot):** Aron Pálmarsson 7 (10), Elvar Örn Jónsson 5 (11), Arnór Þór Gunnarsson 5 (5) þar af 2 úr vítum, Bjarki Már Elísson 4 (6), Ómar Ingi Magnússon 3 (5), Arnar Freyr Arnarsson 2 (4), Ólafur Guðmundsson 1 (2).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 5/1 (27/4, 18,5%), Ágúst Elí Björgvinsson 5 (14, 35,7%).

**Mörk Króatíu:** Luka Stepancic 8, Luka Cindric 6, Zlatko Horvat 5, Domagoj Duvnjak 4, Igor Karacic 2, Marin Zipic 2, Zeljko Musa 2, David Mandic 1, Manuel Strlek 1.

| | |
|---|---|
| **Makedónía - Japan** | **38-29** |
| **Spánn - Barein** | **33-23** |

**Stig þjóða:** Makedónía 2, Króatía 2, Spánn 2, Barein 0, Ísland 0, Japan 0.

**A-riðill**

| | |
|---|---|
| **Serbía - Rússland** | **30-30** |
| **Frakkland - Brasilía** | **24-22** |

**Stig þjóða:** Þýskaland 2, Frakkland 2, Rússland 1, Serbía 1, Brasilía 0, Kórea 0.

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| **Austurríki - Sádi-Arabía** | **29-22** |
| **Noregur - Túnis** | **34-24** |

**Stig þjóða:** Danmörk 2, Noregur 2, Austurríki 2, Sádi-Arabía 0, Túnis 0, Síle 0.

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| **Angóla - Katar** | **24-23** |
| **Argentína - Ungverjaland** | **25-25** |
| **Svíþjóð - Egyptaland** | **27-24** |

**Stig þjóða:** Svíþjóð 2, Angóla 2, Argentína 1, Ungverjaland 1 Katar 0 og Egyptaland 0.

## Misjafnt gengi hjá íslensku þjálfurunum



Austurríki sem leikur undir stjórn Patreks Jóhannessonar vann sannfærandi sjö marka sigur þegar liðið mætti Sádi-Arabíu í C-riðli mótsins. Austurríki mætir síðan Síle í annarri umferð C-riðilsins á morgun. Kristján Andrésson heldur svo um stjórnartaumana hjá sænska liðinu, en Svíþjóð vann nauman þriggja marka sigur á Egyptalandi í leik liðanna í gær. Svíar og Egyptar leika í D-riðli mótsins, en ekki er leikið í þeim riðli á morgun. Svíþjóð mætir svo Argentínu á sunnudaginn kemur.

Lærisveinar Dags Sigurðssonar töpuðu með níu marka mun fyrir Makedóníu og Barein sem Aron Kristjánsson stýrir laut síðan í lægra haldi fyrir Spáni með tíu marka mun. Japan og Barein eru í B-riðli mótsins líkt og Ísland. **– hó**

## HM dagskráin í dag

| | | |
|---|---|---|
| 14.30 | Rússland - Kórea | A-riðill |
| 17.15 | Þýskaland - Brasilía | A-riðill |
| 19.30 | Frakkland - Serbía | A-riðill |
| 14.30 | Austurríki - Síle | C-riðill |
| 17.15 | Noregur - Sádi-Arabía | C-riðill |
| 19.30 | Danmörk - Túnis | C-riðill |

# Hyundai lækkar verð

## Verðlækkun + vetrarpakki




## Glæsilegur vetrarpakki fylgir í janúar!

Við lækkum verð á flestum gerðum Hyundai um 100.000-300.000 kr. og að auki bjóðum við þeim sem festa kaup á nýjum Hyundai í janúar veglegan vetrarpakka að verðmæti allt að 550.000 kr. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum Hyundai, með 5 ára ábyrgð á frábæru verði.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**HYUNDAI**

5 ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

# Kia er flutt á




Brandenburg | SÍA

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

## Komdu í heimsókn í dag

Kia á Íslandi hefur flutt alla starfsemi sína í ný og glæsileg húsakynni á Krókhálsi 13. Af því tilefni höldum við **opnunarhátíð í dag kl. 10–16** og bjóðum þér í heimsókn.

Í nýja Kia húsinu er að finna glæsilegan sýningarsal fyrir nýja bíla. Þá er nýtt bílaverkstæði enn stærra og búið öllum nýjasta og fullkomnasta búnaði sem völ er á. Bílaþrif, hjólbarðaþjónusta, hjólbarðahótel, hraðþjónusta, glerhúðunarmeðferð fyrir lakk og framrúðuskipti eru meðal spennandi nýjunga í þjónustu Kia.

Í tilefni opnunarinnar verður boðið upp á freistandi tilboð á nýjum og notuðum Kia bílum ásamt ljúffengum veitingum. Hlökkum til að sjá þig.

### Kia í stöðugri sókn

Gæði, fjölbreytt úrval, sanngjarnt verð og hin einstaka 7 ára ábyrgð hafa komið Kia þangað sem góðir bílar eiga heima — til fjölda ánægðra viðskiptavina um land allt. Þá hefur Kia verið annað mest selda bílamerkið á Íslandi 3 ár í röð.

**ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

kia.com

# Krókháls 13









Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

KIA

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN



### Rifja upp alvöru baráttu

Kjarabaráttan er og verður fyrirferðarmikil í janúar og á komandi ári. Til að setja sig í gírinn má því rifja upp kjörin við Axlarfjörð og þroskasögu Sölku Völku, Arnalds, Sigurlínu og Steinþórs.



### Áfram Ísland!

Stórmót í handbolta er árlegur viðburður. Ísland lék sinn fyrsta leik í gær gegn Króatíu og Spánverjum á morgun. RÚV hefur sýningarréttinn að mótinu og ætlar að vera með HM-stofu bæði fyrir og eftir leik. Það þarf ekkert mikið meira í janúar.

### Sumarfrí í janúar



Helgin byrjaði á að ég horfði á strákana mína í Körfuboltakvöldi þar sem ég er í sumarfríi. Restin fer í að huga að nýfæddri dóttur og unnustu heima í slökun.

**Garðar Örn Arnarsson, framleiðandi á Stöð 2 Sport**

### Lotta og stuð í Tjarnarbíói

Leikhópurinn Lotta sýnir Rauðhettu í Tjarnarbíói um helgina. Bæði klukkan 13 og 15. Leikhópurinn verður í Tjarnarbíói út janúar áður en hann fer út á land til að sýna á yfir 20 stöðum.



## Lausn á myndagátu Fréttablaðsins

Hamborgarhryggur er enn vinsælastur á jólaborði landans þó grænkerum fjölgi skart – borðin svigna undan góðum mat – en það er ekki svo hjá öllum hér.






Nafn Arnheiðar Eyþórsdóttur var dregið úr réttum lausnum jólamyndagátunnar og fær hún í vinning gjafakort í Bónus að upphæð 20.000 krónur.

# Orðinn hundrað ára og gefur út bók

**Kristmundur Bjarnason** á Sjávarborg varð hundrað ára 10. janúar síðastliðinn og gefur út bernskuminningar sínar, Í barnsminni. Hjalti Pálsson og Sölvi Sveinsson segja frá bókinni og sögur af Kristmundi.

Kristmundur Bjarnason á Sjávarborg varð hundrað ára þann 10. janúar síðastliðinn. Af því tilefni gefur Sögufélag Skagfirðinga út bernskuminningar hans, Í barnsminni.

Útgáfuhátíð verður haldin í Safnahúsinu á Sauðárkróki í dag kl. 16. Kristmundur dvelur á Dvalarheimilinu á Sauðárkróki og verður ekki viðstaddur útgáfuhófið.

Í bókinni dregur Kristmundur upp lifandi myndir af uppvexti sínum. Sr. Tryggvi H. Kvaran, prestur á Mælifelli, og Anna Gr. Kvaran tóku hann barnungan í fóstur og ólu upp með dætrum sínum tveimur, Hjördísi og Jónínu.

Kristmundur skrifar um togstreituna sem ríkti í samskiptum hans við foreldra sína og rifjar upp uppátæki og örlagasögur. Frásögnin varpar ljósi á uppvöxt ungmenna á þessum tíma og um hundrað myndir prýða bókina. Það er óvanalegt að hægt sé að myndskreyta bók um þennan tíma svo vel. Margar ljósmyndanna voru teknar af S.L. Tuxen, dönskum vísindamanni sem dvaldist á Mælifelli í nokkrum rannsóknarferðum en hann og Kristmundur urðu vinir.




Kristmundur tekur við fyrsta eintakinu af nýju bókinni sinni. Með á myndinni er Hjalti Pálsson.

Sölvi Sveinsson segir Kristmund skrifa af hlýju í garð þeirra sem ólu hann upp og ljósmyndirnar sýni sveitarbraginn. „Margar ljósmyndanna í bókinni tók Tuxen af því sem honum þótti sérstakt. Af þessum gömlu bæjum, af fólkinu og vinnubrögðum þess. Kristmundur átti þessar myndir og segir í lok bókarinnar frá kynnum sínum af Tuxen,“ segir Sölvi.

„Kristmundur veiktist illilega þegar hann var ungur og missti verulega mikla heyrn. Það háði honum alla tíð. En hann er margslungin manneskja sem sagði alltaf það sem honum bjó í brjósti,“ segir Hjalti Pálsson sem kynntist honum þegar hann var ungur sagnfræðinemi. „Á lokaári mínu í sagnfræði þá kom ég á safnið til að tala við hann. Það barst í tal að ég vissi ekki hvað ég ætlaði að taka til lokaprófs. Kristmundur var með efni í handraðanum sem hann sagðist ekki hafa tíma til að sinna og lét mig hafa það. Lét mig líka fá allar heimildir sem voru til um efnið á safninu. Prófessorinn minn þurfti ekki að hafa fyrir því að sinna mér neitt, slapp mjög vel við það. Þessi kynni okkar urðu til þess að honum fannst ég geta dugað til að verða bókavörður á safninu. Hann taldi sig bera ábyrgð á mér og lagði stranglega fyrir mig að ef ég væri að skrifa eitthvað þá ætti ég að sýna sér það. Hann tók mig á hné sér í óeiginlegri merkingu, benti mér á alls konar orðaklúður og setningaskipun. En það varð mér til gagns og það var hlýja undir skrápnum,“ segir Hjalti.

Sölvi tekur undir með Hjalta. „Kristmundur hrósaði ef honum fannst vel gert en var ómyrkur í máli ef svo var ekki. Ég get tekið undir það sem Hjalti segir, það má segja að hann hafi flengt mann. Maður fékk stílana alla rauða til baka og svo þegar maður fór að bera sig aumlega þá fann hann það til sem þó var vel gert. En þetta var hollt þeim sem ætlaði sér að gefa eitthvað út á prenti.

Það eru til margar sögur af honum. Hann var trúnaðarmaður landsprófsnefndar í áratug og leysti kennara af í yfirsetu í landsprófi. Þegar Kristmundur leysti af þá fórum við að hvíslast á því hann heyrði ekkert. Hvað heitir Japanskeisari? spurði ég félaga minn, hann Snorra Björn, sem sat fyrir aftan mig og svaraði stundarhátt: Hirohito! Allir nemendur í landsprófi heyrðu þetta einnig og því voru nemendur á Sauðárkróki óvenju fróðir um Japanskeisara það árið,“ segir Sölvi frá.

kristjanabjorg@frettabladid.is










# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR



Ríkharður III í leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur er langbesta sýning síðustu mánaða að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

# Drífandi kraftur í bland við doða

**Sigríður Jónsdóttir** gerir upp fyrri hluta leikársins 2018–2019.



Ronja ræningjadóttir er frábær sýning enda sýnd við miklar vinsældir.




Valur Freyr Einarsson í hlutverki sínu í Allt sem er frábært.

Nú er árinu 2018 lokið og hið nýja 2019 tekið við, vonandi með bjartari dögum fram undan. Áramótin marka líka miðpunkt leikársins sem gott er að nýta til að fara yfir liðna leikhúsmánuði, skoða hvað var frambærilegt á sviðum landsins, hverjir báru af og hvað mætti fara betur.

Eins og alltaf byrjaði leikárið úti á landi með hinni einstöku einleikjahátíð Act Alone á Suðureyri, áhorfendur eru hvattir til að gera sér ferð og upplifa ekki bara ókeypis leikhús heldur heilt sviðslistasamfélag.

Leikár höfuðborgarsvæðisins byrjaði af krafti með tveimur gjörólíkum sýningum í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu; annars vegar einleiknum Allt sem er frábært í leikstjórn Ólafs Egils Egilssonar og hins vegar stórsýningunni Ronju ræningjadóttur í leikstjórn Selmu Björnsdóttur, en orkan dalaði fljótlega því síðan þá hefur hálfgerð lægð legið yfir leikhúsunum. Hún er ekki endilega djúp en nöpur með köflum.

Sýningar sem lofuðu góðu á blaði, s.s. Dúkkuheimili, 2. hluti, eftir Lucas Hnath og Samþykki eftir Ninu Raine fóru ekki á flug þrátt fyrir þátttöku frambærilegra leikstjóra á borð við Unu Þorleifsdóttur og Kristínu Jóhannesdóttur. Lykilþátturinn sem klikkaði var ekki frammistaða leikaranna heldur gölluð handrit þar sem höfundar útskýrðu innihaldið frekar en að rannsaka málefnið sem fyrir lá, hvimleiður galli á bæði amerískum og enskum samtímaleikritum. Sömuleiðis voru of margar sýningar nokkuð góðar en ekki endilega eftirminnilegar.

### Ljósið í skammdeginu

Ljósið í skammdeginu eru nýju íslensku leikritin sem hafa upp til hópa lofað góðu og kynnt til sögunnar ný leikskáld, s.s. Jón Magnús Arnarsson, Sóleyju Ómarsdóttur og Matthías Tryggva Haraldsson. Leikritin komu úr ýmsum áttum, fjölluðu um margs konar málefni, þar var leikið með formið og gefin von um betri tíma. Aftur á móti er enn ástæða til að minna áhorfendur á að kaupa miða og mæta á ný íslensk verk, sérstaklega eftir höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref. Þessi þróun er góð og jákvæð en minna virðist fara fyrir reyndari leikskáldum um þessar mundir, s.s. Kristínu Eiríksdóttur og Jóni Atla Jónassyni. Frægðin hefur lítið að segja ef hún varir einungis fimmtán mínútur eða ígildi einnar frumsýningar, leikskáldin þarf að rækta, ekki bara sviðsetja verk þeirra stöku sinnum.

Frumsýningar á barnaleikritum voru alltof fáar fyrripart leikárs. Aðeins Ronja ræningjadóttir, byggð á bók Astrid Lindgren, var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu við miklar vinsældir enda frábær sýning. En fátt annað nýtt var í boði fyrir okkar yngstu leikhúsáhorfendur. Borgarleikhúsið endursýndi Jólaflækju um hátíðarnar og virðist ætla að eyða öllu sínu púðri í stórsýninguna Matthildi byggða á bók Roalds Dahl, í nýrri söngleikjaútgáfu, á vormánuðum. Þjóðleikhúsið frumsýnir síðan Þitt eigið leikrit – goðsögu eftir Ævar Þór Benediktsson, betur þekktan sem Ævar vísindamaður, í lok janúar. Tjarnarbíó byrjar 2019 með Rauðhettu í boði leikhópsins Lottu sem hefur unnið mikið frumkvöðlastarf á síðustu árum með því að ferðast með sýningar sínar um landið allt.

### Nauðsynlegt bætiefni

Tjarnarbíó heldur áfram að standa fyrir sínu sem miðpunktur sjálfstæðu sviðslistasenunnar á landinu. Helst ber að nefna nýju leikritin Svartlyng, Griðastað og Rejúníón sem öll færðu áhorfendum nýja sýn á samtímann, krydduðu leikhúsbragðlaukana og sönnuðu að sjálfstæða leikhúsið er nauðsynlegt bætiefni inn í flóruna. Að auki má alls ekki gleyma að Tjarnarbíó er vettvangur fyrir alþjóðlegt leikhús af ýmsu tagi, danssýningar og sviðslistahátíðir á borð við Lókal og Reykjavík Dance Festival sem stækka stöðugt. Þetta hús þarf Reykjavíkurborg að styðja miklu betur fjárhagslega enda hefur það margsannað sig að í leikhúsinu við Tjörnina er frjó jörð fyrir sviðslistaframtíðina.

Menningarfélag Akureyrar gekk í gegnum erfiða tíma á síðasta ári en eftir að Marta Nordal tók við norðan heiða virðist leikfélagið vera að rétta úr kútnum. Lögð er mikil áhersla á grasrót bæjarfélagsins og stærsta sýning þeirra var hin goðsagnakennda Cabaret með þeim Ólöfu Jöru Skagfjörð og Hákoni Jóhannessyni í aðalhlutverkunum. Barnasýningin Gallsteinar afa Gissa eftir Karl Ágúst Úlfsson verður síðan frumsýnd í febrúar. Ekki má gleyma að Kvenfólk eftir Hund í óskilum hóf ferðalag sitt í samkomuhúsinu og er sýnt fyrir fullu húsi í höfuðborginni.

**AFTUR Á MÓTI ER ENN ÁSTÆÐA TIL AÐ MINNA ÁHORFENDUR Á AÐ KAUPA MIÐA OG MÆTA Á NÝ ÍSLENSK VERK, SÉRSTAKLEGA EFTIR HÖFUNDA SEM ERU AÐ STÍGA SÍN FYRSTU SKREF.**

### Frækinn sigur Þorleifs

Ýmislegt annað er á seyði innan leikhúsheimsins. Á síðustu árum hafa markaðsdeildir stóru leikhúsanna komið sér upp þeim afleita sið að nota erlenda gagnrýni til að auglýsa komandi sýningar. Leiksýningar á sviði eru ekki eins og kvikmyndir, miðillinn er lifandi og breytist eftir því hvar og hvernig leikverkið er sýnt.

Ný sviðslistalög voru sömuleiðis umdeild enda var fagfólk innan sviðslistaheimsins varla með í ráðum þegar þau voru samin. Ekki er ennþá komin niðurstaða í það mál en vonandi verður skýr afstaða tekin með sviðslistafólki og fjármagn aukið til muna þar sem ríkisafskipti af íslenskum sviðslistum hafa staðnað á síðustu misserum. Kynningarmiðstöð fyrir íslenskar sviðslistir er fyrir löngu orðin tímabær.

Íslenskt sviðslistafólk hefur líka verið að hasla sér völl erlendis. Þar ber helst að nefna frækinn sigur Þorleifs Arnar Arnarssonar á Goetheverðlaununum en hann var valinn besti leikstjóri Þýskalands fyrir vinnu sína við Die Edda eftir Mikael Torfason.

Norræna danshátíðin Ice Hot, vettvangur fyrir norræna dansmenningu, var haldin í Tjarnarbíó og leidd af Ásu Richardsdóttur sem nýlega var ráðin aðalframkvæmdastjóri IETM, alþjóðlegra tengslasamtaka fyrir samtímasviðslistir. Einnig var Ragnheiður Skúladóttir ráðin sem listrænn stjórnandi Artic Arts Festival í Noregi.

Leiklestur Borgarleikhússins á samtali og sumbli þingmannanna á Klaustri var umdeildur en leikhús á að vera ögrandi og beintengt í samtímann. Greinilegt var á fjöldanum sem mætti á viðburðinn að áhuginn var fyrir hendi og varð jafnvel til þess að einstaklingar sem stunda ekki leikhús reglulega létu sjá sig.

Minna hefur farið fyrir NT Live sýningum í Bíó Paradís síðustu mánuði en oft áður. Vonandi hverfa þessir viðburðir ekki af sjónarsviðinu enda mikilvæg viðbót við flóruna.

Bestu sýningar síðustu mánaða (jólasýningarnar verða ræddar seinna í pistlinum) voru Allt sem er frábært í Borgarleikhúsinu, Ronja ræningjadóttir í Þjóðleikhúsinu og Leitin að tilgangi lífsins í boði 16 elskenda staðsett á gömlu Læknavaktinni við Smáratorg. Þessar sýningar eru kannski ólíkar en eiga það sameiginlegt að vera einlægar og virkilega vel skrifaðar.

### Öllu tjaldað til

Fyrri helmingur leikársins endaði eins og hann byrjaði, með tveimur afar ólíkum sýningum í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Jólasýningarnar voru að þessu sinni Einræðisherrann eftir snillinginn Charlie Chaplin í nýrri danskri uppfærslu Nikolajs Cederholm og Ríkharður III eftir William Shakespeare í leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur. Öllu var tjaldað til hvað varðar leikhópa og uppsetningu.

Einræðisherrann er hressileg blanda af ærslafullum gamanleik og hádramatískum boðskap þar sem Sigurður Sigurjónsson sýnir hvers hann er megnugur sem leikari. Er ekki kominn tími til að hann fái að spreyta sig á bitastæðri dramatískri rullu?

Engar efasemdir eru um að Ríkharður III er langbesta sýning síðustu mánaða þar sem ótrúlegur texti Shakespeares var framreiddur af skynsemi og skýrleika. Hjörtur Jóhann Jónsson hefur verið áberandi í smærri hlutverkum síðustu ár og fékk loksins að uppskera eftir alla þá vinnu sem hann hefur lagt til í gegnum tíðina. Túlkun hans á Ríkharði er hreint út sagt stórkostleg.

En er þessum stóru sýningum gefið of mikið pláss þannig að þær yfirþyrmi aðrar í húsunum? Ekki svo að segja að sýningar á borð við Einræðisherrann og Ríkharð III eigi ekki sinn stað í íslensku leikhúsi, þvert á móti, enda eru báðar mjög eftirminnilegar. Spurningin er hvort þær komi niður á smærri sýningum í stóru húsunum.

### Drottning sjálfstæða sviðsins

Hvað einstaka leikara varðar í öðrum sýningum þá er Sólveig Guðmundsdóttir ókrýnd drottning sjálfstæða sviðsins en hún bar af í sýningum á borð við Svartlyng og Rejúníón. Í þessu samhengi er einnig vert að nefna Val Frey Einarsson sem virðist ekki geta skrikað fótur á leiksviðinu og kvenaldan í Ríkharði III er óviðjafnanleg. Þar ber sérstaklega að nefna endurkomu Kristbjargar Kjeld og er kærkomið að sjá leikara af eldri kynslóðinni sýna að þeir hafa engu gleymt.

Gleðilegt nýtt ár og megi næstu mánuðir bera með sér endurnýjaða orku á íslensk leiksvið.

**Sigríður Jónsdóttir**


# Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2019

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2018 á **rafrænu formi** á þjónustusíðunni **skattur.is**

**■ Launa- og verktakaupplýsingar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.). Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

**■ Hlutafjárupplýsingar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

**■ Stofnsjóðsupplýsingar**
Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

**■ Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

**■ Innstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun, vörslu eða aðra ráðstöfun fjármuna.

**■ Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

**■ Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

**■ Lánaupplýsingar**
Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

**■ Greiðslur fyrir leigu eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

**■ Fjármagnstekjur**
Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

**■ Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)**
Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjáraukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

## Skilafrestur er til 20. janúar

*Sjá nánar auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1146/2018 í B-deild Stjórnartíðinda.*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

STOFNUN ÁRSINS 2018

Nánari upplýsingar á **rsk.is**




Meðal nýjunga sem eru staðalbúnaður í nýjum BMW X5 er: BMW-bendistjórnun sem gerir ökumanni kleift að stjórna hljóðstyrk hljómtækja, móttöku eða höfnun á símtali ásamt fjölda annarra aðgerða snertilaust með handahreyfingu. Einnig þráðlaus farsímahleðsla og fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti sem hægt er að birta á stafrænu mælaborði. Meðal valkvæðra nýjunga má nefna BMW leiser aðalljós og kristalklæddan gírstangarhnúð með upplýstu X-Drive tákni.




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



„Manneskjur sem eyða miklum tíma í tilgangslaust ráf og flótta á símanum eða í tölvuleikjum eru fjarverandi. Frá sér og öðrum,“ segir Bubbi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



# Lét spila Abba í aðgerðinni

**Bubbi Morthens** er stálsleginn eftir erfið veikindi á síðasta ári. Í Borgarleikhúsinu verður settur á svið söngleikur sem byggir á lögum hans.

Söngleikur sem byggir á tónlist Bubba Morthens verður settur á svið í Borgarleikhúsinu.

„Kannski fæ ég að laumast inn í eitt lag eða eitthvað slíkt. Ég heyri það á þeim sem eru með þetta í fanginu að söngleikurinn eigi að spegla að einhverju leyti sögu þjóðarinnar og atburði í þjóðlífinu í gegnum lögin mín,“ segir Bubbi.

Laga- og textasmíð Bubba er ótrúlega fjölbreytt. Hann tekst á við félagslegan veruleika, grimmd og ást. Hann horfir inn á við og á samfélag sitt. Eins og Ólafur Egilsson, höfundur söngleiksins, orðar svo vel: Saga og sögur Bubba eru kannski um leið sögur okkar allra, sögur Íslands, frá verbúð til víðáttubrjálæðis, frá blindskerjum til regnbogastræta, hlýrabolum til axlapúða og aftur til baka.

### Í geymslu í tossabekk

Leið Bubba að skáldskap og tónlist var ekki beinn vegur. Þegar hann var barn var enginn skilningur fyrir því að mikil sköpunargáfa og greind helst ekki endilega í hendur við aðra færni. „Ég er skrifblindur. Ég var undrastrákur á bækur. Bráðger og varð snemma læs. Ég var búinn að lesa Tolstoj og Gorkí fyrir 10 ára aldur. Ég stóð mig líka vel í lestri í skóla. En svo kom að skrift og stafsetningu og þá hrundi veröldin. Ég var settur í geymslu í grunnskóla, tossabekkinn í Vogaskóla. Þar brotnaði auðvitað eitthvað og ég fann fyrir ótta við orð og skrif. En samt flúði ég áfram í bækur og tónlist sem krakki vegna þess að ég bjó við alkóhólisma.“

Bubbi var sendur í heimavistarskóla í Danmörku fjórtán ára gamall. Þar losnaði hann að einhverju leyti undan óttanum við að setja hugsanir sínar í orð. „Þar var sagt við mig: Þú ert bara í toppstandi, þú þarft ekki að taka nein skrifleg próf í þessum skóla. Áherslurnar voru svo allt aðrar en ég hafði kynnst á Íslandi. Ég fékk að vera ég.

Svo þegar ég byrja að búa til tónlist þá kemur það af mikilli innri þörf og það stöðvar mig ekkert. Ég hef síðan þá og allan minn feril speglað sýn mína, á mig og samfélagið. Ég gerði mér ekki grein fyrir því þegar ég var til dæmis að gera Ísbjarnarblús að þetta væri eitthvað sem hefði ekki heyrst áður og væri á skjön við allt annað. Í mínum huga var þetta bara veruleikinn. Ég var bara á verbúð og að þvælast um, fylgjast með fólki. Þegar maður er ungur þá er maður í núinu, þá dvelur þú ekkert við þessa hluti,“ segir Bubbi sem segist hafa verið drifinn áfram af löngun til að skilja eitthvað eftir sig.

„Á þessum árum átti ég minn draum. Mig langaði til þess að verða frægur, hafa tekjur af því, ná mér í stelpu. Mig langaði til að verða stjarna. Þetta er banvænn kokteill en samt eru það þessar langanir sem koma þér þangað sem þú ætlar þér. Og svo keyrði ég áfram. Ísbjarnarblús var fallbyssa inn í íslenskt samfélag. Þá er hættan að endurtaka sig. En ég gætti mín á því. Ég vildi ögra, taka áhættu. Það er ekkert gaman að vera ekki á brúninni. Eða að klifra ekki hærra,“ segir Bubbi.

### Endalaust forvitinn

Hann segir lagasmíð og textagerð sína hafa þróast með tímanum. „Ég lagði sífellt meiri rækt við orðin. En enn þann dag í dag er mér uppsigað við reglur. Ég tel bragreglur hefta, alveg sama hversu haglega er ort. Oft og tíðum eru myndirnar sem þú ert að sækja til að setja í lag ekki hinar sömu ef þú setur þær fram eftir reglum. Þær verða ekki jafn sterkar,“ segir Bubbi sem segir það einnig skipta hann máli að fylgja eigin ætlan. „Og gefa dauðann og djöfulinn í það sem öðrum finnst,“ segir hann.

„Ég hef samt mikla unun af klassískri ljóðlist og les mikið bæði íslenska og erlenda höfunda. Miklu meira en skáldsögur. Ég les mikið eftir skandinavíska höfunda. Bæði rótgróna og módernistana.“

Forvitnin leiðir hann áfram. „Ég er endalaust forvitinn, það er gæfa þess sem skapar. Ég leita mikið í mína innri veröld. Við erum öll marglaga. Það eru margir heimar í einni manneskju og þessir heimar opinberast mér oft þegar ég er að fara að sofa. Þá tek ég þetta ferðalag. Þess vegna finnst mér mjög gott að vakna mjög snemma því þá er þetta ennþá í minningunni. Tært og þú sérð til botns. Þessi tilfinning dugar mér í tvo til þrjá tíma,“ segir Bubbi.

Bestu ljóð og bestu lög Bubba hafa orðið til vegna erfiðleika og sársauka. „Það er eitt sem ég hef lært. Og það er að alltaf þegar ég hef upplifað hluti sem hafa annaðhvort gert mig skelkaðan eða óendanlega sorgmæddan reynast þeir á endanum fela í sér gæfu.“

### Sá ekki glætu

Hann nefnir sem dæmi skilnað sinn fyrir þrettán árum. „Ég upplifði að líf mitt væri búið. Ég sá ekki neitt. Ég sá enga glætu í tilverunni,“ segir Bubbi. „En svo tekur lífið mann í fangið. Ég varð svo fyrir öðru þungu áfalli þegar við Hrafnhildur áttum von á barni sem kom ekki. Það var mikil sorg, en svo fengum við annað barn, hana Aþenu Lind, þessa stóru gjöf. Hún hefði ekki komið hefði hitt barnið lifað. Og það er stóri lærdómurinn, lífið er alltaf þarna handan við hornið og kemur svo rækilega á óvart,“ segir Bubbi sem segir það einmitt þess vegna reynast best að treysta innsæinu frekar en höfðinu.

„Höfuðið er alltaf tilbúið til að segja nei. Þú getur þetta ekki. Þú ert svo vitlaus og svo framvegis. Það getur stundum verið þinn versti óvinur. Á meðan segir hjartað: Þetta verður allt í lagi, það er eitthvað meira. Ég treysti líka innsæinu betur en höfðinu þegar ég er að semja. Ég finn það í líkamanum þegar hlutir eru réttir. Ég er viss um að aðrir finna þetta líka. Fyrsta hugmyndin sem fólk fær er oft sú besta því höfuðið hefur ekki efast um hana. Þegar ég fæ hugmynd að lagi eða texta þá læt ég það aldrei fara frá mér því þá mun einhver annar taka hana á lofti. Ég stekk á það. Ég finn það fljótt hvort hún virkar eða virkar ekki. Þegar ég finn að lag er rétt þá líður mér eins og ég sé á toppi tilverunnar. Það er betra en kynlíf,“ segir Bubbi.

Náttúran er líka áhrifavaldur í lífi Bubba. „Góðu stundir mínar í æsku voru í Kjósinni, í náttúrunni með mömmu og pabba þegar hann var í lagi. Við rerum út á morgnana og veiddum, við vorum frjálsir, fórum í fjallgöngur og gátum gert allt sem við vildum. Mamma var hrifin af rósum og pabbi var gríðarlega fróður um tré. Svo þegar ég flutti í Kjósina þá vissi ég bara hvað ég átti að gera. Rósir eru þerapía dauðans. Að fara út í garð snemma á morgnana, þegar það hefur rignt um nóttina, og finna ilminn af þeim. Það er góð tilfinning. Frá júlí til september á hverju ári eru rósir í vasa við rúm stelpnanna. Það síðasta sem þær gera þegar þær fara að sofa er að þefa af rósunum. Blóm hafa góð áhrif á fólk og það er mannbætandi og ávísun á hamingju að stunda garðvinnu og rækta blóm. Þetta var alltaf í mér, en svo veit ég ekki hvað verður. Hvort við verðum áfram í Kjósinni. Stelpurnar okkar



ÉG SAMDI TÓNLIST Á SPÍTALANUM. ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR AÐ EF ÉG MYNDI DEYJA ÞÁ FÆRI ÉG SÁTTUR. ÉG HEF ÁTT GÓÐA ÆVI.

eru að verða unglingar og fá svolítið að ráða ferðinni. Ég get ræktað rósir hvar sem er. Við eigum svo mörg líf. Mín hafa verið fjölmörg og kannski verður lífið í Kjósinni bara eitt af þeim. Ég dvel ekki við hluti og hef aldrei gert, það eru mörg líf í einu lífi. Margir heimar. Geggjað ævintýri,“ segir Bubbi.

**Allir fjarverandi**

Af því Bubbi er góður í að rýna í samtímann er ekki úr vegi að spyrja hann hvað honum finnist einkenna okkar tíma. Daginn í dag.

„Það eru allir fjarverandi. Ég stundum líka. Ég var á kaffihúsi um daginn með syni mínum og horfði í kringum mig. Það grúfðu sig allir yfir símann. Manneskjur sem eyða miklum tíma í tilgangslaust ráf og flótta á símanum eða í tölvuleikjum eru fjarverandi. Frá sér og öðrum.

Það virðist vera samhengi á milli þessa algjöra tilgangsleysis og vanlíðunar og fíknihegðunar. Ég finn það sjálfur að ég þarf að slíta mig frá símanum. Slökkva á honum á ákveðnum tíma og ef ég passa mig ekki þá kallar hann á mig í hausnum á mér. Ég held að við munum þurfa að glíma við afleiðingar af þessu,“ segir Bubbi.

**Hrafnhildur stækkaði mig**

Það eru margir þakklátir Bubba fyrir lagasmíðar hans. „Það eru svo ótrúlega margir sem segja að þetta lag eða texti hafi breytt lífi þeirra. Ég hef ekki tölu á því. Ég fæ mig ekki sjálfur til að gera upp á milli laganna. Breiði bara út faðminn ef fólk upplifir þakklæti. Áður fannst mér það erfitt.“

*Er þetta merki um þroska?*

„Ég er ekki viss um það. Ég get endalaust samið lög og ljóð. Ég get haldið 1.500 manns í hendi mér en svo er ég stundum glataður eiginmaður og hégómlegur, breyskur og oft barnalegur. En Hrafnhildur stækkaði mig. Hún er mikil andstæða við mig. Hún er gríðarlega skipulögð og hefur svo mikla yfirsýn að ég held að hún sé séní. Ég dáist svo að henni og hvernig hún er og hvernig hún hugsar um börnin. Allt sem hún gerir með þeim er af skilyrðislausum kærleika og ást. Hún hefur hrósað þeim frá því þau voru lítil fyrir hvað þau duttu vel og í staðinn fyrir tár kom bros og undrun. Og hún kenndi þeim, alveg frá því þau gátu talað, að mistök eru hluti af mannlegu eðli. Ef þau misstu glas og það brotnaði, þá sagði hún: Og hvað er nú þetta? Þá svöruðu þau: Mistökin gera okkur mannleg.

Hún á alltaf tíma fyrir börnin. Það er alveg sama hvað er í gangi. Ef krakkarnir koma þá fá þau athygli hennar. Þetta er kærleikur og nærandi uppeldi. Ég er hins vegar upp og niður. Get rokið upp og verið hávaðasamur. Ég er auðvitað hálf heyrnarlaus og tala hátt. Þegar ég var að kynnast Hrafnhildi skildi hún þetta ekki og fyrir henni var hegðun mín stundum bara áfall. Þó að hún sé töluvert yngri en ég þá býr hún yfir miklu meiri þroska en ég á flestum sviðum,“ segir Bubbi hreinskilnislega.

Í ágústmánuði á síðasta ári varð Bubbi að hætta við tónleika á Menningarnótt eftir að hafa verið lagður inn á spítala. Bubba blæddi í fjóra sólarhringa og hann vissi ekki hvað væri að. Blóðið fossaði úr nefi og munni. Í ljós kom að slagæð í kokinu hafði rifnað og hann þurfti í aðgerð.

„Í fyrstu dropaði bara úr nefinu á mér, síðan fossaði blóðið. Það var mjög óþægilegt og það pirraði mig hvað þetta var sóðalegt. Blóðið slettist út um allt. En svo kom magnaður læknir frá Perú til að gera aðgerðina, hann hét Fernando. Ég lét spila tónlist með Abba í aðgerðinni og auðvitað lag þeirra Fernando, segir Bubbi. „Ég var auðvitað skelkaður og þetta var erfitt fyrir fjölskyldu mína. En ég fann sátt. Var ekki hræddur. Ég samdi tónlist á spítalanum. Ég hugsaði með mér að ef ég myndi deyja þá færi ég sáttur. Ég hef átt góða ævi,“ segir Bubbi.





„Ég var fyrsti Íslendingurinn til að fá boð á heimsleikana. Mæti í þessa risahöll í Póllandi en féll svo úr keppni. Það voru auðvitað vonbrigði, en svo heldur maður bara áfram.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lyfti túbusjónvarpi tveggja ára

**Júlían J.K. Jóhannsson**, einn sterkasti maður landsins, starfar á meðferðarstofnun fyrir ungmenni, hefur gaman af lestri skáldsagna og lærir sagnfræði í Háskólanum. Hann hvetur ungt fólk til þess að helga sig áhugamálum sínum.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjana@frettabladid.is



Þetta er Camelot,“ segir Júlían J.K. Jóhannsson kraftlyftingamaður sem tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara í æfingahúsnæði Breiðabliks undir stúkunni á Kópavogsvelli. „Við erum ekki í neinum riddaraleik, þetta var svona smá uppgjör í gamni vegna ofnotkunar á samlíkingum úr goðafræðinni sem loðir við íþróttina,“ segir hann.

Í Camelot er járnið sem Jón Páll Sigmarsson notaði við æfingar. Mynd af honum og fleiri afreksmönnum úr íþróttinni hanga á vegg. Í þessu æfingahúsnæði æfir Júlían fjórum til fimm sinnum í viku. Þegar hann æfir fyrir mót eru æfingarnar alla jafna fjögurra til fimm klukkutíma langar. Kærastan hans, Ellen Ýr Jónsdóttir, æfir oft með honum og hefur gengið vel í íþróttinni.

Kraftlyftingar hafa átt hug Júlíans frá því hann var unglingur. Hann er 25 ára gamall og æfir af kappi fyrir næsta mót sem er í lok janúar. Hann varð næststigahæstur í kosningu um íþróttamann ársins. Það er engin furða, á síðasta ári setti Júlían heimsmet í réttstöðulyftu í +120 kg flokki þegar hann lyfti 405 kg. Hann vann gull í réttstöðulyftu á HM og lenti í 3. sæti í samanlögðu. Þá setti hann Evrópumet í klassískri réttstöðulyftu í +120 kg flokki með 372,5 kg og varð með frammistöðunni Evrópumeistari í greininni.

„Ég keppti á sex mótum, sem er töluvert mikið álag í þessari grein. Þrjú mót er talið passlegt. Álagið var kannski sérstaklega mikið vegna þess að fjögur mótanna voru fyrrihluta ársins. Ég er ánægður með árið í heildina þó að allt hafi ekki gengið upp,“ segir Júlían sem segir nauðsynlegt að gæta að því að vera í góðu andlegu jafnvægi. „Maður fjárfestir svo mikið í þessu. Setur allan sinn tíma í þetta, mikla vinnu og skipulagningu. Og þegar það gengur illa þá fylgir stundum hausinn með. Það getur tekið tíma að jafna sig á því að vinna úr því. Ég var fyrsti Íslendingurinn til að fá boð á heimsleikana. Mæti í þessa risahöll í Póllandi en féll svo úr keppni. Það voru auðvitað vonbrigði, en svo heldur maður bara áfram,“ segir hann.

„Nú er mót fram undan svo ég tek þunga æfingu í dag,“ segir Júlían sem leyfir blaðamanni og ljósmyndara að fylgjast með. Reykjavíkurleikarnir í kraftlyftingum fara fram í Laugardalshöll þann 27. janúar. Tíu konum og tíu körlum hefur verið boðin þátttaka og þrír heimsmethafar verða á meðal keppenda.

*Hvernig er dæmigerður dagur í þínu lífi? Hvað borðar þú til dæmis?*

„Ég byrja alla daga eins. Heima á morgunverði og kaffibolla. Ég hlakka alltaf til kaffibollans. Tilhugsunin fær mig á fætur, ég borða oftast um sex egg og haframjöl í morgunmat. En stundum nýti ég afgang úr kvöldmatnum deginum áður. Mörgum finnst það undarlegt en það er hollur og góður matur,“ segir hann og svarar því aðspurður að hann borði um fjögur þúsund hitaeiningar á dag. Uppistaðan sé prótín og hann er hrifinn af lambakjöti.



Júlían við æfingar í Camelot.

*Þú ert sem sagt ekki að borða kjúklingabringur í öll mál?*

„Nei, alls ekki. Ég borða bæði nauta- og lambakjöt og grænmeti. Það hentar ekki alltaf því mataræði sem Ellen þarf að fylgja en þá er bara meira fyrir mig! Ég hef haldið mér í svipaðri þyngd í tvö ár og er ánægður með það,“ segir Júlían.

Júlían vinnur í hlutastarfi á meðferðarheimilinu Stuðlum og Ellen kærasta hans starfar á geðsviði Landspítalans á Kleppi.

„Ég starfa sem ráðgjafi á lokaðri deild. Auðunn Jónsson kraftlyftingamaður, sem æfir með mér hér, hefur starfað á Stuðlum í 20 ár. Nú hef ég starfað þar í tvö ár og líkar vel. Unglingarnir sem koma til okkar á lokuðu deildina dvelja hjá okkur í um tvær vikur. Það er í mínu hlutverki að fá þau til að lenda. Ná áttum, nærast og styrkja sig,“ segir Júlían.

„Sumir sem starfa á Stuðlum hafa einhverja reynslu af eða tengingu við fíkn. Ég nota hins vegar bakgrunn minn, og þá ástundun íþrótta sem ég bý að. En algjörlega án þess að predika. Sýna heilbrigða hugsun og vera til staðar,“ segir Júlían.

„Við Ellen eigum margt sameiginlegt. Við kynntumst í rauninni bara hérna í æfingasalnum. Við eigum sömu áhugamál sem er mjög gott og sérstaklega af því að við eyðum bæði tvö miklum tíma hér. Ef við værum ekki bæði að stunda þessa íþrótt gætum við ekki eytt jafnmiklum tíma saman. Hún er mjög sterk og efnileg, ég dáðist að henni þegar hún kom hingað að æfa og féll svo alveg fyrir henni,“ segir Júlían.

„Þetta er ekki stór salur. En hér eyðir maður 20 tímum á viku í æfingar og það hef ég gert í nærri áratug. Maður gengur bara hér inn og gerir svipaða hluti dag eftir dag og það er alltaf jafn gaman. Við erum mörg sem æfum hér saman og erum miklir vinir. Ég get nánast talið æfingafélagana til fjölskyldu,“ segir hann.

**VIÐ ELLEN EIGUM MARGT SAMEIGINLEGT. VIÐ KYNNTUMST Í RAUNINNI BARA HÉRNA Í ÆFINGASALNUM.**



bauhaus.is
BAUHAUS®
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!
smart store™
VERÐ FRÁ
795.-
995.-
Smart Store Recycled
Dökkgráir Smart Store kassar í nokkrum stærðum á afslætti. Verð frá 795,-.
5,5 L 30 X 20 X 16 CM
395.-
Plastkassi með loki 5,5 l
Petrólíum bláu og grænu.
18 l. 40 x 30 x 23 cm....................595.-
58 l. 60 x 40 x 35 cm.................1.195.-
23 L
495.-
Plastfata með loki 23 l
Fæst í fleiri litum.
40 l.............................................995.-
290 kg
180 CM X 120 CM X 50 CM
10.995.-
17.995.-
XL Hillueining
5 spónaplötuhillur, hámarksburðarþol, er u.þ.b. 290 kg á hverri hillu við jafna álagsdreifingu.
nordlux
Pure veggljós
Þv. 13 cm. Hæð 26 cm. GU10-perustæði, hám. 8 W. Fæst í hvítu, svörtu og gráu.
9.995.-
Pure loftljós
Þv. 10 cm. Hæð 35 cm. E27-perustæði, hám. 40 W. Fæst í hvítu, svörtu og gráu.
9.995.-
EGLO
Vintage Tarbes loftljós
Þv. 32,5 cm, hæð 110 cm (með leiðslu). E27 perustæði. Hám 60 W pera. Fæst í svörtu og koparlituðu.
7.495.-
Vintage Tarbes borðljós
Þv. 17,5 cm. Hæð 26,5 cm. E27-perustæði, hám. 60 W. Fæst í svörtu og koparlituðu.
3.995.-
4.995.-
Vintage Tarbes loftljós
Þv. 17,5 cm. Hæð 110 cm.með snúru. E27-perustæði, hám. 60W. Fæst í svörtu og koparlituðu.
Vintage Tarbes klasaloftljós
Með 3 ljósum. Þv. 31 cm. Hæð 110 cm með snúru. E27 perustæði, hámark 3 x 60W. Fæst í svörtu og kopar.
15.495.-
JOTUN
LADY
SUPREME FINISH
NYHET!
10.995.-
JOTUN
Lady supreme finish 15, 40 eða 80, 3 l
Vatnsþynnanleg polyurethan málning. Hentar vel á húsgögn, karma, panil, hurðir og lista. Mjög slitsterk og þvottheldin. Gljástig 15, 40, 80.
Sadolin
Sadolin
Sadolin
STYKKJAVERÐ
9.995.-
OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is









## Vildi þorramat í fimm ára afmælinu

Það er sautján ára aldursmunur á Júlían og eldri hálfsystur hans, Móheiði Geirlaugsdóttur.

„Ég var einkabarn fram að því, þannig að það var mikil eftirvænting eftir honum. Það er svo margt hægt að segja um Júlían, hann er náttúrulega alveg einstakur. Hann var mjög skemmtilegt barn, fjörugur og ljúfur strákur. Okkur fannst hann alltaf vera gömul sál, hann myndaði sér sínar eigin skoðanir og það var hægt að rökræða við hann um allt milli himins og jarðar mjög snemma. Hann hefur líka alltaf talað svo góða íslensku, kannski af því hann var mikið með afa og ömmu. Hann var líka svo íslenskur, við mæðgur búnar að búa meiripart æsku minnar í Frakklandi þannig að það var soldið skondið þegar hann heimtaði skyr út í eitt og í fimm ára afmælinu vildi hann bjóða upp á þorramat. Ég hef alltaf dáðst að bróður mínum fyrir hve hann er samkvæmur sjálfum sér (til dæmis sannaði hann fyrir mér að hann gæti talið upp á þúsund, örugglega 6-7 ára, með því að telja upp á þúsund!) og ákveðinn í að



ná markmiðum sínum. Nú, svo hef ég notið góðs af því hve einstaklega bóngóður hann er. Þegar hann var þrettán kom hann til okkar þar sem við vorum búsett í Berlín og var au pair í mánuð með eldri dóttur mína Ísold sem var þá átján mánaða. Honum var beinlínis hent í djúpu laugina beint af flugvellinum og þurfti að skipta á kúkableyju þar sem ég var lasin og Arnar var í vinnu. Hann auðvitað stóð sig eins og hetja í því hlutverki eins og öðrum.“

## Lyfti sjónvarpinu tæplega tveggja ára

Petrína Rós Karlsdóttir, móðir Júlíans, segir hann alltaf hafa verið sterkan. „Hann fæddist stór og var alltaf sterklegur. Júlían leit alltaf út fyrir að vera miklu eldri en hann var. Hann borðaði alltaf mikið. Var þurftarfrekur. Þegar hann var um sjö mánaða gamall man ég eftir því að hann hafi tryllst við að fá ekki matinn sinn þegar hann þurfti,“ segir hún og rifjar einnig upp eftirminnilegt atvik frá því að Júlían var tæplega tveggja ára gamall.

„Hann tók sjónvarpið og lyfti því og það endaði svo á gólfinu. Þetta var á gamlársdag og við þurftum því að fara annað til að horfa á skaupið,“ segir Petrína sem segist hafa orðið furðu lostin.



**Petrína Rós, móðir Júlíans.**

„Þegar hann var fjögurra ára gamall var hann orkumeiri en flest börn. Ég starfaði þá sem leiðsögumaður á sumrin og gat tekið hann með í fjallgöngur. Við vorum í fjallgöngu uppi á Hverfjalli og ferðamennirnir fylgdust agndofa með Júlían hlaupa upp fjallið. Honum fannst það ekki nóg þrekraun og lyfti þungum steinum og sagði ferðamönnunum að hann væri víkingur,“ segir Petrína.

Júlían hefur haft áhuga á kraftlyftingum síðan hann var ungur strákur. Hann er alinn upp í Norðurmýrinni, foreldrar hans eru Petrína Rós Karlsdóttir kennari og Jóhann B. Jónsson, fyrrverandi ferðamálafulltrúi. Hann á þrjú hálfsystkini. „Ég er langyngstur. Ég held það sé rangt ef ég segist hafa stefnt að því að verða kraftlyftingamaður frá unga aldri. Ég var alltaf sterkbyggður og hef til dæmis verið í svipaðri hæð frá því ég var þrettán ára gamall. Þá var ég 90 kíló. Það voru stundum smá læti í mér, ég var orkumikill, það er alveg óhætt að segja það, en aldrei til vandræða,“ segir hann frá.

„Ég hef alltaf sett kraftlyftingarnar framar öllu öðru. Líka þegar ég var í menntaskóla. Ég gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð og gekk ágætlega. Ég er ekki jafngóður nemandi og ég er í kraftlyftingum en er nú samt alveg ágætur. Áfangakerfið hentaði mér afar vel upp á æfingarnar,“ segir Júlían.

Nú stundar hann nám í sagnfræði í Háskóla Íslands. „Ég hef lokið tveimur árum í námi. Mér hefur alltaf fundist sagnfræði skemmtilegt fag. Móheiður systir mín er sterk hugvísindakona og mamma auðvitað líka,“ segir hann.

Stundum loðir sú ímynd við kraftlyftingamenn að þeir hafi lítinn áhuga á öðru en að lyfta lóðum. Því fer fjarri um Júlían sem hefur gaman af bókmenntum. „Mér finnst gott að lesa. Það hefur samt aðeins minnkað. Ég tek svona syrpur. Tók tímabil í klassík og las skáldsögur sem mér fannst ég þurfa að lesa. Ég tók líka syrpu í rússneskum bókmenntum eftir að mamma gaf mér bók eftir rússneskan rithöfund. Og þegar ég dvaldi í Tékklandi um tíma þá las ég verk þarlendra höfunda, til að mynda eftir Havel, Kafka og Kundera,“ segir Júlían.

*Ferðu með einhverja möntru þegar þú ert að lyfta þungu?*

„Já, ég geri það. Því stundum þarf maður að tala til sín og hvetja. Ég hugsa í setningum sem hvetja mig áfram, það mætti kalla það möntru. Ég hugsa til dæmis eitthvað á þessa leið: Ég er óstöðvandi, ég er endalaus. Ég er Íslendingur.“

*Er þetta karllæg íþróttagrein? Finnst þér hugmyndin um að vera sterkur og stór samofin hugmyndinni um karlmennsku?*

„Það hefur svo margt breyst. Mér verður hugsað til Ellenar, kannski sér hún þetta öðruvísi en ég. En ég held að skaðlegar hugmyndir um karlmennsku eigi síður upp á pallborðið í dag. Ég held að við séum meðvitaðri um hvað það er sem skiptir máli.“

*Hvað er það sem skiptir máli? Hvað myndir þú til dæmis segja við ungan aðdáanda sem lítur upp til þín?*

„Það getur til dæmis falist í því að gera það sem maður hefur gaman af. Ég myndi hvetja alla til þess að gera það. Það þurfa ekki að vera kraftlyftingar. En það sem manni finnst skemmtilegt að gera, manni hættir nú til að gera það vel. Andlegur styrkur skiptir máli og stundum þarf maður að ákveða að lífið sé skemmtilegt til að láta hlutina ganga upp. Ég finn fyrir því hvað þetta er mikilvægt í kraftlyftingum. Það er einstaklingssport, þó að þú sért með alla vini þína í kringum þig þá er pressan á þér einum. Ef þú stendur þig ekki, þá getur þú ekki kennt neinum öðrum um.

Er ekki lífið svolítið þannig líka?“ spyr hann og segir seigluna nauðsynlega. „Að kunna að tapa. Að kunna að stilla af væntingar sínar. Auðvitað vilja allir standa uppi sem sigurvegarar. En oft er það ekki árangurinn sem er hægt að gera sér væntingar um. Þess vegna verður leiðin að markinu að vera skemmtileg,“ segir Júlían.

**EF ÞÚ STENDUR ÞIG EKKI, ÞÁ GETUR ÞÚ EKKI KENNT NEINUM ÖÐRUM UM.**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Myndir af æfingu Júlíans er að finna á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

+PLÚS










# Æfing í Camelot

Æfingasvæðið undir Kópavogsvelli kalla æfingafélagarnir Camelot. Það er ákveðið uppgjör gegn ofnotkun á goðafræði í geiranum.







# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 12. JANÚAR 2019



Myndskreytingar í íslenskum námsbókum frá 20. öld eru viðfangsefni sýningarinnar Tíðarandi í teikningum. Sýningin verður opnuð í Bókasafni Kópavogs í dag. →4

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir







Birgir er 75 ára gamall en er þó langt í frá sestur í helgan stein. Hann framleiðir íslensku Arctic Mood tein, er starfandi leiðsögumaður og afi. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Ristilheilsa og góð melting skiptir mig miklu máli

Birgir Þórðarson, teblöndunarmeistari, teframleiðandi og leiðsögumaður, veit hvað skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi. Hann notar Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla alla daga. →2



Birgir veit hvað skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi. Hann fann fljótt hvað Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar gera honum gott og tekur eitt hylki á dag, alla daga. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu ➪**

Birgir er fæddur 1944 og því bráðum 75 ára gamall. Hann er þó langt í frá sestur í helgan stein. Hann er teblöndunarmeistari og framleiðandi að lífrænu íslensku Arctic Mood teunum sem fást víða og þykja einkar bragðgóð og hressandi. Birgir er einnig starfandi leiðsögumaður og afi með meiru. Hann veit hvað skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar gera honum gott og tekur eitt hylki á dag, alla daga.

Birgir hefur lengi haft mikinn áhuga á lækningamætti jurta og náttúruvara almennt og byrjaði að nota sænska mjólkursýrugerilinn Probi Mage LP299V® þegar hann kom fyrst á markað á Íslandi 2016. Hann segist fljótt hafa fundið hvað varan gerði honum gott og notar hana því að staðaldri. „Ég

> Probi Mage LP299V® er fæðubótarefni og er eina varan á Íslandi sem inniheldur mjólkursýrugerillinn Lactobacillus plantarum LP299v (LP299V®). Varan hefur verið söluhæst í sínum flokki í Svíþjóð og fengið frábærar móttökur á Íslandi!
>
> Neysla fæðubótarefna kemur ekki í stað fjölbreyttrar fæðu.

gaf mér tíma til að lesa mér til og skoða svolítið söguna á bak við þessa merku vöru og ég get svo sannarlega staðfest að þetta virkar mjög vel. Ég hef reyndar kynnt mér svolítið þessi fræði og er áhugamaður um náttúruvörur, heilsu og heilsutengd málefni og mér þótti skipta máli þegar ég las um þennan tiltekna geril, Lactobacillus plantarum 299v, hvað hann á langa sögu að baki, að hann lifir af maga- og gallsýrur og það hversu margar rannsóknir hafa verið gerðar á honum sem sýna fram á jákvæða eiginleika hans og virkni. Þegar ég ákvað




svo að prófa þetta sjálfur fann ég fljótt hvað þetta gerði mér gott þá, og gerir enn.

Það þekkja það eflaust margir á mínum aldri að það hægir á ýmsu hjá okkur þegar við eldumst og þar er meltingin ekki undanskilin. Við getum fundið til ýmissa óþæginda til lengri eða skemmri tíma sem tengd eru meltingu okkar hvort sem um ræðir uppþembu, lausar hægðir eða hægðatregðu sem getur hreinlega sett strik í reikninginn þegar halda á út í daginn og að sjálfsögðu viljum við flest vera laus við slíkt,“ segir Birgir og efalítið geta flestir verið sammála um það.

„Þegar við erum komin á eftirlaunaaldurinn og hættum að vinna missum við líka mörg rútínuna sem fylgdi starfi okkar og við hreyfum okkur jafnvel minna þó sumir verði kannski enn aktívari en áður þar sem meiri tími gefst til að sinna áhugamálum og til að mynda að vera úti og njóta náttúrunnar.

> **Það skiptir okkur öll máli að hafa meltinguna í lagi og styðja við varnir líkamans með því að huga að þarmaflórunni.**

Hvort heldur sem er þá skiptir það okkur öll máli að hafa meltinguna í lagi og styðja við varnir líkamans með því að huga að þarmaflórunni og það ættum við að gera alla okkar tíð,“ segir Birgir. Hann telur Probi Mage LP299V® gerilinn vera einstakan og er sannfærður um að heilbrigði ristilsins og góð melting sé grunnurinn að góðri heilsu almennt, jafnt líkamlegri sem andlegri.

Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Fjarðarkaupum, Hagkaupum, Heimkaup og Melabúðinni.

## Iðraólga er EKKI eðlilegt ástand til langs tíma

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti notar Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla fyrir sig og sína og hefur fjölmargar góðar reynslusögur frá fólki sem hefur notað vöruna.

„Hér höfum við vöru sem á hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir sem spanna rúma tvo áratugi og sýna fram á gagnsemi gegn iðraólgu og að hún styrki jafnframt varnir líkamans. Iðraólga getur verið virkilega hvimleitt vandamál og leggst misjafnlega á fólk. Sumir eiga það til að stíflast og þjást af hægðatregðu til lengri eða skemmri tíma á meðan aðrir upplifa lausar hægðir og jafnvel niðurgang og ólgu sem stundum gerir ekki boð á undan sér. Oftar en ekki fylgja alls kyns önnur ónot með sem sum okkar hafa átt við að stríða í áraraðir og líta jafnvel á sem eðlilegt ástand. Vindgangur er enn ein birtingarmynd þess að kannski sé ekki allt eins og best sé á kosið í meltingarveginum og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflórunni. Hér kemur þessi magnaði mjólkursýrugerill sannarlega að góðum notum. Sjálf hef ég ekki fundið betri vöru en Probi Mage LP299V® í öll þau ár sem ég hef starfað sem næringarþerapisti, hvorki hér heima né erlendis, enda þekki ég vel hversu mikilvægt er að hlúa að meltingunni og þarmaflórunni fyrir heilsuna alla. Probi Mage LP299V® hefur sannreynda virkni og ég ráðlegg jafnt karlmönnum og konum sem vilja bæta meltinguna og styrkja ónæmiskerfið að nota það. Ég nefni karlmennina hér sérstaklega því þeir eru ófáir sem ég þekki til sem hafa notað Probi Mage LP299V® hylkin og hreinlega geta ekki án þeirra verið. Fjölmargar konur sem til mín leita lýsa einnig virkilega jákvæðri reynslu af notkun Probi Mage og líðanin er allt önnur og betri eftir því,“ segir Þorbjörg.


**Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti notar Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Eplaedik er heilsubætandi „elexír“ í töfluformi

**Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika. Nú er það komið í töfluformi sem eru góðar fréttir, sérstaklega fyrir tennurnar.**



Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Neysla á eplaediki er gamalt húsráð sem flestir kannast við. Töflurnar eru góðar fréttir fyrir þá sem finnst súra ediksbragðið vont.

Flestir hafa heyrt um eplaedik og ýmsa kosti þess að nota sér það til heilsubótar. Síðan 1970 hefur það verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elexír“ þó svo að ekki liggi klínískar rannsóknir þar að baki, frekar en á ýmsum öðrum matvælum sem eru þó klárlega vel til þess fallin að auka hreysti og vellíðan. Sagt er að eplaedikið geti hjálpað til við þyngdartap, jafni blóðsykurinn og að sýran geti einnig drepið og komið í veg fyrir að bakteríur í líkamanum nái að fjölga sér.

### Melting og matarlyst

Neysla eplaediks hefur afar jákvæð áhrif á meltinguna og hjálpar það til við að örva framleiðslu á magasýrum sem er mikilvægt fyrir góða meltingu. Einnig er talað um að það hafi áhrif á matarlyst en þar sem ávallt skal drekka vel af vatni með því, gæti það hugsanlega haft áhrif. Það er þó vel þekkt að ediksýra í t.d. salatsósum hafi jákvæð áhrif á meltinguna og hugsanlega á matarlystina líka, segir á Vísindavef HÍ.

### Brjóstsviði og bjúgur

Þrátt fyrir að eplaedikið sé súrt á bragðið veldur það ekki því að t.d. brjóstsviði aukist. Það virkar akkúrat öfugt og getur því verið þjóðráð að taka eplaedik (eða sítrónusafa) í vatni fyrst á morgnana og fyrir mat og draga þannig úr líkum á – eða jafnvel losna við brjóstsviða. Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Margir hafa of hátt sýrustig í líkamanum sem getur verið tilkomið vegna lifnaðarhátta (streita og mataræði) og veldur það ýmiss konar kvillum. Ójafnvægi verður í þarmaflórunni sem getur valdið húðvandamálum og ónæmiskerfið okkar sem einnig er staðsett í þörmum og beintengt þarmaflórunni verður fyrir röskun. Að lokum skal nefna að eplaedikið, þessi „lífsins elexír“, getur dregið verulega úr slímmyndun og styrkt virkni líffæra eins og þvagblöðru, lifrar og nýrna.




### Allra meina bót?

Eins og áður kom fram, þá hefur eplaedik verið notað til heilsubótar í aldaraðir og margt hljómar örlítið eins og þetta sé allra meina bót fyrir alla. Það er þó ekki alveg þannig en það virkar klárlega fyrir suma. Í grein sem birt var í Medscape General Medicine 2006 er talað um að neysla á því geti hjálpað til við að lækka blóðþrýsting og blóðsykur og einnig að þrátt fyrir sýruna, geri það líkamann ekki súrari. Þó eru ákveðnir þættir sem þarf að varast og alltaf best að skoða málin vel og jafnvel ráðfæra sig við lækni áður en regluleg neysla hefst. Þeir sem ætla að taka eplaedik inn í vökvaformi alla daga þurfa líka að huga vel að tönnunum því það er ekki gott að mikil sýra sé í munninum lengi.

> **„Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það á vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.“**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

### Eplaedik í töfluformi

Mörgum líkar ekki við bragðið af eplaedikinu og sleppa því þess vegna. Apple Cider töflurnar frá New Nordic eru því kærkomnar fyrir marga en þær eru öflugar og auk 1000 mg af eplaediksdufti, innihalda þær önnur jurtaefni sem hjálpa til við niðurbrot á fitu og styðja við lifrarstarfsemi.

**Þessi efni eru:**

- Ætiþistill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Túnfífill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Kólín – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu ásamt því að ýta undir fitubrennslu.

Svo innihalda þær króm sem hjálpar til við blóðsykursjafnvægi og slær þannig á sykurlöngun.

Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það inn í vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar. Ekkert bragð og engin sýra sem liggur á tönnunum og veldur skaða.

Fæst í flestum apótekum, heilsuhúsum, Iceland, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum.




## Hair Volume – fyrir líflegra hár

### Aldrei haft jafn þykkt hár

„Eftir að hafa misst allt hár í krabbameinsmeðferð byrjaði ég að taka **Hair Volume frá New Nordic.**

Eftir 4-6 vikur fór hárið að vaxa aftur og ég hef aldrei haft jafnt löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta bætiefni inn.“

*Edda Dungal*




Hair Volume inniheldur jurtir og bætiefni sem sem eru mikilvæg fyrir hárið og getur gert það líflegra og fallegra.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsuhús og heilsuhillur stórmarkaða

Nánar á **artasan.is**

# Myndir sem vekja minningar

**Myndskreytingar í íslenskum námsbókum frá 20. öld eru viðfangsefni sýningarinnar Tíðarandi í teikningum. Sýningin verður opnuð í Bókasafni Kópavogs í dag og stendur til 23. febrúar.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is





Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir sýningarstjóri við hluta af sýningunni í Bókasafni Kópavogs. MYND/STEFÁN



H. Guðbergsson teiknaði þessa mynd í lestrarbókina Tröllið.

Á sýningunni verða sýnd frumrit myndverka sem íslenskir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur allt frá því fyrir lýðveldisstofnun. Frumritin hafa ekki komið fyrir sjónir almennings áður, þótt kynslóðir Íslendinga þekki mörg verkanna úr námsbókum undanfarinna áratuga. Verkin á sýningunni eru í eigu Menntamálastofnunar en sýningin er samstarfsverkefni hennar, Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

„Hugmyndin að sýningunni vaknaði í fyrra þegar ég gerði sýningu um barnabókina í gegnum tíðina fyrir bókasafnið. Þá fréttum við af þessari safneign hjá Menntamálastofnun. Ég sá hvað þetta var mikið og bitastætt efni og stakk upp á því að búa til sér sýningu í kringum þessar myndir,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir sýningarstjóri.

Hún telur fáa átta sig á því hve mikill metnaður liggi að baki myndskreytingum í íslenskum námsbókum í gegnum tíðina.

Margir þekktir myndlistarmenn eiga myndir á sýningunni. Sem dæmi má nefna Baltasar Samper sem myndskreytti meðal annars Litlu gulu hænuna og Unga litla. Einnig Sigrúnu Eldjárn og Halldór Pétursson. Halldór Baldursson er síðan með nýjasta efnið sem nær inn á sýninguna. „Ég afmarkaði þessa sýningu við þær myndir sem Menntamálastofnun á sjálf en á tíunda áratugnum hætti stofnunin að eiga efnið og listamennirnir sjálfir eiga frumritin eftir þann tíma,“ lýsir Guðfinna. Hún bendir þó á að stofnunin vinni enn í dag með myndlistarfólki að metnaðarfullu námsefni.



Halldór Baldursson teiknaði þessa mynd í bókina Orðhákur.



Sigrún Eldjárn teiknaði myndir í námsbókina Komdu í leik í bæ og sveit.



Mynd eftir Baltasar og Kristjönu Samper úr bókinni Við lesum.



Baltasar Samper myndskreytti hina þekktu sögu um Litlu gulu hænuna.

Myndirnar á sýningunni eru fjölbreyttar og skemmtilegar. „Það sést greinilega á mörgum myndanna að þær eru unnar fyrir bækur. Margar eru með athugasemdum eða merkingum fyrir prentvélar. Svo er gaman að sjá myndir sem unnar eru fyrir tíma Photoshop þar sem myndlistarmennirnir vinna lagskipt. Þá er liturinn á einum pappír og svarthvít teikning á öðrum.“

Guðfinna segir nafn sýningarinnar, Tíðarandinn í teikningum, vera mjög lýsandi. „Maður sér hvernig tíðarandinn breytist með tímanum. Til dæmis í hvaða hlutverkum stelpur og strákar eru.“

Líklega vekja myndirnar minningar hjá mörgum. „Mismunandi kynslóðir tengja við mismunandi efni,“ segir Guðfinna og bendir á að á sýningunni verði einnig til sýnis nokkrar námsbækur til að sýna hvernig myndirnar eru notaðar í samhengi við námsefnið.

„Það er gaman að Menntamálastofnun bjóði upp á samtal með þessari sýningu, og kannski verða einhver málþing um námsefni almennt í framhaldinu,“ segir Guðfinna en sýningin verður opnuð í Bókasafni Kópavogs í dag klukkan 15 af Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra.

LAGERHREINSUN
20–60% afsláttur
af völdum *raftækjum* meðan birgðir endast.
Rýmum fyrir nýjum vörum.
Fríform

*Ofnar.*
*Keramik–, span– og gashelluborð.*
*Vegghháfar og veggviftur.*
*Gaseldavélar.*
*Kæliskápar.*

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is


FLÍSA
ÚTSALA
10
MIRAGE
atlas concorde
25-80%
AFSLÁTTUR
vidd.is/utsala
Bæjarlind 4 · Kópavogi · 554 6800
Njarðarnesi 9 · Akureyri · 466 3600
VÍDD

# Vilja ekki eignast börn

Ungt fólk er ekki einungis upptekið í símunum sínum og tölvum. Það hefur ekki lengur áhuga á hjónabandi og barneignum. Nú er svo komið að í sumum löndum er lítil frjósemi orðið mikið áhyggjuefni.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Þau eru yndisleg litlu krílin en svo virðist sem fólk hafi ekki tíma fyrir þau lengur.

Fólksfjölgun er minnst í Suður-Kóreu af öllum heiminum. Það er verulegt áhyggjuefni þar í landi hversu lítinn áhuga ungt fólk hefur á ástarsamböndum. Frami á vinnumarkaði þykir eftirsóknarverðastur hjá ungu kynslóðinni sem hefur ekki hug á að stofna fjölskyldu og hlaða niður börnum. Settar hafa verið af stað dýrar herferðir til að hvetja ungar konur til að eignast börn. Á meðan þjóðin fjölgar sér ekki eldist hún.

Ungar konur vilja mennta sig, fá góða vinnu og vera vel stæðar peningalega. Sama vandamál hefur verið í Japan undanfarin ár sem þýðir að þjóðin eldist stöðugt. Nú er Suður-Kórea að ná Japan að þessu leyti. „Það er ákaflega erfitt ef ekki ómögulegt að byggja upp góðan starfsferil og ala upp börn á sama tíma,“ segir Chung Hyun, fyrrverandi prófessor við Seoul-háskóla og núverandi ráðherra, við blaðið Japan Times og bendir á að kvenkyns prófessorar um fimmtugt séu allir einhleypir.

Mikill hagvöxtur hefur verið í Suður-Kóreu á undanförnum árum á meðan fæðingartíðni hrapar og frjósemishlutfall er nú það lægsta sem gerist í heiminum. Aldrei hafa færri börn fæðst í landinu en árið 2017. Sérfræðingar vilja kenna um mjög háu íbúðaverði, miklum kostnaði við að ala upp börn og að konur óttist að missa vinnuna verði þær barnshafandi. Talið er að árið 2050 muni íbúatala landsins hafa hrunið. Chung segir að stjórnvöld hafi ekki tekið eftir hver hinn raunverulegu sökudólgur sé, það er kynjamismunun og ómannúðlega langir vinnudagar.

Suður-Kórea hefur næstlengsta vinnutíma í OECD en engu að síður er gert ráð fyrir að konur annist börn sín, hvort sem þær vinna úti eða ekki. Mörg fyrirtæki kjósa að segja upp ófrískum konum í stað þess að borga þeim fæðingarorlof. Þá hefur borið á að ef kona eignast barn og kemur aftur til starfa er búið að breyta starfssviði hennar. „Undir þessum kringumstæðum velja konur frekar starfsferil í stað hjónabands og barneigna,“ segir Chung. Fyrirbærið hefur verið kallað „fæðingarverkfall“. Ef ekki verður tekið á þessu vandamáli verður framtíð Suður-Kóreu skelfileg,“ segir hún.

Í grein á vefsíðunni forskning.no er skrifað um minnkandi barneignir í Noregi. Þar í landi hafa konur úti á landi verið duglegastar að fjölga mannkyninu en nú virðast þær einnig fækka barneignum. Fæðingartíðni lækkar jafnt og þétt í þorpum og sveitum landsins. Í Ósló hefur frjósemin verið minnst en landsbyggðin nálgast nú borgina í þeim efnum. „Fæðingartíðni hefur lækkað í öllum sýslum og sveitarfélögum,“ segir öldrunarfræðingurinn Astri Syse. „Þá hefur fæðingaraldur hækkað mikið. Skýringin er að hluta til talin liggja í aukinni menntun kvenna. „Fólk fjárfestir frekar í lengri menntun til að komast í góða vinnu. Margir seinka barneignum og það er algengara en áður hefur verið að fólk kjósi að vera barnlaust. Börn passa ekki inn í nútíma lífsmynstur.“




# Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

**Finnur mikinn mun á sér**

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.




Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgna hylkin. MYND/GVA

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.



# Framtíðin er snjöll
## – mótaðu hana með okkur

Framtíð rafveitu er snjöll og felur í sér að hámarka nýtingu rafdreifikerfanna og vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum. Stjórnandi er ábyrgðarmaður rafmagns, leiðtogi sem brennur fyrir nýsköpun, tækni og öryggi.

## Forstöðumaður rafveitu

Við leitum að stjórnanda í framkvæmdastjórn fyrirtækisins sem er tilbúinn til að þróa og útfæra hugmyndir með nýsköpun og tæknilegum lausnum. Forstöðumaður rafveitu leiðir teymi sérfæðinga og ber ábyrgð á framtíðarsýn, uppbyggingu, rekstri og tekjuflæði rafveitunnar.

### Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

**Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi.**
**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**

**Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin**

**Í góðu sambandi við framtíðina**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

# Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- 18 ára lágmarksaldur
- Góð samskiptahæfni
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Heiðarleiki og stundvísi
- Bílpróf er skilyrði

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 600.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsmenn í framleiðslu- og iðnstörfum fara á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og hjá **Guðrúnu Hjaltalín Guðjónsdóttur** í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

**Norðurál** er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.

NORÐURÁL



# Notendaþjónusta

GILDI

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða jákvæðan og þjónustulundaðan einstakling, sem hefur metnað til að veita fyrsta flokks tölvuþjónustu. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni í samskiptum og vera tilbúinn til að takast á við krefjandi og skemmtilegt starf.

Umsóknarfrestur
**22. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12421**

**Starfssvið:**
- Dagleg notendaþjónusta og önnur tilfallandi verkefni.
- Uppsetning og þjónusta á vél- og hugbúnaði, bilanagreining, viðhald og lagfæringar.
- Öryggismál.
- Ýmis önnur fjölbreytt verkefni sem upp koma við rekstur deildarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa og notendaþjónustu.
- Þekking á AD, Windows stýrikerfum, Office 365 og Skype for business er kostur.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð.
- Þjónustulund og færni í samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 21 þúsund lífeyrisþega, 50 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 230 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins nema um 550 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 37 starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# Sérfræðingur á sviði umhverfismats

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði umhverfismats sem er eitt fjögurra fagsviða Skipulagsstofnunar. Helstu verkefni þess eru mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

Umsóknarfrestur
**28. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12416**

**Starfssvið:**
- Vinna að ákvörðunum og umsögnum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana.
- Ráðgjöf og samskipti við framkvæmdaraðila, forsvarsaðila áætlanagerðar, ráðgjafa og almenning.
- Þátttaka í öðrum verkefnum, svo sem kynningar- og leiðbeiningarstarfi, þróun verklags og stefnumótun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistaragráða á sviði umhverfismats, svo sem sérmenntun í umhverfismati, umhverfisfræði, skipulagsfræði eða verkfræði.
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi er æskileg, svo sem við umhverfismat eða opinbera stjórnsýslu.
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum og metnaður til að ná árangri.
- Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi.

Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða.

Nánari upplýsingar má finna á www.skipulag.is

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

KJÓSIN

# Starfsmaður í fjármálaumsýslu

Skrifstofa Kjósarhrepps óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf við bókhald og almenna umsjón fjármálatengdra verkefna. Leitað er að jákvæðum og þjónustuliprum starfsmanni með haldgóða þekkingu og reynslu.

Umsóknarfrestur
**28. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12422**

**Starfssvið:**
- Bókhaldsskráning.
- Uppgjör og frágangur bókhalds.
- Umsjón með launavinnslu og tengdum verkefnum.
- Þátttaka í aðlögun bókhaldskerfa.
- Álagning fasteignagjalda og eftirfylgni innheimtu gjalda.
- Reikningagerð fyrir Kjósarhrepp og dótturfyrirtæki.
- Skjalastjórnun.
- Aðstoða við innfærslu upplýsinga á vefsíðu Kjósarhrepps.
- Símsvörun og fleiri verkefni í samstarfi við aðra starfsmenn.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Starfsréttindi sem viðurkenndur bókari æskileg.
- Marktæk starfsreynsla við bókhald og tengd verkefni.
- Góð tölvukunnátta skilyrði, reynsla af bókhaldskerfinu DK æskileg.
- Góð íslenskukunnátta.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góðir samstarfshæfileikar.

Um er að ræða starf fyrir sveitarsjóð Kjósarhrepps, Kjósarveitur ehf. og Leiðarljós ehf. Spennandi verkefni eru fram undan við að byggja upp öfluga fjármálaumsjón, stuðla að góðri þjónustu og aukinni upplýsingagjöf til íbúa og frístundahúseigenda. Starfsmaðurinn vinnur með sveitarstjóra, starfsfólki veitna, byggingarfulltrúa og oddvita Kjósarhrepps. Skrifstofan er í Ásgarði, stjórnsýsluhúsi hreppsins í fallegu umhverfi. Í Kjósarhreppi búa um 230 manns og þar eru um 600 frístundahús. Megin atvinnulíf í sveitinni er landbúnaður en allmargir íbúar sækja vinnu í næsta nágrenni, þ.á.m. á höfuðborgarsvæðinu.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# Sérfræðingar í kerfum fyrir mennta- og menningarstofnanir

Landskerfi bókasafna

TVÖ NÝ 100% STÖÐUGILDI

Landskerfi bókasafna hf. leitar að tveimur dugmiklum starfsmönnum til að vinna að innleiðingu og rekstri á nýju bókasafnakerfi ásamt daglegu viðhaldi á núverandi kerfum. Starfsmennirnir verða í leiðandi hlutverki við innleiðingu nýs bókasafnskerfis.
Æskilegt er að nýir starfsmenn geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12412**

**Helstu verkefni:**
- Læra vel á hið nýja bókasafnskerfi
- Stillingar kerfis og uppsetning einstakra bókasafna
- Samþætting kerfa og yfirfærsla gagna
- Daglegur rekstur núverandi kerfa
- Miðlun þekkingar, kennsla og notendaþjónusta
- Forritun, gagnavinnsla og prófanir
- Samvinna við starfsfólk bókasafna og tengda aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði og/eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Geta til að takast á við flókin kerfisleg viðfangsefni
- Þekking á gagnameðhöndlun og gagnagrunnsfræðum
- Færni til að vinna í hópi, þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð tölvukunnátta og vilji til þess að tileinka sér nýjungar

AFLEYSING FYRIR FAGSTJÓRA SARPS

Leitað er að afleysingu fyrir fagstjóra Sarps á tímabilinu apríl 2019 - 15. maí 2020. Um 100% starf er að ræða.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/12413**

**Helstu verkefni:**
- Dagleg umsjón og rekstur Sarps og sarpur.is (kerfi)
- Notendaþjónusta við söfn
- Leiðsögn vegna notkunar kerfa
- Samskipti við þjónustuaðila vegna viðhalds og viðbóta við kerfi
- Samvinna við söfn og tengda aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Menntun eða reynsla tengd skráningarkerfum og upplýsingatækni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Færni til að vinna í hópi, þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

Landskerfi bókasafna hf. er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins **landskerfi.is**

**Gegnir** er samlag flestra bókasafna á Íslandi og sinnir öllum tegundum safna eins og Landsbókasafni, almennings-, skóla- og sérfræðibókasöfnum. Framundan er krefjandi verkefni sem lýtur að innleiðingu nýs bókasafnskerfis fyrir samlagið.

**Sarpur** er skráningar- og umsýslukerfi fyrir menningarsöguleg söfn og sarpur.is er andlit Sarps út á við.

Umsóknarfrestur

**28. janúar 2019**

Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur má finna á Starfatorgi og heimasíðu Capacent.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

RARIK

# Matráður í mötuneyti

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

*Nánari upplýsingar má finna á:* ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða duglegan og jákvæðan matráð. Mötuneytið er í höfuðstöðvunum í Reykjavík. Matur er aðkeyptur og kemur mismikið tilreiddur.
Í höfuðstöðvum RARIK starfa um 60 manns. Vinnutíminn er virka daga frá 08:00-14:00

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Matseld
- Umsjón með eldhúsi og ábyrgð á hreinlæti
- Frágangur eftir mat

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Gott vald á íslensku talmáli
- Snyrtimennska, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Hringbrautar verkefnið

# Verkefnastjórar vegna Hringbrautarverkefnis

*Nýr Landspítali ohf. (NLSH) hefur með höndum undirbúning og hönnun gatnagerðar og byggingaframkvæmda í Hringbrautarverkefninu.*

*NLSH er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila m.a. stjórnvöld, Framkvæmdasýslu ríkisins, Landspítala, Háskóla Íslands og sjúklingasamtök.*

*Nánari upplýsingar um NLSH má finna á* ***www.nlsh.is***

NLSH óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga í stöður verkefnastjóra vegna Hringbrautarverkefnis. Byggður verður meðferðarkjarni (sjúkrahús), rannsóknahús, bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús og sjúkrahótel. Stefnt er að því að framkvæmdum við öll húsin verði lokið árið 2024.

**Verkefnastjóri - hönnunarstjórn:**

- Starfið felst í almennri verkefnastjórnun hönnunarvinnu, setu í samstarfshópum, þátttöku í samvinnuverkefnum, gerð áætlana og útboðsgagna ásamt rýni og umsagnagerð
- Verk- eða tæknifræði, arkitektúr, verkefna-stjórn eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af vinnu við verkefnastjórn í tæknigreinum, hönnun eða verklegum framkvæmdum eða sambærilegum verkefnum

**Verkefnastjóri - fjármálaumsjón og greining:**

- Starfið felst í almennri fjármálaumsjón, yfirferð reikninga, gerð og eftirliti með rekstrar- og kostnaðaráætlunum, rýni og fjármálagreiningum verkefna ásamt áhættugreiningu fjárfestinga
- Verkfræði, arkitektúr, verkefnastjórn, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af vinnu við verkefna- eða fjármálastjórn í tæknigreinum, hönnun eða verklegum framkvæmdum eða sambærilegum verkefnum

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjandans.* ***Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða ekki birtar opinberlega.***

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

LFÍ

# Framkvæmdastjóri

*Hlutverk Lyfjafræðingafélags Íslands er að stuðla að heilbrigði og réttri lyfjanotkun ásamt því að stuðla að faglegu starfi alls staðar þar sem lyf koma við sögu. Hlutverk félagsins er einnig að efla þekkingu annarra heilbrigðisstétta og almennings á lyfjafræði og störfum lyfjafræðinga. Félagið gætir hagsmuna og stendur vörð um réttindi félagsmanna, stuðlar að bættum kjörum og aukinni starfsánægju þeirra og eflir samheldni og samstarf meðal lyfjafræðinga.*

***Nánari upplýsingar má finna á: www.lfi.is***

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) óskar eftir að ráða lyfjafræðing í starf framkvæmdastjóra.
Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í júní 2019.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á starfsemi og daglegum rekstri félagsins
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar og nefnda
- Náið samstarf við stjórn, fag- og stéttarfélög
- Samskipti, ráðgjöf og samstarf við félagsmenn, launagreiðendur, önnur félög og opinbera stjórnsýslu
- Umsjón með heimasíðu félagsins og miðlun frétta á samfélagsmiðla
- Þátttaka í kjarasamningsgerð
- Nefndarstörf vegna gerðar og eftirfylgni samninga
- Utanumhald margs konar verkefna á vegum félagsins, s.s. ráðstefna og funda
- Önnur fjölbreytt verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistaragráða í lyfjafræði er skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af félagsstarfi LFÍ er æskileg
- Reynsla og þekking á málefnum stéttarfélaga og kjaramálum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð nauðsynleg
- Reynsla og þekking af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Mjög góð tök á íslensku og ensku, kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Þekking á DK bókhaldskerfinu er kostur

*Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps árið 1998 og er því 21 árs á þessu ári. Sveitarfélagið hefur vaxið ört síðastliðin ár og telur nú tæplega 9.500 íbúa. Í Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugu íþrótta-, félags- og menningarlífi. Í Árborg eru þrír grunnskólar með samtals um 1.470 nemendur og fimm leikskólar með rúmlega 500 nemendur. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorp við ströndina og stórt þéttbýli.



## BÆJARRITARI

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir bæjarritara. Bæjarritari verður staðgengill bæjarstjóra og viðbót við öflugt stjórnendateymi Árborgar. Staða bæjarritara hefur ekki verið mönnuð hjá Árborg hin síðustu ár og því mun nýr starfsmaður að nokkru móta starfið. Miklar breytingar standa fyrir dyrum í stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélagsins í ljósi áherslu á stafræna þróun og vegna vaxtar sveitarfélagsins. Því er leitað að skapandi og úrræðagóðum starfsmanni sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í tækni- og upplýsingamálum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Yfirumsjón með stjórnsýslu og upplýsingamálum sveitarfélagsins
- Stafræn þróun stjórnsýslu Árborgar og samskipta við íbúa sveitarfélagsins
- Ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf og stjórnsýslu
- Ábyrgð á undirbúningi mála og fundarritun fyrir bæjarráð og bæjarstjórn
- Þátttaka í stjórnun, stefnumótun og umbótastarfi
- Samskipti og upplýsingagjöf til fjölmiðla, stofnana og íbúa
- Þróun íbúalýðræðis í samstarfi við bæjarstjórn

**Hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga
- Reynsla af stjórnun og upplýsingamiðlun æskileg
- Reynsla af innleiðingu upplýsingatækni æskileg
- Leiðtogahæfleikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Skipulagshæfni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð

## VERKEFNISSTJÓRI Í ÞRÓUN SNEMMTÆKRAR ÍHLUTUNAR

Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu verkefnisstjóra í þróun snemmtækrar íhlutunar. Verkefnisstjórinn verður ráðinn til félagsþjónustu sveitarfélagsins en vinnur náið með skólum, skólaþjónustu, frístundasviði og heilsugæslu Selfoss. Á undanförnum árum hefur verið unnið að styrkingu á snemmtækri íhlutun í sveitarfélaginu en nú verður stigið enn stærra skref í þróun þverfaglegrar samvinnu. Leitast er við að grípa snemma inn í mál barna í vanda og fjölskyldna þeirra og vinna að forvörnum. Til að ná þessu fram er unnið í teymum með áherslu á samstarf ólíkra fagstétta og stofnana. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu og þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku í eigin málum.

**Starfssvið:**

- Þróun snemmtækrar íhlutunar í samstarfi við fagsvið og stofnanir
- Þverfagleg teymisvinna og ráðgjöf
- Vinna með börnum, fjölskyldum og skólum
- Þróun úrræða fyrir börn og fjölskyldur í Árborg

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Réttindi sem félagsráðgjafi eða menntun á sviði félagsvísinda og/eða uppeldisfræða
- Þekking og reynsla af vinnu við snemmtæka íhlutun æskileg
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar veita:**
Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Sérfræðingur í eignastýringu

*Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða. Allir sem lokið hafa grunnnámi á háskólastigi geta sótt um aðild að sjóðnum. Lífsverk var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum, tók upp sjóðfélagalýðræði og rafrænt stjórnarkjör.*

*Sérstaða Lífsverks er m.a. hár ávinningur réttinda og val um leiðir fyrir skyldusparnað. Sjóðurinn er ört vaxandi og nemur hrein eign í árslok um 85 milljörðum króna.*

*Gildi sjóðsins eru:*
*Heilindi – jákvæðni – ábyrgð*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á* ***www.lifsverk.is***

Lífsverk lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Eignastýring Lífsverks er tveggja manna teymi sem annast stýringu og eftirlit með eignum sjóðsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamörkuðum
- Eftirfylgni með fjárfestingum
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar
- Framkvæmd viðskipta með verðbréf í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Greining markaða og fjárfestingatækifæra með áherslu á innlendan skulda- og hlutabréfamarkað
- Sækja upplýsinga- og kynningarfundi tengda starfinu

**Reynsla, menntun og hæfni/kostir:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun. Meistarapróf er kostur
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Haldgóð starfsreynsla í eignastýringu eða á fjármálamarkaði
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöður í tölum og texta
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og fagleg framkoma

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Thelma Kristín Kvaran (**thelma@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

Frumherji

## Skipaskoðun / löggildingar mælitækja

**Frumherji hf. leitar eftir starfsmanni til starfa við skipaskoðanir og löggildingu mælitækja. Í boði er fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki með góðan starfsanda.**

**Starfið er tvíþætt:**
- Lögbundin skoðun skipa/báta allt að 400 brúttótonn að stærð.
- Löggilding á vogum og öðrum mælitækjum.

Viðskiptavinir Frumherja eru staðsettir um allt land og starfinu fylgja talsverð ferðalög.
Starfsmaður mun hljóta góða tæknilega þjálfun í skoðunum og löggildingum í upphafi starfs.

**Hæfniskröfur**
**Þarf að uppfylla a.m.k. eitt af eftirtöldum skilyrðum:**
- Atvinnuskírteini yfirvélstjóra sem heimilar honum að taka að sér starf um borð í skipi þar sem afl aðalvélbúnaðar er 3.000 kW eða meira (sbr. STCW-regla III/2) og hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður í vélarúmi.
- Iðnmenntun og meistararéttindi á viðkomandi sviði (svo sem: vélvirkjun, skipasmíði, plötusmíði, rafvirkjun eða sambærileg menntun) og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta kosti.
- Atvinnuskírteini skipstjóra sem heimilar honum að stjórna skipi sem er 1.600 brúttótonn að stærð eða meira (sbr. STCW-regla II/2) og hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður á þilfari.

**Aðrar kröfur**
- Ökupróf er skilyrði, meirapróf er kostur.
- Rík þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og sjálfstæði í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.
- Færni í rituðu máli.

**Umsóknir**
Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Frumherja hf. Einnig er hægt að senda umsóknir á Hallgrím Hallgrímsson tæknistjóra Prófunarstofu, hallgrimur@frumherji.is sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma: 570 9264.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2019.**

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Frumherji hf. er leiðandi á sviði skoðana, prófana og tengdrar þjónustu á Íslandi. Fyrirtækið er með starfsemi um land allt og þjónustar viðskiptavini sína á 32 starfsstöðvum. Hjá fyrirtækinu vinna um 100 manns. Frumherji starfar sem faggild skoðunarstofa á fimm sviðum í samræmi við ISO staðla 17020 og 17025.**

**Frumherji hf. | Þarabakki 3 | 109 Reykjavík | www.frumherji.is**

---



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur á sviði vatnafræði og flóðavár

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi á sviði vatnafræði og flóðavár í fullt starf á ***Úrvinnslu-og rannsóknarsviði***. Á sviðinu starfa um 50 manns við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknum, jökla-, vatna- og haffræði, jarðskorpuhreyfingum, eldgosum og ofanflóðum. Starfið fellur undir fagsvið vatns og jökla þar sem 15 manna samhentur hópur vinnur sameiginlega að margvíslegum verkefnum er varða m.a. vatnafræði- og straumfræðilega líkangerð, auk þess sem unnið er að þróun flóðagreininga og flóðaspáa, rannsóknum á grunnvatni og kortlagningu vatnsauðlindarinnar. Unnið er að samþættingu ofangreindra líkana við veður-, jökla- og haflíkön eftir því sem við á. Veðurstofa Íslands er leiðandi stofnun í vinnu við áhættumat í tengslum við náttúruvá og er vinna við áhættumat tengdum flóðum, ofanflóðum og eldgosum sífellt stærri hluti af verkefnum sviðsins.

**Helstu verkefni**
Sérfræðivinna við úrvinnslu vatnafræðigagna og vatnafræði- og straumfræðilega líkangerð, bæði hvað varðar aðferðafræði, úrvinnslu og tengingu líkana við aðrar afurðir. Vinna við áhættumat flóða og jökulhlaupa. Leiðandi hlutverk í flóðagreiningu og áhættumati í stærri náttúruváratburðum. Ritun skýrslna og greina og þátttaka í kynningum verkefna innanlands og erlendis. Mótun og þátttaka í rannsóknaverkefnum á sviði vatna-, straumfræði og áhættumats. Verkefnisstjórn tilgreindra verkefna eftir atvikum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- Farsæl reynsla í vatna- og/eða straumfræðirannsóknum er nauðsynleg
- Þekking á áhættumatsferlum tengdum náttúruvá er kostur
- Góð kunnátta í landupplýsingakerfum (LUK) er kostur
- Góð tölvukunnátta, þ.á m. forritunarkunnátta nauðsynleg
- Góð tungumálafærni í íslensku og ensku nauðsynleg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu. Reynsla í verkefnastjórnun er kostur.
- Færni í samskiptum og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- Að viðkomandi sé skipulagður, sýni frumkvæði í starfi og hafi faglegan metnað

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri *Úrvinnslu- og rannsóknarsviðs* (**jorunn@vedur.is**), **Matthew J. Roberts**, hópstjóri vatns og jökla (**matthew@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur** er til og með **28. janúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á **www.starfatorg.is**.

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 70 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi**. Starfsemin fer fram á fimm sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði og Upplýsingatæknisviði**.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***

*Veðurstofa Íslands annast kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns.*



www.vedur.is
522 6000

FRÍHÖFNIN

# SUMARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

## Ein vinsælasta verslunin í flugstöðinni óskar eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar 2019

Um er að ræða sumarstörf í verslunum, á lager og skrifstofu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

**UMSÆKJENDUR SKULU VERA 20 ÁRA EÐA ELDRI**

### VERSLUN

Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun. Unnið er í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur**
- Söluhæfileikar og rík þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### LAGER

Starfið felst í almennum lagerstörfum. Unnið er í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### SKRIFSTOFA

Starfið fellst í símsvörun, móttöku viðskiptavina, skráningu reikninga, tollskýrslugerð auk almennra skrifstofustarfa. Vinnutími er kl. 8–16 virka daga.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð tölvukunnátta og þekking á Navision er kostur
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað fram yfir miðjan ágúst. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á www.dutyfree.is/atvinna.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 20. JANÚAR 2019**

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

www.dutyfree.is

**VIÐ BJÓÐUM UPP Á FRÍAR RÚTUFERÐIR TIL OG FRÁ HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**



## Rafholt óskar eftir rafvirkjum til starfa

Vegna góðrar verkefnastöðu þurfum við að bæta í hóp starfsmanna. Við leitum að öflugum einstaklingum sem treysta sér til að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri í krefjandi umhverfi. Rafholt er samhent fyrirtæki sem tileinkar sér stundvísi og samviskusemi. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um en eitt af stefnumálum fyrirtækisins er að auka hlutfall kvenna í greininni.

### Þjónustudeild

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum til starfa við þjónustudeild fyrirtækisins. Viðkomandi þurfa að vera sjálfstæðir, þjónustuliprir og hafa áhuga á því að tileinka sér nýjungar.

Rafholt sinnir þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Má þar helst nefna Mílu, Vodafone, Nova, Símann, Neyðarlínuna, Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð, Verne Global, Ölgerðina, Eik Fasteignafélag, Húsasmiðjuna, Héðinn, Nathan & Olsen, Hörpu Tónlistarhús, Reginn, FLE, Smáralind, Advania o.fl.

### Almenn rafvirkjastörf

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum, nemum og aðstoðarmönnum í fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur en alls ekki skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skal senda á **starf@rafholt.is**

Rafholt er framsækið fyrirtæki sem starfar jafnt á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið er eitt stærsta sinnar tegundar á sviði rafverktöku á Íslandi.

Helstu verkefni eru almennar raflagnir, tölvu- og ljósleiðaralagnir, töflu- og stjórnskápasmíði og loftneta þjónusta.

Rafholt ehf. leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur eru leiðarljós fyrirtækisins. Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu og er aðstaða starfsmanna öll hin glæsilegasta.

Rafholt ehf. er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi árið 2017 fimmta árið í röð.

Framúrskarandi fyrirtæki 2013-2017

RAFHOLT

Rafholt ehf. | Smiðjuvegur 8 | 200 Kópavogur | 517 7600 | www.rafholt.is

---

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

---

VERNDARAR BARNA
BLÁTT ÁFRAM

## Blátt áfram - Verndarar barna

### leita að áhugasömum og drífandi einstaklingi í stöðu framkvæmdarstjóra.

Markmið félagsins er að skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn. Félagið stendur á tímamótum en fram að þessu hefur áherslan verið á fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum. Nú á að útvíkka starfssvið þess með því að sinna forvarnarfræðslu sem tekur til allra birtingarmynda ofbeldis á börnum.

Félagið hefur það að leiðarljósi að auka umræðu í samfélaginu um mikilvægi forvarna gegn ofbeldi á börnum og varpa ljósi á þá samfélagslegu ábyrgð sem felst í því að aðilar taki höndum saman um að vernda þau gegn ofbeldi.

Framkvæmdarstjóri heyrir undir stjórnarformann félagsins. Félagið hefur sett sér siðareglur sem eru grunnur að heilbrigðum samskiptum í starfi félagsins og leggur áherslu á virðingu, jafnræði, trúnað og áreiðaleika.

**Starfssvið**

- Stýrir daglegum rekstri félagsins
- Yfirsýn yfir öll verkefni félagsins
- Samskipti við stjórn og starfsfólk
- Umsjón með fjáröflun og styrkumsóknum
- Kynningarstarf

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (t.d. MBA, MPM, viðskiptafræði, verkefnastjórnun, rekstrarverkfræði)
- Áhugi á málaflokknum (verndun og velferð barna)
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Lausnarmiðuð nálgun í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni og leikni í samningatækni
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta og geta til að tileinka sér nýja tækni
- Gott tengslanet og þekking á félagasamtakaumhverfinu væri góður kostur

Um er að ræða 100% stöðu og er staðan laus nú þegar.

**Umsóknarfestur til og með 20. janúar 2019**
Umsóknir sendar á sigga@blattafram.is

Upplýsingar um starfið veita Sigríður Björnsdóttir 842 2833 og Gná Guðjónsdóttir 788 7977

---

# Hey!

## Ert þú drífandi verkefnastjóri?

hey ICELAND | bænda FERÐIR

heyiceland.is    baendaferdir.is

Hey Iceland og Bændaferðir óska eftir að ráða drífandi og skipulagðan einstakling í stöðu verkefnastjóra á sviði upplýsingatækni og viðskiptaþróunar.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða reynslu af innleiðingu hugbúnaðar og geta tileinkað sér nýja tækni fljótt og örugglega. Lykileiginleikar sem leitað er eftir eru skipulagshæfni, áhugi á tækni og umbótum, ásamt faglegri framkomu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Verkefnastýring í upplýsingatækni og viðskiptaþróun
- Stefnumótandi vinna í upplýsingatækni
- Markmiðasetning og samhæfing verkefna
- Greiningar, áætlanagerð, eftirfylgni og árangursmat
- Samskipti við fagaðila

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist starfi
- Reynsla af hugbúnaðarinnleiðingu og þróun skilyrði
- Góð tækniþekking skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfileikar
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð

Hey Iceland og Bændaferðir eru vörumerki Ferðaþjónustu bænda hf. sem er leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu.
Fyrirtækið á sér yfir 30 ára sögu og býður upp á breitt úrval ferða og afþreyingar ásamt gistingu allt í kringum landið á um 180 gististöðum af ýmsu tagi. Einnig eru í boði innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskri fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagsskapar og kynnast menningu og náttúru merkra áfangastaða.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **atvinna@heyiceland.is** fyrir 21. janúar.

Sjóvá

440 2000

# Við leitum að góðu fólki

## Áhættugreining fyrirtækja

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í spennandi starf við áhættugreiningu fyrirtækja. Viðkomandi þarf að búa yfir færni í mannlegum samskiptum. Menntun á sviði verk- eða tæknifræði er æskileg sem og þekking á sviði öryggis- og/eða brunamála.

### Við leitum að einstaklingi með

› skipulagshæfileika og getu til að starfa sjálfstætt
› frumkvæði, nákvæmni og metnað til að ná árangri
› háskólamenntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi
› gott vald á íslensku og ensku

### Starfið felur meðal annars í sér

› áhættugreiningu á fyrirtækjamarkaði
› samskipti, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini
› vettvangsskoðanir, gagnaöflun og mat á eignum
› greiningu, skýrslugerð og framsetningu gagna

Nánari upplýsingar veitir Birgir Viðarsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar, **birgir.vidarsson@sjova.is**.

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að reyndum hugbúnaðarsérfræðingi í skemmtileg og krefjandi verkefni í stafrænni vegferð félagsins. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni, skapandi hugsun og hæfni til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

### Við leitum að einstaklingi með

› þekkingu og reynslu af þróun API
› reynslu af þróun í .NET á öllum lögum (e. full stack)
› háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilega menntun
› reynslu af notkun TFS, Git og Swagger (kostur)
› þekkingu á SAP og/eða SharePoint (kostur)

### Starfið felur meðal annars í sér

› hönnun, þróun og viðhald á API og veflausnum
› samþættingu kerfa með hliðsjón af API
› þátttöku í þverfaglegum teymum á sviði stafrænna verkefna

Nánari upplýsingar veitir Birna Íris Jónsdóttir, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, **birna.jonsdottir@sjova.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar** nk. Sótt er um á **www.sjova.is/starfsumsoknir**.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Nýleg könnun leiðir í ljós að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

Jafnlaunavottun velferðarráðuneytisins





## Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði vinnumarkaðsmála

### Í boði er spennandi starf fyrir dugmikinn einstakling

KVH
KJARAFÉLAG VIÐSKIPTAFRÆÐINGA OG HAGFRÆÐINGA

**Starfssvið:**

- Ráðgjöf til félagsmanna, m.a. gerð ráðningarsamninga og upplýsingagjöf um réttinda- og kjaramál
- Afgreiðsla umsókna um félagsaðild
- Kynningar- og fræðslumál
- Gagnavinnsla tengd kjarasamningsgerð
- Þátttaka við gerð stofnanasamninga og kjarasamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á kjarasamningum og stofnanasamningum æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð greiningarhæfni
- Góð tölvuþekking, sérstaklega á töflureikni (Excel)
- Góð íslensku- og enskukunnátta

*Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er framsækið stéttarfélag í örum vexti og hefur þann megin tilgang að vinna að bættum kjörum félagsmana og gæta réttinda þeirra. Félagsmenn starfa á öllum vinnumarkaðinum óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda og ráðningaformi.*
*Félagið er þriðja fjölmennasta stéttarfélag innan Bandalags háskólamanna.*

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðfinnur Þór Newman, framkvæmdastjóri KVH (gudfinnur@bhm.is) í síma 595-5141. Umsóknir, ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi, óskast sendar á netfangið gudfinnur@bhm.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk.**

***www.kjarafelagvh.is***

FROST

## Þjónustumaður í Garðabæ.

Kælismiðjan Frost ehf. óskar eftir að ráða þjónustumenn til starfa í Garðabæ.

Æskilegt er að umsækjendur séu vélstjórar, vélvirkjar, vélfræðingar eða með sambærilega menntun og hafi reynslu af störfum við kælikerfi og / eða í málmiðnaði.

Starf þjónustumanns felst í uppsetningu og viðhaldi nýrra og eldri kælikerfa, um borð í skipum og í landi, bæði á Íslandi sem og erlendis.

Frost er 25 ára gamalt fyrirtæki með starfstöð á Akureyri og í Garðabæ, með ríflega 60 starfsmenn. Fyrirtækið starfar bæði á Íslandi og víðsvegar um heim.

Umsækjendur hafi samband við þjónustustjóra í Garðabæ : Charles Ó. Magnússon
Netfang : charles@frost.is
Sími: : 464 9450




**Laust er til umsóknar starf upplýsingafulltrúa í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í ráðuneytinu starfa tveir ráðherrar. Upplýsingafulltrúi heyrir beint undir ráðuneytisstjóra.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Samskipti við innlenda og erlenda fjölmiðla.
- Gerð fréttatilkynninga og kynning á verkefnum ráðuneytisins.
- Ritstjórn og umsjón með vef ráðuneytisins og samfélagsmiðlum.
- Ráðgjöf og aðstoð til starfsfólks vegna kynningar-, fræðslu- og útgáfumála.
- Aðstoð við framkvæmd viðburða á vegum ráðuneytisins.
- Umsjón með ritun og útgáfu ársrits.

**Hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku.
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð færni í notkun samfélagsmiðla.
- Frumkvæði, ábyrgð, samskiptahæfni og góð framkoma.
- Geta til að vinna undir álagi.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Um laun fer samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila á **postur@anr.is** og skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. **Umsóknarfrestur er til og með 28. jan.** Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu.

**Frekari upplýsingar** um starfið veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í síma **545 9700**. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

REYKJALUNDUR
endurhæfing

FYRIRMYNDARSTOFNUN 2018

## Iðjuþjálfi - afleysingarstaða

Um er að ræða verkefnastjórastöðu og er starfshlutfall samkomulag. Staðan er laus nú þegar.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

**Hæfnikröfur:** Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veita Bára Sigurðardóttir forstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2153/585-2048, netfang; baras@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2019.**

Umsóknarform má finna á heimasíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

## Sölu- og markaðsstjóri fyrir nýja deild GKS

GKS er rótgróið innréttingafyrirtæki sem sérhæfir sig í sérsmíðuðum innréttingar úr trésmiðju sinni og sölu á innfluttum innréttingum frá Þýskalandi.

GKS trésmiðja

**GKS leitar að sölu- og markaðsstjóra fyrir nýja deild fyrirtækisins. Um er að ræða nýtt starf.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Byggja upp og leiða starfsemi nýrrar deildar (markaðsaðgerðir og sala) innan fyrirtækisins
- Bera ábyrgð á markaðsaðgerðum í innleiðingunni og í framtíðinni
- Sala til viðskiptavina
- Tengsl við birgja

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Yfirgripsmikil reynsla í markaðs- og sölumálum og metnaður til að ná afburðaárangir í sölu
- Þekking á stafrænni markaðssetningu (viðhald heimasíðu og samskiptamiðlar)
- Menntun sem hentar starfinu
- Mikið frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott auga fyrir hönnun er mikill kostur

Tekið er á móti umsóknum í starfið í gegnum tölvupóstinn gks@gks.is. Umsókn þarf að fylgja starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Þórdís Wathne í síma 897-1983.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2019**



# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

## UMSJÓNARMAÐUR FLUGUPPLÝSINGAKERFA

Umsjónarmaður flugupplýsingakerfa er hluti af teymi sem sér um daglegan rekstur flugupplýsingakerfis Isavia (AODB). Kerfið samanstendur m.a. af Flight information display system (FIDS), Billing system, Resource managment system (RMS), PRM og Bussing.

Nánari upplýsingar veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýslu, **saevar.gardarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á flugvelli er kostur
- Góð tækni- og tölvukunnátta er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **20. JANÚAR**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

## Lögmenn athugið!

LÖGMENN LAUGARDAL

**Lögmenn Laugardal** óska eftir samstarfi við **lögmann**. Leitað er eftir aðila með reynslu af málflutningi. Góð þekking og reynsla á sviði **fasteignakaupa-**, **leigu-**, **neytenda-**, **kröfuréttar**, **fullnusturéttarfars** og **aðfarargerða** er æskileg. Nóg af verkefnum í boði fyrir réttan aðila. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Fyrirspurnir og umsóknir sendist á sunna@llaw.is **fyrir 20. janúar nk.**

## Bókari / móttökuritari

LÖGMENN LAUGARDAL

**Lögmenn Laugardal** óska eftir að ráða til starfa bókara/móttökuritara. Starfið felur í sér færslu bókhalds og umsjón með daglegum rekstri skrifstofu auk annarra starfa. Óskað er eftir aðila með góða **þekkingu á bókhaldi**, framúrskarandi **samskiptahæfni**, ríka **þjónustulund** og **gott vald á íslensku**. Konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um. Æskilegt er að aðilinn geti hafið störf 1. mars nk. Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar** og skulu umsóknir berast til sunna@llaw.is

## Canada

## ADMINISTRATIVE ASSISTANT WITH CONSULAR SUPPORT

**The Embassy of Canada in Reykjavik is looking for an administrative assistant to support the Administrative and Consular section of the Embassy.**

**Closing date for the application:**
**21 January 2019**

**Further details can be found at:**
**www.canada.is under *Job Opportunities***

## SAMSKIP



## > Sérfræðingur í Innkaupapantana- og greiðslustýringardeild

**Samskip óska eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjármálasviði. Helstu verkefni sérfræðings eru umsjón og eftirlit með samþykkt reikninga, afstemmingar lánardrottna, innleiðing á nýjum verkferlum og samskipti við erlendar skrifstofur.**

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla og þekking á bókhaldi
- Þekking á SAP bókhaldskerfi er kostur
- Góð almenn tölvufærni þ.m.t. Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Æskilegir eiginleikar**
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa í hóp í alþjóðlegu umhverfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Þorbjörn Rúnarsson, forstöðumaður Innkaupapantana og greiðslustýringar, einar.runarsson@samskip.com

## > Reynslumikill bókari óskast til starfa

**Samskip óska eftir að ráða bókara til starfa í Hagdeild. Starfið felur í sér færslu bókhalds, reikningagerð, afstemmingar og önnur störf er snúa að bókhaldi og uppgjörsvinnu.**

**Hæfnikröfur**
- Viðurkenndur bókari og/eða hagnýt reynsla af bókhaldsstörfum
- Haldgóð þekking á fjárhagsbókhaldi
- Góð þekking á Microsoft Office (Excel), þekking á SAP fjárhagskerfi kostur
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Æskilegir eiginleikar**
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa í hóp

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur R. Ingólfsson, forstöðumaður hagdeildar Samskipa, ingolfur.runar.ingolfsson@samskip.com

Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar nk.** Tekið er á móti umsóknum á vef Samskipa, www.samskip.is, og eru umsækjendur beðnir um að skila þar inn ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

ENNEMM / SÍA / NM91746

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

## Frumherji

## Rafvirkjar óskast

**Frumherji hf. óskar eftir rafvirkjum í undirverktöku til útskipta á raforkusölumælum í heimahúsum og fyrirtækjum.**

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- A.m.k. þriggja ára reynsla við rafvirkjunarstörf
- Góð þekking á tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta
- Skipulagsfærni og sveigjanleiki
- Góð samskiptahæfni

**Umsóknir**
Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Frumherja hf. Einnig er hægt að senda umsóknir á Orra Hlöðversson framkvæmdastjóra, orri@frumherji.is sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma: 8963399.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2019.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Frumherji hf. er leiðandi á sviði skoðana, prófana og tengdrar þjónustu á Íslandi. Fyrirtækið er með starfsemi um land allt og þjónustar viðskiptavini sína á 32 starfsstöðvum. Hjá fyrirtækinu vinna um 100 manns. Frumherji starfar sem fagleg skoðunarstofa á fimm sviðum í samræmi við ISO staðla 17020 og 17025.**

**Frumherji hf. | Þarabakki 3 | 109 Reykjavík | www.frumherji.is**

## REYKJALUNDUR endurhæfing

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2018

## Hjúkrunarfræðingur á offitusviði

Laus er til umsóknar 60% staða hjúkrunarfræðings á offitusviði. Staðan er laus nú þegar.

Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi og þarf viðkomandi að búa yfir ríkri hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðis í starfi. Viðkomandi þarf einnig að vera töluglöggur og tölvulæs.

Á offitusviði er unnið að endurhæfingu einstaklinga með alvarlega offitu. Unnið er í þverfaglegu teymi fagfólks, þar sem góð samvinna, fagmennska og þekking er höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Laun byggja á kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið veita Olga Björk Guðmundsdóttir hjúkrunarstjóri offitusviðs í síma 585-2059, netfang; olgabjork@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2019.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

# Húsasmiðir og Píparar

**Aflmót byggingafélag ehf. óskar eftir að ráða:**

**Húsasmiði** til starfa við gluggaísetningu og utanhúsfrágang.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í húsasmíðum skilyrði
- Geta unnið sjálfstætt og er stundvís.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Pípara** til starfa í pípulagningardeild fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í pípulögnum skilyrði.
- Geta unnið sjálfstætt og er stundvís.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

*Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið ingibjorg@aflmot.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*

***Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2019***

AFLMÓT ehf BYGGINGAFÉLAG

# Eftirlitsmaður, Akureyri

Vegagerðin óskar eftir að ráða í starf eftirlitsmanns á framkvæmdadeild stofnunarinnar á Akureyri. Starfið felst í vinnu við miðlæg verkefni framkvæmdadeildar á sviði viðhaldsstjórnunar vega og skráningu upplýsinga um ástand vega á landsvísu í slitlagaskrá og viðhaldsstjórnunarkerfi. Um 100% starf er að ræða.

VEGAGERÐIN

FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

**Starfssvið**

- Ástandsskoðun bundinna slitlaga.
- Skráning gagna í gagnagrunn slitlaga.
- Úrvinnsla upplýsinga úr slitlagabanka.
- Skráning gagna í viðhaldsstjórnunarkerfi slitlaga.
- Úrvinnsla upplýsinga úr viðhaldsstjórnunarkerfi slitlaga.
- Samskipti við erlenda aðila um rekstur viðhaldsstjórnunarkerfis.
- Framsetning gagna fyrir aðrar deildir Vegagerðarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á framhaldsskólastigi sem nýtist í starfi.
- Almenn ökuréttindi.
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg (töflureiknar).
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góðir samstarfshæfileikar og þjónustulund.
- Gott vald á íslensku og ensku.



**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2019. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar í síma 522-1070.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frumherji

# Skipaskoðun / löggildingar mælitækja

**Frumherji hf. leitar eftir starfsmanni til starfa við skipaskoðanir og löggildingu mælitækja. Í boði er fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki með góðan starfsanda.**

**Starfið er tvíþætt:**
- Lögbundin skoðun skipa/báta allt að 400 brúttótonn að stærð.
- Löggilding á vogum og öðrum mælitækjum.

Viðskiptavinir Frumherja eru staðsettir um allt land og starfinu fylgja talsverð ferðalög.
Starfsmaður mun hljóta góða tæknilega þjálfun í skoðunum og löggildingum í upphafi starfs.

**Hæfniskröfur**
**Þarf að uppfylla a.m.k. eitt af eftirtöldum skilyrðum:**

- Atvinnuskírteini yfirvélstjóra sem heimilar honum að taka að sér starf um borð í skipi þar sem afl aðalvélbúnaðar er 3.000 kW eða meira (sbr. STCW-regla III/2) og hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður í vélarúmi.
- Iðnmenntun og meistararéttindi á viðkomandi sviði (svo sem: vélvirkjun, skipasmíði, plötusmíði, rafvirkjun eða sambærileg menntun) og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta kosti.
- Atvinnuskírteini skipstjóra sem heimilar honum að stjórna skipi sem er 1.600 brúttótonn að stærð eða meira (sbr. STCW-regla II/2) og hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður á þilfari.

**Aðrar kröfur**

- Ökupróf er skilyrði, meirapróf er kostur.
- Rík þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og sjálfstæði í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.
- Færni í rituðu máli.

**Umsóknir**
Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Frumherja hf. Einnig er hægt að senda umsóknir á Hallgrím Hallgrímsson tæknistjóra Prófunarstofu, hallgrimur@frumherji.is sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma: 570 9264.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2019.**

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Frumherji hf. er leiðandi á sviði skoðana, prófana og tengdrar þjónustu á Íslandi. Fyrirtækið er með starfsemi um land allt og þjónustar viðskiptavini sína á 32 starfsstöðvum. Hjá fyrirtækinu vinna um 100 manns. Frumherji starfar sem faggild skoðunarstofa á fimm sviðum í samræmi við ISO staðla 17020 og 17025.**

**Frumherji hf. | Þarabakki 3 | 109 Reykjavík | www.frumherji.is**

# Deildarstjóri verndardeildar



**Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu deildarstjóra verndardeildar á mannvirkja- og leiðsögusviði stofnunarinnar.**

Samgöngustofa veitir sem lögbært yfirvald samþykki vegna flug- og siglingaverndar og hefur eftirlit með samþykktarhöfum aðilum. Í starfinu felst stjórnun deildarinnar í samvinnu við framkvæmdastjóra og skipulagning verkefna ásamt krefjandi innri og ytri samskiptum. Verkefni deildarstjóra felast aðallega í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirlits, úttektum og prófunum er varða flug- og siglingavernd auk alþjóðasamstarfs og aðkomu að innleiðingu krafna og viðhaldi handbóka á sviðum verndar. Við leitum að lausnamiðuðum starfskrafti sem á auðvelt með að setja sig inn í reglugerðir og nýjar aðstæður og getur unnið samkvæmt verklagsreglum í öguðu umhverfi. Viðkomandi þarf að leggja fram sakavottorð, undirgangast og standast bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjóra og öryggisvottun **sbr. reglugerð um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála nr. 959/2012.** Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 28. jan. 2019**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, eða viðamikil starfsreynsla, þjálfun og þekking á flugvernd, siglingavernd eða viðeigandi löggæslustörfum sem Samgöngustofa getur metið sambærilega.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Grunnþekking á gæða-, öryggis- og verndarstjórnunarkerfum, þ.á.m. úttektum og reynsla á því sviði er æskileg.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum er varða flug- og siglingavernd er æskileg.
- Auk íslensku eru mjög góð tök á ensku skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagningu og ögun í verkum eru áskilin. Þarf að geta unnið undir álagi.

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# Söluráðgjafi á bíl

## Auka- og varahlutadeild

Við leitum að öflugum einstaklingi til að taka að sér sölumennsku á auka- og varahlutum ásamt almennum rekstarvörum fyrir verkstæði. Daglegar heimsóknir, söluferðir og fyrirtækjasókn á meðal verkefna.

Viðkomandi þarf að hafa mikla færni í mannlegum samskiptum, vera árangursdrifinn, skipulagður, útsjónasamur og jákvæður.

Góð vinnuaðstaða og sterkur hópur af skemmtilegum samstarfsfélögum taka á móti réttum aðila.

**Sækið um starfið á vef félagsins www.toyota.is/storf - Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is - Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2019. Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningarvefnum.**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

bsi. ISO 14001 Environmental Management

www.toyotakauptuni.is info@toyota.is

Toyota Kauptúni

# Rafeindavirki

ÖRTÆKNI

**Rafeindavirki eða einstaklingur með sambærilega menntun óskast til að veita tæknivinnustofu Örtækni forstöðu.**

Starfið felst í ábyrgð á daglegum rekstri, svo sem öflun verkefna, sjá um framkvæmd verkefna og afgreiðslu, ráðningu starfsfólks, verkstjórn, efniskaup, framleiðslustjórnun og gæðaeftirlit.

Gerð er krafa um mjög góða tölvukunnáttu, þekkingu á rafmagns- og rafeindamarkaði, ásamt afburða hæfileikum í mannlegum samskiptum. Vinnutíminn er kl. 8 – 17 virka daga.

Yngri umsækjendur með minni reynslu en brennandi áhuga á ofangreindum verkefnum eru hvattir til að senda inn umsókn.

**Frekari upplýsingar um starfsemi Örtækni: www.ortaekni.is**
**Umsóknir skulu sendar á tölvupóst: thorsteinn@ortaekni.is**

VÍÐISTAÐAKIRKJA

## Víðistaðakirkja í Hafnarfirði

**auglýsir eftir kirkjuverði/meðhjálpara í fullt starf.**

**Starfsvið:** Umsjón með kirkju og búnaði hennar, þjónusta við helgihald, umsjón með tónleikahaldi og upptökum, þrif á salarkynnum kirkjunnar, umsjón með eignaskrá kirkjunnar.
**Hæfniskröfur:** Áhugi á kirkjulegu starfi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileikar og snyrtimennska, lipurð í samskiptum og traust framkoma, góð íslensku- og enskukunnátta æskileg svo og almenn tölvukunnátta.
Umsóknir merktar **„Starfsumsókn"** sendist til:
Víðistaðakirkja, Pósthólf 351, 220 Hfj. - og rafrænt á srbragi@vidistadakirkja.is
**Umsóknarfrestur er til 26. janúar 2019.**
Öllum umsóknum verður svarað.
Stefnt er að því að nýr starfsmaður hefji störf 1. apríl 2019.
**Nánari upplýsingar veita**
Hjörleifur Þórarinsson formaður sóknarnefndar
og séra Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.



# Sérfræðingur á rekstrarvakt

Rekstrarvakt RB sinnir vöktun og eftirliti með kerfum RB og annarra fjármálafyrirtækja, allan sólarhringinn, alla daga ársins.

### HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af rekstri tölvuumhverfis eða menntun við hæfi (t.d. tölvunarfræði eða kerfisfræði)
- Þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Þekking á netþjónum, netkerfum og gagnagrunnum
- Þekking/reynsla af eftirlitskerfum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og samviskusemi
- Næmni fyrir smáatriðum og góð yfirsýn
- Hæfni til að vinna vel undir álagi þegar þess þarf

### HELSTU VERKEFNI

- Stuðningur og samskipti við aðra hópa innan sem utan fyrirtækis
- Regluleg verkefni eins og prófanir á tvöfaldri uppsetningu kerfa, skýrslugerð, eftirlit með keyrslu, vinnsla
- Vaktavinna á 12 tíma vöktum

Umsóknarfrestur er til **22. janúar**. Óskað er eftir því að áhugasamir fylli út umsóknir á vef RB, **www.rb.is**.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Kristjón Sverrisson**, forstöðumaður tæknireksturs, **kristjon@rb.is**, sími **569 8877**.

**RB** er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megingreiðslukerfi landsins. Hjá RB starfar margt af öflugasta upplýsingtæknifólki landsins.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

RB

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# LAUS STAÐA

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í fagottdeild.**

**STAÐA LEIÐARA Í FAGOTTDEILD**

**Hæfnispróf fer fram 1. apríl 2019 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** Mozart: Fagottkonsert í B dúr, K.191. 1. og 2. kafli.

**2)** Saint-Saëns: Fagottsónata op. 168. 1. og 2. kafli.

Umsóknarfrestur er til og með **3. febrúar 2019.** Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (**starf@sinfonia.is**).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.



# ÖFLUGUR MÆLINGAMAÐUR MEÐ MEIRU




Köfunarþjónustan og Jarðfræðistofa K T óska eftir öflugum mælingamanni í fjölbreytt og lifandi starf. Saman reka þessir aðilar alhliða mælingadeild, búna nýjasta tækjabúnaði. Fyrirtækið flytur í nýjar bækistöðvar á næstunni, sérstaklega hannaðar undir starfssemina.

Markmið starfsseminnar er að sækja fram á þessu sviði og verða enn öflugri í sjó- og landmælingum. Það er meðal annars gert með úrvals vel launuðu fólki, og fjárfestingum í nýjustu tækni. Við höfum meðal annars tekið að okkur verkefni í Grænlandi og Færeyjum.

**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Sjó- og landmælingar
- Úrvinnsla gagna
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi verkefni
- Sveigjanlegur vinnutími

**HÆFNISKRÖFUR**
- Sterkur bakgrunnur í mælingum og úrvinnslu
- Þekking og reynsla af bátum og stjórnun þeirra
- A.m.k. BE ökuréttindi
- Gott tengslanet
- Góð tölvukunnátta
- Enskukunnátta

**EIGINLEIKAR**
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og heiðarleiki
- Hæfni til að vinna sjálfsstætt og í hóp
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi hefur bíl til afnota. Hann hefur umsjón með sérsmíðuðum mælingabáti, tvíbytnunni Kríunni.
Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á hallgrimur@diving.is.
Varðandi frekari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is
eða í síma +354 893 8303.

**Köfunarþjónustan er á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2017 og 2018**

Nýjasta stórverkefni okkar var björgun sementsskipsins Fjordvik í Helguvík.

kafari.is

KÖFUNAR ÞJÓNUSTAN EHF
Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

Jarðfræðistofa Kjartans Thors

ráðum ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna.
Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

## Viltu vinna með sérhæfð kerfi til að fylgjast með öflum náttúrunnar?



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur í kerfisstjórnun/sérkerfi

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórnun, til að sinna viðhaldi og rekstri á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar, sem og taka þátt í hönnun og þróun á þeim. Viðkomandi mun starfa á ***Upplýsingatæknisviði*** Veðurstofu Íslands.

**Meginhlutverk**
Veðurstofan rekur mörg krefjandi og sérhæfð upplýsingatæknikerfi í 24/7 umhverfi. Sérfræðingurinn er hluti af öflugu teymi og kemur til með að hafa umsjón með, setja upp, prófa og í sumum tilfellum reka kerfin. Starfið felur í sér kerfishönnun, skjölun og þátttöku í þróunarferlum, ásamt því að koma kerfum/hugbúnaði í rekstur. Viðkomandi sér um samskipti við þjónustuaðila ef svo ber undir og getur þurft að sinna bakvöktum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun og/eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- Farsæl reynsla af umsjón, rekstri og afritun stýrikerfa
- Hæfni í kerfislæsi, þ.e. hæfni til að fá fljótt örugga yfirsýn yfir flókin kerfi/verkefni
- Þekking á rekstri sýndarumhverfis (VMware)
- Reynsla af kerfishönnun er æskileg
- Þekking á stöðugri framteflingu er kostur
- Þekking á sjálfvirkum prófunum og eftirliti er kostur
- Þekking á gagnagrunnskerfum (notkun, uppsetning, og rekstur) er kostur
- Þekking á netkerfum og fjarskiptum er kostur
- Kunnátta í forritun er kostur
- Hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Nákvæmni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

# Sérfræðingur í kerfisstjórn/DevOps

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórn/DevOps, til að sinna rekstri, viðhaldi og rekstrarþróun á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar. Viðkomandi mun starfa á ***Upplýsingatæknisviði*** í DevOps hópi.

**Meginhlutverk**
Meðal verkefna kerfisstjóra/Devops er að taka við hugbúnaðarkerfum sem eru keyrandi og í stöðugu ástandi og setja í rekstur. Viðkomandi mun einnig hluti af teymi sem vinnur markvisst að því að einfalda rekstur á núverandi hugbúnaði og kerfum sem tengjast ólíkum fagsviðum Veðurstofunnar. Kerfisstjóri/Devops tekur að auki þátt í þróunarvinnu með það að markmiði að tryggja rekstrarþætti hugbúnaðarlausnar/kerfis, ásamt því að lagfæra eða aðlaga minni hugbúnaðarlausnir að þörfum Veðurstofunnar.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- Farsæl reynsla af hugbúnaðar- og kerfisþróun
- Kunnátta á Linux umhverfi
- Þekking á helstu forritunarmálum s.s. Python, JavaScript
- Þekking á sjálfvirkum prófunum og eftirliti er kostur
- Þekking á stöðugri framteflingu og sýndarumhverfum (s.s. Gitlab CI/CD, Docker, VMWare)
- Þekking á gagnagrunnskerfum (notkun, uppsetning, og rekstur) er kostur
- Hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Nákvæmni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á **www.starfatorg.is.**

Í báðum tilfellum er um að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur starfanna** er til og með **28. janúar nk.**

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking**, **áreiðanleiki**, **framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 70 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi**. Starfsemin fer fram á fimm sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði og Upplýsingatæknisviði**.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***



www.vedur.is
522 6000



# Framtíðin er snjöll
## – mótaðu hana með okkur

**Stóra stundin er runnin upp. Við leitum að hugmyndaríku og drífandi fólki sem er tilbúið til að taka þátt í nýsköpun og framþróun og móta með okkur snjalla framtíð.**

## Rekstrarstjóri fráveitu

Framtíð fráveitu felur í sér sporlausa fráveitu, blágrænar regnvatnslausnir og fræðslu til almennings. Rekstrarstjóri fráveitu framtíðarinnar sér um að rekstur fráveitunnar gangi snurðulaust fyrir sig, brennur fyrir hreinum ströndum og nýtir tækniþróun, nýsköpun og góð samskipti til að það verði að veruleika.

### Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

**Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**

**Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin**

**Í góðu sambandi við framtíðina**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



# Spennandi atvinnutækifæri í Fjarðabyggð

**Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar leitar eftir að ráða kraftmikla og drífandi einstaklinga í eftirfarandi störf.**

- Starf verkefnastjóra búsetuþjónustu - Verkefnastjóri ber ábyrgð á daglegri stjórnun, skipulagningu og framkvæmd búsetuþjónustu og félagsstarfi aldraðra.
- Starf forstöðumanns búsetuþjónustu fatlaðs fólks - Forstöðumaður starfar í ráðgjafarteymi og búsetuteymi fjölskyldusviðs og tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum.
- Ráðgjafi á fjölskyldusviði - Um er að ræða afleysingu til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar.**

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Helga Elísabet Beck Guðlaugsdóttir, félagsmálastjóri Fjarðabyggðar, í síma 470-9000 eða á netfanginu helga.gudlaugsdottir@fjardabyggd.is eða inn á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is.

*Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



# Dagskrárgerðarmaður
## Rás 2

Við leitum að dagskrárgerðarmanni með breiða þekkingu, góða reynslu af fréttatengdri dagskrárgerð eða blaðamennsku og mjög gott vald á íslensku máli. Vinnutími hefst snemma dags alla virka daga og unnið er í teymi.

Gerð er rík krafa til dagskrárgerðarfólks um fagmennsku, óhlutdrægni og frjóa hugsun. Rás 2 er mikilvægur liður í öryggishlutverki RÚV og miðlar upplýsingum til þjóðarinnar á hraðan og öruggan hátt.

**Umsóknarfrestur er til 21. janúar.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Nánari upplýsingar og skil umsókna á **umsokn.ruv.is**

**www.ruv.is**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

# VERSLUNARSTJÓRI KRINGLUNNI

Við leitum að áhugasömum og lífsglöðum kaffiunnanda í starf verslunarstjóra á kaffihús okkar í Kringlunni. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri kaffihússins og starfsmönnum þess.

Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á kaffi, er sjálfstæður í vinnubrögðum, hugmyndaríkur og lipur í samskiptum. Sambærileg starfsreynsla er skilyrði.

Þið fylgdust lengi að ... segi ég. „Já, já, við kynntumst í MR og urðum strax svolítið skotin hvort í öðru. Uppátæki hans voru ótrúleg og ég fylltist af fögnuði í hvert skipti. Hann var líka einn af örfáum sem töluðu við mig sem jafningja. Það hitti í mark. En okkar tími rann ekki upp fyrr en seinna, úti í París.

Auðvitað er þetta mikil breyting á mínum högum, samt læt ég þetta bara ganga af því að það verður að gera það, hann er þarna og hann er hérna og bara úti um allt, ég spyr hann og hann svarar mér í ljóðum, það er ótrúlega góð staða að hafa þennan djúphugsaða og heilandi skáldskap frá honum. Hann var gefandi og örlátur maður.“

Nafns sonarins, Jóhannesar Páls Sigurðssonar, er líka á útidyrabjöllunni þó að hann sé fluttur að heiman, markaðsfræðingur. Ég spyr Kristínu hvort hún eigi barnabörn. „Nei, við vorum náttúrlega orðin 38 ára þegar við eignuðumst drenginn og hann hótar því að verða ekki fyrr á ferðinni með afkomanda, við sjáum bara til! Stundum er auðvitað ofboðslega tómlegt að vera ein en ég hef haft mikið að gera og það er kannski það sem bjargar mér, ég á erindi út úr húsi og er svo lánsöm að vera í starfi þar sem samvinna er grundvöllurinn, þá kemur upp hinn ágæti málsháttur: maður er manns gaman.

Kristín hefur verið önnum kafin við að setja upp sýningu í Borgarleikhúsinu sem heitir Núna og var frumsýnd í gærkvöldi. Í henni eru þrjú stutt leikverk, frumraun jafnmargra höfunda í leikritaskrifum. „Þetta er ungviði, mjög skemmtilegt, með nýstárlegar og frjálsar hugmyndir, þess vegna þótti við hæfi að hafa einhverja aldraða og reynda manneskju með en stundum finnst mér ég vera yngst í hópnum,“ segir Kristín glaðlega. „Ég hef alltaf verið ungliði þó að árin líði, yngist hvað það varðar, frekar en hitt, og að vera alltaf í stanslausri sköpun er mjög gefandi, örvandi og heilandi líka, ég er alveg sannfærð um það.

Sviðsetning er reyndar mikil ábyrgð. Það gildir að finna kjarna merkingar, form, leiðir og afstöðu til leikrita nýrra höfunda. Þar hefst nýtt höfundarverk sem er leikstjórans. Ég hef reyndar með mér leikhóp sem í eru snillingar, hver um annan þveran.“

Hverjir sömdu þessi verk? spyr ég. „Þetta eru Matthías Tryggvi Haraldsson, Hildur Selma Sigbertsdóttir og Þórdís Helgadóttir. Þau eru af kynslóð sem er með mjög skýr tengsl við umheiminn og hafa verulegar áhyggjur – það eru alvöru áhyggjur – en líka góðan húmor. Verkin fjalla um þetta ástand sem ríkir í náttúrunni og stefnir í heimsvoða. Svo er það kynjasviðið, þar hefur orðið ótrúleg uppstokkun, karlarnir vita ekki lengur hvert þeirra hlutskipti er, konurnar eru smám saman að taka yfir svið sem karlar héldu að þeir ættu. Það sem er svo skemmtilegt við þetta unga fólk er að það er ekki í neinum predikunarstellingum, heldur hefur fjarvídd á hlutina og henni fylgir húmor. Ég held einmitt að það sem helst geti vakið fólk til vitundar sé svona nálgun.“

Kristín kveðst hafa óbilandi trú á mannsandanum, sérstaklega ef litið sé til lista, einkum og sér í lagi ljóðlistar. „Sigurður hélt því fram að fegurðin væri kjarni lífsins og ljóðlistin lífsnauðsyn. Ég er algerlega sammála honum. Standandi sjálf frammi fyrir þeirri ógn sem ég gerði fyrir nokkrum árum og síðan missi og sorg og því ferli sem allir lenda í, fyrr eða síðar, í einhverju formi, fór ég að íhuga hvernig ég gæti brugðist við, sá ekki að ég kæmist í gegnum þennan skafl og þetta svartnætti. Áttaði mig svo á því að það þyrfti að virkja skæruliða andans, hann er nefnilega mjög máttugur, hann beislar og leiðir hugann og leitar að hjáleið til þess að komast í gegn. Svona eins og Virgill sem leiddi Dante niður til vítis til þess að hann kæmist á endanum upp til himnaríkis að finna Beatrice sína. Það er alltaf til leið.

**Ég á erindi út úr húsi og er svo lánsöm að vera í starfi þar sem samvinna er grundvöllurinn, þá kemur upp hinn ágæti málsháttur: maður er manns gaman.**

## Góður leiðsögumaður er málið

Sumir hafa ekki uppgötvað skæruliða andans og lent á vegg. En hann er þarna, geymir ljósið og leiðir okkur í myrkrinu. Ég les ljóð eftir Sigurð á hverjum einasta degi, eitt ljóð – oft fylgja fleiri. Þar er stöðug uppljómun og vísbending um hjálp við að eyða myrkrinu og ógninni með einhvers konar ljósi. Sú hjálp er ekki ætluð mér einni, hún er fyrir alla, það er vissa mín.“

Kristín segir grundvallaratriði að hafa viðfangsefni. „Þó að það sé erfitt og mikil ábyrgð að setja upp leikverk og gera bíómyndir þá er það líka gefandi. Maður eyðir löngum tíma í að láta hugmyndir vinnast, en þá kemur eitthvað gott til baka og úr verður hringrás af orku.“

Fram undan hjá Kristínu er að stýra útvarpsleikriti eftir Sölku Guðmundsdóttur sem útskriftarhópurinn úr leiklistardeild Listaháskólans ætlar að flytja. „Ég hef óskaplega gaman af útvarpsleikhúsi og hlakka til að takast á við það verkefni,“ segir hún brosandi.

Kristín hafði í nokkur ár gert rannsóknir fyrir doktorsgráðu í kvikmyndafræði frá París, þegar hún varð altekin af hugmynd fyrir kvikmynd, Á hjara veraldar, fór heim og gerði hana að veruleika í félagi við Sigurð. „Ég hafði rannsakað þátt og myndmál kvenna í kvikmyndasögunni og þar kom margt fróðlegt fram. Fór svo úr fræðunum í að gera kvikmyndir, það var reyndar ákvörðun sem ég tók áður en ég fór út í nám, að ég ætlaði að gera myndir, þeir fáu sem ég trúði fyrir því horfðu á mig eins og ég væri vitskert. Svo fór ég í tækninám sem ég, að gefnu tilefni, held fram að sé miklu minna mikilvægt en að greina tungumál kvikmyndanna og sjá hvert það getur farið með okkur. Sumir eru í sama fari og allir hinir, aðrir reyna að endurnýja tungumálið, þar á meðal eru margar konur. Þær hafa mjög oft annað sjónarhorn á myndmál en karlar og nota annað tungutak.“

*Finnst þér þú hafa fengið næg tækifæri til að leikstýra kvikmyndum?*

„Ég vissi fyrirfram að ég yrði ekki í kvikmyndagerð sem fylgdi meginstraumum og gerði aldrei ráð fyrir að verða þaulsætin sem kvikmyndaleikstjóri við borðið, samt sem áður liggja eftir mig miklu færri myndir en ég hefði viljað. Það er sagt að til að verða meistari þurfi samfellda iðkun, það þýðir að maður nær ekki langt þegar áratugir líða á milli verkefna, sama í hvaða fagi það er. En þetta er óhuggulega dýr miðill, maður er ekkert í atvinnumennsku nema að gera mynd fyrir 150-200 milljónir, þá þarf maður styrki og meðframleiðendur og fer í gegnum óskaplega síu. Það er ekki hlaupið að þessu.“

Þegar önnur áhugamál ber á góma tekur Kristín fram að hún hvorki spili golf, né fari í sund eða líkamsræktarstöðvar en hún fer í gönguferðir, stuttar. „En ég hef mikinn áhuga á mennskunni og öllu sem viðkemur henni. Það er ansi víðáttumikið svið. Sumir koma ofboðslega miklu í verk, ég hef aldrei getað skilið hvað sumu fólki tekst vel að skipuleggja tímann sinn. Ég á það til að setjast niður með bók og svo þegar ég lít upp er dagurinn búinn. Stundum læt ég dálítið renna saman veruleika og draum, ytra og innra líf. Þar fæðast líka dásamlegar hugmyndir.“



# EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957




SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 | GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090




# Efstaleiti 27 & Lágaleiti 1-9

**FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR ÍBÚÐIR MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði. Stærð íbúða er frá 34 fm – 120 fm.

**Vandaðar og nútímalegar íbúðir**
**Flestar íbúðanna með stæði í bílageymslu**

- **Stúdíóíbúð, verð frá 28,4 m.**
- **2ja herbergja íbúð, verð frá 36,9 m.**
- **3ja herbergja íbúð, verð frá 51,9 m.**
- **4ra herbergja íbúð, verð frá 64,9 m.**

Stærð 49,7 fm / Svalir 7 fm
Verð **36,9 mkr.**




Stærð 105,2 fm / Svalir 20,2 fm
Verð **66,9 mkr.**




## OPIÐ SUNNUDAGINN 13. JANÚAR
**Á EIGNAMIÐLUN, GRENSÁSVEGI 11, MILLI KL. 13.30 OG 14.30**

## SÖLUMENN KYNNA ÍBÚÐIRNAR

**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700



---



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



# Arnarhlíð 1

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

- **Stærð frá 57 fm.**
- **Verð frá 39,8 millj.**

## OPIÐ HÚS
**SUNNUDAGINN 13. JANÚAR**
**MILLI KL. 13.30 OG 14.30**

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT





✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Erlu Friðbjörnsdóttur**
frá Grenimel, Grenivík.

**Anna Pétursdóttir** **Kristinn Skúlason**
**Birgir Pétursson** **Aðalheiður Jóhannsdóttir**
**Sigurbjörg Helga Pétursdóttir** **Jón Bragi Skírnisson**
**Friðbjörn Axel Pétursson**
**Jón Ásgeir Pétursson** **Elín Berglind Skúladóttir**
**Guðrún Hildur Pétursdóttir** **Helgi Teitur Helgason**
**ömmu- og langömmubörn.**





ATHÖFN ÚTFARAÞJÓNUSTA - s: 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*


Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




Hluti innsetningarinnar Huglæg rými í Listasafni Árnesinga sem teygir sig um þrjá meginsali safnsins og anddyrið.

# Samvaxinn sögu staðarins

## Uppspretta verksins Huglæg rými, sem Listasafn Árnesinga opnar sýningu á í dag, byggist á samtölum listamannsins Ólafs Sveins og nágranna hans, Sigurðar á Sviðugörðum.

Fyrsta sýning ársins í Listasafni Árnesinga í Hveragerði er innsetning eftir Ólaf Svein Gíslason sem ber heitið Huglæg rými. Hún samanstendur af kvikmynd sem varpað er á sex fleti sýningarrýmisins, vatnslitaverkum, litlum og misstórum skúlptúrum og milliveggjum. Á athyglisverðan hátt myndast þannig eitt verk sem Ólafur sviðsetur í þremur meginsölum safnsins og anddyri. Sýning á því verður opnuð í dag, laugardag, klukkan 15 og Sveinn hefur unnið að þessu verkefni, Huglæg rými, um nokkurra ára skeið og það er samfélagstengt. Uppspretta þess eru samræður Ólafs Sveins og nágranna hans í Flóanum, Sigurðar Guðmundssonar á Sviðugörðum. Með þeim kynntist listamaðurinn því hvernig Sigurður er tengdur býlinu, húsunum, skepnunum og jörðinni – nánast samvaxinn sögu staðarins.

Handrit kvikmyndarinnar byggist á viðtölunum við Sigurð en Ólafur lætur fjóra einstaklinga segja frá sem Sigurður, auk Sigurðar sjálfs. Þeir eru leikarinn Þór Tulinius, og þrír sveitungar, Ágúst Þorsteinsson, Guðjón Helgi Ólafsson og Kristín Ólafsdóttir.



**Listamaðurinn Ólafur Sveinn Gíslason.**

Verkið Huglæg rými var fyrst kynnt á OPNUN sem var sýning í Gallerý Kling & Bang þegar Marshallhúsið á Grandagarði var formlega opnað 2017 en undanfari sýningarinnar var sjónvarpsþáttaröð á RÚV sem helguð var íslenskri samtímalist þar sem gefin var innsýn í list, sýn og hugmyndafræði tólf myndlistarmanna. Ólafur var valinn í þann hóp.

Listasafn Árnesinga er opið fimmtudaga til sunnudaga milli klukkan 12 og 18. Aðgangur að því er ókeypis og allir eru velkomnir – líka á opnun sýningarinnar.

**gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og alla þá samúð sem okkur var sýnd við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Haralds S. Holsvik**
Markholti 16, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki blóðlækningadeildar 11 G Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Gígja Sólveig Guðjónsdóttir**
**Guðjón D. Haraldsson** **Valbjörg Þórðardóttir**
**Guðrún Dagmar Haraldsdóttir** **Grétar Ólafsson**
**Gígja Björg, Þórður, Marteinn og Dagmar Guðjónsbörn**
**Ólafur Harald Grétarsson**



✝

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og umhyggju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,

**Birgittu Rósar Björgvinsdóttur**

Sérstakar þakkir til allra þeirra er styrktu Camillu Mist og minnum við á framtíðarreikning hennar 322-13-303027 Kt: 090502-2040.

**Andri Þór Ólafsson**
**Camilla Mist S. Andradóttir**
**Björgvin Th. Kristjánsson** **Sigríður Ingólfsdóttir**
**Karitas Ósk Björgvinsdóttir** **Aron Björn Kristinsson**
**Björgvin Pétur Björgvinsson**
**Hildur Aðalsteinsdóttir** **Ólafur Ágúst Baldursson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hulda Steinsdóttir**
frá Siglufirði,

lést á Skjóli 13. desember 2018. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður Gunnar Hilmarsson** **Jónína S. Gunnarsdóttir**
**Sigurborg Jóna Hilmarsdóttir** **Ari Már Torfason**
**Elínborg Hilmarsdóttir** **Magnús Pétursson**
**Iðunn Ása Hilmarsdóttir**
**og ömmubörn hinnar látnu.**



✝

Ástkær bróðir okkar og mágur,

**Eiður A. Breiðfjörð**
blikksmíðameistari,
Laugateigi 27, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. janúar klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund.

**Bertha R. Langedal**
**Leifur Breiðfjörð** **Sigríður Jóhannsdóttir**
**Gunnar Breiðfjörð** **Elín Aune**

# Ein limra fyrir hvert ár

**Ragnar Ingi Aðalsteinsson frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal heldur upp á sjötíu og fimm ára afmæli með útgáfu kversins Bragarblóm sem inniheldur sjötíu og fimm limrur.**

Ragnar Ingi er nýkominn heim úr forfallakennslu í Foldaskóla þegar í hann næst. „Ég var í 25 ár við unglingakennslu og er að rifja upp taktana. Er með einn 10. bekk í íslensku í nokkrar vikur, nokkuð sjóaður í því fagi.“ Þar sem maðurinn er doktor í bragfræði spyr ég hvort hann noti ekki tækifærið og kenni ungmennunum íslenska bragarhættina. „Ég hef lítið farið í þá, var samt svolítið með þeim í ljóðum í morgun en er aðallega að fara yfir málfræðina með þeim, búa þau undir próf.“

*Er það rétt að þú sért að eldast ískyggilega?*

„Ja, það eru 365 dagar á ári sem líða hver af öðrum, og árin verða 75 þann 15. Ég horfi í kringum mig og hugsa, hvað gerðist eiginlega? En ég held upp á þessi tímamót með útgáfu á kveri með 75 limrum, fullum af kerskni og galgopa. Flestar hafa orðið til síðan í sumar en aðrar eru eldri. Sú elsta held ég sé Minni skáldsins sem er svona:

*Framan af örlítið eimdi*
*eftir af því sem mig dreymdi*
*svo máðist það út*
*og í móðu og sút*
*ég man ekki hverju ég gleymdi.*



Bragarblóm heitir bókin og er skreytt svarthvítum blómateikningum. „Sóley Nótt Jerzydóttir er snillingur, hún teiknaði blómin fríhendis,“ segir Ragnar Ingi. „Ég frétti af henni, spjallaði við hana í byrjun desember og gaf henni tíu daga til verksins, hún kom með allt klárt í tæka tíð.“

Ragnar Ingi kveðst ágætlega sprækur. „Ég hleyp reglulega, var á hlaupabrautum í Egilshöll í 35 mínútur í gærkveldi og kom heim rennsveittur. Er ekkert að taka séns á að hlaupa úti, það er svo hættulegt ef svellar, vil ekki mölva í mér beinin. En svo fer ég í sund á milli. Var að læra nýlega að fara í kalda pottinn, hann gerir manni gott.“



Ragnar heima í stofu. Bragarblóm er 12. ljóðabók hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þegar ég hef orð á að andinn sé greinilega sprækur líka, um það vitni bókin, svarar skáldið: „Ja, um mitt andlega ástand er betra að aðrir dæmi en ég, sem er bullandi vanhæfur í því máli.“

Útgáfuhóf verður heima hjá afmælisbarninu á þriðjudaginn milli 17 og 19.30. Sigurlína, kona hans, er búin að kaupa kransaköku og aðrar léttar veitingar, að sögn Ragnars Inga. „Svo verður svolítil músík. Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari í Skálmöld, ætlar að spila fyrir mig, við eigum nefnilega í samstarfi, Þráinn Árni er að kenna mér á gítar og ég honum að yrkja – og nú ljóstra ég upp leyndarmáli – við ætlum að frumflytja fyrsta lag sem ég hef samið við fyrsta textann hans Þráins Árna. Við reiknum ekki með neinum Pulitzer-verðlaunum en þetta er auðvitað bara byrjunin á ferlinum!“ gun@frettabladid.is

---

✝

Við þökkum innilega fyrir hlýhug og heiður sýndan minningu

**Dr. Valgarðs Egilssonar**

sem lést 17. desember 2018.

**Katrín Fjeldsted**
**Arnhildur, Jórunn, Vésteinn og Einar Valgarðsbörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Halldóru Snorradóttur**
frá Syðri-Bægisá, Öxnadal, húsfreyju í Stóra-Dunhaga, Hörgárdal.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á Einihlíð fyrir hlýju og umönnun.

**Þórlaug Arnsteinsdóttir** **Jóhann Þór Halldórsson**
**Sigrún Arnsteinsdóttir** **Jóhannes Axelsson**
**Árni Arnsteinsson** **Borghildur Freysdóttir**
**Hulda Steinunn Arnsteinsdóttir**
**G. Ingibjörg Arnsteinsdóttir** **Þórður Ragnar Þórðarsson**
**Unnur Arnsteinsdóttir** **Friðrik Sæmundur Sigfússon**
**Heiðrún Arnsteinsdóttir** **Friðjón Ásgeir Daníelsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Nanna Guðrún Jónsdóttir**
frá Djúpavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans 2. janúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Ómar Ólafsson** **Sigríður Eysteinsdóttir**
**Stefán Ólafsson** **Edda Andrésdóttir**
**Jónína Kristín Ólafsdóttir** **Sigurjón Sigurbjörnsson**
**Atli Ólafsson** **Guðfinna Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Kærar þakkir fyrir alúð og hlýhug vegna andláts og útfarar systur minnar,

**Sigríðar Ingibjargar Þorgeirsdóttur**
kennara,
Hæringsstöðum í Árborg.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjallatúns í Vík og Ljósheima á Selfossi.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Sólveig Antonía Þorgeirsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður E. Guðmundsson,**
MA, fv. framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Raufarseli 11, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 6. janúar 2019, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 16. janúar klukkan 13.

**Guðrún Helga Sigurðardóttir** **Friðrik Friðriksson**
**Benedikt Sigurðsson**
**Kjartan Emil Sigurðsson**
**Aldís Eva Friðriksdóttir**
**Dagur Páll Friðriksson**
**Emelía Rut Viðarsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Elín Sveinsdóttir**
frá Fossi í Staðarsveit, Grundarbraut 26, Ólafsvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi föstudaginn 21. desember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum starfsfólki HVE Akranesi fyrir góða og hlýja umönnun.
Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug.

**Egill Viðar Þráinsson** **Hrefna Guðbjörnsdóttir**
**Pálína S. Þráinsdóttir** **Ingvar Sigurðsson**
**Bryndís J. Þráinsdóttir** **Valur Magnússon**
**Sigurbjörg E. Þráinsdóttir** **Þröstur Kristófersson**
**Lilja Björk Þráinsdóttir** **Lárus R. Einarsson**
**Berglind S. Þráinsdóttir**
**Sigtryggur S. Þráinsson** **Margrét G. Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Sigurður Davíðsson**
Suðurgötu 15, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 4. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 15. janúar kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jóhannes Þór Sigurðsson** **Hulda Ólafsdóttir**
**Davíð Már Jóhannesson** **Dagur Fannar Jóhannesson**
**Þórður Kristjánsson** **Unnur Þorsteinsdóttir**
**Gísli Davíðsson**
**Kristín Ása Davíðsdóttir** **Atli Þorsteinsson**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alda Þorgrímsdóttir**
Brekkugötu 38, Akureyri,

sem andaðist aðfaranótt föstudagsins 4. janúar, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. janúar kl. 13.30.

**Ómar Garðarsson** **Rannveig Benediktsdóttir**
**Smári Garðarsson**
**Páll Garðarsson** **Sigurður Ö. Guðbjörnsson**
**Eydís Garðarsdóttir** **Bjarni Einarsson**
**Viðar Garðarsson** **Sigríður Á. Viðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Stefán Jónsson**
málarameistari, Bakkahlíð 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 6. janúar.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. janúar klukkan 13.30.

**Heiðrún Björgvinsdóttir**
**Jón Ari Stefánsson**
**Hjördís Stefánsdóttir** **Heiðar Konráðsson**
**Heiðrún Valdís og Hildur Védís**

---



✝

Yndislega mamma mín, dóttir og systir,

**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
Dvergabakka 32,

lést á heimili sínu laugardaginn 5. janúar. Jarðsett verður frá Fossvogskirkju þann 1. febrúar klukkan 11.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Flavia Annis Rollini**
**Magðalena Stefánsdóttir**
**Esther Sigurðardóttir** **Helgi Sigurðsson**
**Stefán Baldvin Sigurðsson** **Anna S. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Jensey Sigurðardóttir** **Kristján Bjarndal Jónsson**
**Sigurður Sigurðarson** **Hildur Sandholt**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**VAÐLAHEIÐARGÖNG**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| K | A | N | A | D | A | M | A | N | N | A | | A | | S | | O | | H | |
| V | | Æ | | A | | O | | Ó | | L | U | N | D | A | R | F | A | R | S |
| Í | S | T | R | U | F | L | A | N | I | R | | D | | M | | R | | A | |
| Ð | | U | | Ð | | D | | B | | Á | L | A | G | S | T | Í | M | U | M |
| A | K | R | A | F | J | A | L | L | I | Ð | | S | | T | | K | | N | |
| H | | B | | E | | R | | I | | N | Ó | T | N | A | R | I | T | U | N |
| N | | R | E | G | N | B | Ö | K | K | U | M | | | Ð | | N | | Ð | |
| Ú | | Ö | | I | | E | | A | | M | A | N | N | A | M | U | N | U | R |
| T | Á | L | S | N | Ö | R | U | N | A | | G | | A | | A | | Á | | E |
| U | | T | | | R | | | | F | R | A | M | S | Ý | N | | T | | I |
| M | A | S | S | A | M | I | K | I | L | | R | | A | | N | Y | T | U | Ð |
| | R | | Ó | | E | | A | | S | A | N | D | G | Í | G | | U | | I |
| S | K | O | T | Á | R | Á | S | U | M | | I | | A | | E | I | G | I | N |
| | A | | T | | K | | T | | U | M | R | Ó | T | A | R | | L | | N |
| A | R | F | A | F | J | Ó | L | A | N | | | F | | S | T | A | U | T | I |
| | S | | R | | U | | Ó | | A | F | T | A | N | Í | | K | | O | |
| S | T | O | F | U | M | A | Ð | U | R | | | G | | S | | A | U | L | I |
| | Æ | | A | | | K | | | I | Ð | N | R | Í | K | I | S | | L | |
| Ú | R | D | R | Á | T | T | I | N | N | | | I | | R | | Í | V | A | R |
| | Ð | | I | | | U | | | S | K | E | R | F | A | R | A | | Ð | |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist erfitt en mikilvægt verkefni sem margir glíma við þessa dagana. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. jan".



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Lífsnautnin frjóa** eftir **Anne B. Ragde** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Axel Skúlason, 112 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Vantar vanga af kvígu til kápugerðar (9)
**8** Maður kýldi krakka úr framhaldsskóla (6)
**11** Er einræða málfræðihugtak? (7)
**12** Lítil, settleg og giska hljóðlát (9)
**13** Nudda hnött um leið og hann lætur sjá sig (6)
**14** Grilla danska grund (7)
**15** Það finnst í æðum auðugra og þó enn frekar fjörugra manna (9)
**16** Kistan bíður líka þeirra sem fara á þennan ruglaða kúr (6)
**17** Röflum um torf sem við settum svip okkar á (7)
**18** Söngur um örvandi arabíska tuggu og neikvæð skaut (7)
**19** Við skulum staldra við áður en rás verður árás (6)
**20** Hríð Ara kemur alltaf rétt fyrir sumarmál (7)
**23** Óregla drápanna kallar á reglu kápanna og skápanna (10)
**27** Finn þessa angan allt í kringum Björk (6)
**29** Nes þetta mun ég tæpast naga án bita úr hrosskjálkum (9)
**31** Gef aur fyrir bragð af því sem koma skal (8)
**32** Ljúfar komast í uppnám er þær hitta fræga (5)
**35** Fer ýmist á sjó eða ekki vegna hæsis (5)
**36** Þá mættu hingað fiðraðir flækingar (12)
**38** Sá sem varð fyrir árás graffaranna útskrifaði sig sjálfur (9)
**39** Jökull rennir sér í rúmbu en Moli skautar skottís (8)
**40** Beini hljóm þeynum á móti svalanum (9)
**43** Ég mun standa við stærri loforð en þið sem auðugri eruð (9)
**44** Kvarta vegna þrenginga (5)
**45** Sá franski er fallinn og sá belgíski líka, en sá svissneski lifir (8)
**46** Er með næg verkefni fyrir húskarl af yngra taginu (9)
**47** Hin lukkulegu leita fullnægju (6)
**48** Yfirgefið plássið strax! (5)

**LÓÐRÉTT**

**1** Kaldur hryggur er herramannsmatur og hátt skrifað örnefni (9)
**2** Náðum okkur í vatn og fórum svo í mál við vatnsveituna (9)
**3** Sú laglega skipar oss til bekkjar (9)
**4** Öll eru þau vond, en eitt þeirra þó betra en hin (9)
**5** Kerfislæg tenging auðveldar ástir milli álfa (10)
**6** Vindurinn kemur að utan (8)
**7** Þessi salur er laus við hanagal. Já, og allt annað líka (8)
**8** Leggja metnað í fantana þrátt fyrir þrautirnar (10)
**9** Mæli með búsboltum á nammidögum (9)
**10** Gæfi jörð til að lina skortinn ef ekki væri fyrir skortinn á jörð (11)
**21** Er kristileg útvarpsstöð uppspretta útvarpsbylgja? (9)
**22** Enn klipptu þeir gler úr glugga þarna bakatil (9)
**24** Tínið saman virkni ummæla í orðabók fagmannsins (12)
**25** Öfgar þessa karls má rekja til frekjuhunds (12)
**26** Víst gefur hann frá sér grimmdarhljóð án minnstu ástæðu (9)
**28** Sæti færis félagans (12)
**30** Var við vinnslu á ákveðnu tímabili, sem breytti kúrsinum (11)
**33** Fórum á Pegasusi á eftir meindýrum (10)
**34** Og þið eruð með dverg út við grængolandi djúpið? (10)
**37** Allt um dembu og byltingu líka (8)
**41** Ég fitna alltaf meðal léttruglaðra kvenna (5)
**42** Tek stóran sveig um svona afmyndað skran (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |

## Skák

Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Jensen átti leik gegn Borg í Kaupmannahöfn árið 1992.

**1. Rd6+! 1-0.** Tata Steel-mótið hefst í Wijk aan Zee í Hollandi í dag. Meðal keppenda eru heimsmeistarinn Magnus Carlsen, Shakhriyar Mamedyarov, Ding Liren, Vladímír Kramnik og Vishy Anand.

**www.skak.is:** Tata Steel-mótið

## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

### HART SÓTT GOTT SKOR

Félagarnir Aðalsteinn Jörgensen og Sigurður Sverrisson (sem flestir þekkja meðal sterkustu spilara landsins) enduðu í efsta sæti á jólamóti Bridgefélags Reykjavíkur, sem háð var sunnudaginn 30. desember. Þeir félagar enduðu með 61,8% skor í 44 spilum. Hlynur Garðarsson og Jón Ingþórsson náðu öðru sætinu í mótinu með 61,3% skor. Alls tók 51 par þátt í þessu vinsæla móti, sem alltaf er haldið milli jóla og nýárs. Þeir fengu gott skor (47,9-2,1) í fjórðu umferð mótsins í þessu spili. Vestur var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ Á3
♥ KG106
♦ ÁK74
♣ 982

**Vestur**
♠ D108
♥ 9432
♦ D532
♣ G2

**Austur**
♠ G9762
♥ ÁD5
♦ G
♣ ÁD104

**Suður**
♠ K54
♥ 87
♦ 10986
♣ K763

Eftir pass vesturs opnaði Sigurður á einu grandi í norður sem sýndi 13-15 punkta og jafnskipta hönd. Austur sagði 2♠ sem sýndi einnig láglit til hliðar. Í kjölfarið fylgdu tvö pöss og Sigurður var ekki á því að gefast upp með hámark og lengd í hinum litunum. Hann doblaði til úttektar og Aðalsteinn sagði 2 grönd, a suðurhöndina, til að benda á að hann ætti báða láglitina. Þá lauk Sigurður sögnum með því að segja 3♦. Útspil austurs var spaðatvistur sem Sigurður drap heima á ás. Hann lagði nú niður trompásinn og spilaði næst laufaníu. Austur setti tíuna og kónginn í blindum átti slaginn. Þá kom hjarta á gosann. Austur drap á drottningu og tók laufásinn. Gosi vesturs féll og þá kom hjartaás, laufadrottning og síðasta laufið. Vestur trompaði, Sigurður yfirtrompaði, spilaði spaða á kóng og hitti í tígulinn. Það voru 110 stig í NS, en flestar tölurnar enduðu í AV.




# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Við leitum af drífandi sölumanni í fjölskylduna.
Villt þú slást í hópinn og hafa gaman í vinnunni?

**UM HIRZLUNA:**

Hirzlan er verslun með skrifstofuhúsgögn og þar er allur metnaður lagður í að veita framúrskarandi þjónustu í hvívetna. Hirzlan hefur á undanförnum misserum stóraukið vöruval sitt með tilkomu fleiri birgja og vörumerkja.

Sýningarsalur Hirzlunnar er að Síðumúla 37.

## Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

**HÆFNISKRÖFUR:**

Góð færni á tölvur

Sölureynsla skilyrði

Reynsla af húsgagnasölu er kostur

Reynsla af sölu til fyrirtækja er kostur

Umfram allt þarft þú að vera söludrifin/n, hafa metnað, vilja og getu til að skara framúr.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Ingi, sölustjóri í síma 869-7025 og umsóknir mega berast á dori@hirzlan.is




# BÍLA KARNIVAL

## BRIMBORG BÝÐUR Á KARNIVAL!

Flottar frumsýningar, geggjuð tilboð og dúndrandi fjör!
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
Þetta er viðburður sem þú vilt ekki missa af!
***Komdu á karnival í Brimborg – við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

### FORD ECOSPORT TITANIUM S

VERÐ M. MÁLMLIT: 3.910.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: **3.470.000** KR.

### MAZDA CX-3 VISION

VERÐ M. MÁLMLIT: 3.520.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: **3.120.000** KR.




Ford · Volvo · mazda · PEUGEOT · CITROËN

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

brimborg.is



KANDÍFLOSS & POPP
KOMDU Á KARNIVAL!
OPIÐ LAUGARDAG 12-16, REYKJAVÍK OG AKUREYRI
GEGGJUÐ TILBOÐ!
AFSLÁTTUR FRÁ 400-465.000 KR + VETRARDEKK!
Á völdum bílum
GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR
KOMDU Í STUÐIÐ!
PEUGEOT 2008 ALLURE
VERÐ M. BAKKMYNDAVÉL OG MÁLMLIT: 3.600.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.200.000 KR.
AFSLÁTTUR -400.000 kr. + VETRARDEKK
FORD KUGA TITANIUM AWD
VERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI: 6.015.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 5.550.000 KR.
AFSLÁTTUR -465.000 kr. + VETRARDEKK
CITROËN C3 AIRCROSS SHINE
VERÐ M. AUKABÚNAÐI: 4.120.000 KR.
TILBOÐSVERÐ: 3.720.000 KR.
AFSLÁTTUR -400.000 kr. + VETRARDEKK

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 335

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst?“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | 2 | | 8 | 7 |
| 4 | 7 | 6 | | | 8 | 2 | 9 | |
| | | | 4 | | | | | 5 |
| | 5 | | 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | |
| 9 | | 7 | | 8 | | 5 | | 6 |
| | 1 | 8 | | 4 | 5 | | 3 | |
| 7 | 3 | | 2 | | | 8 | 5 | 4 |
| 8 | | | | 9 | 4 | 1 | | 3 |
| 1 | | 2 | 8 | 5 | | 6 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | | | | | 6 |
| | | | | 1 | | | 8 | |
| 2 | 3 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| | | 2 | | | 1 | | | 3 |
| 3 | | 9 | 6 | 5 | | 8 | | |
| 5 | | | | 3 | 4 | | | |
| | 8 | | | 6 | | 2 | | 7 |
| | 5 | | 4 | 2 | | 6 | 3 | |
| | | | 1 | | 7 | 9 | 4 | |

**Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?**



## Vísnagátur

Hvað heiti ég?
Gull og silfur æ ég er,
einnig landnámskona.
Næstum allir eftir mér
ætíð bíða og vona.

Hver er það sem læðist lágt?
líka stundum slæðist hátt.
Yrði mörgum æði bágt,
opin ef ei stæði gátt.

Hvað hét hundur karls
sem í afdölum bjó?
Nefni ég hann í fyrsta orði,
þú getur hans aldrei þó.

Eitt af því sem amma kunni
einkum gerði fyrir jól.
Stundum hef í hönd og munni.
Hestar gera, einnig hjól.

Allar gáturnar eru eftir óþekkta höfunda, nema sú síðasta, hún er eftir Jón Magnússon á Akureyri.

Svör:
Auður
Reykur
Hvað
Prjóna



## Leikurinn

### Öll skip úr höfn/Stórfiskaleikur

Leikurinn hefst á því að allir raða sér upp við enda leiksvæðis, þar er höfn og hinum megin er önnur höfn.

Einn leikmaður er „hann“ og stendur á miðju svæðinu. Þegar hann kallar „öll skip úr höfn“ eiga hinir að hlaupa þvert yfir svæðið og í hina höfnina. Þeir eiga að hlaupa helst sem næst „honum“ og þá reynir „hann“ að klukka sem flesta.

Í næsta leik eru þeir sem voru klukkaðir með „honum“ í liði og svo koll af kolli uns aðeins einn er eftir.

Sá er „hann“ í næsta leik og reynir að klukka sem flesta.





Álfrún Vala H. Eyglóardóttir á mörg áhugamál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kúba er í uppáhaldi

**Álfrún Vala les stundum dagblöðin, meðal annars greinar um stjórnmál og tísku. Oft líka barnaefnið.**

Álfrún Vala H. Eyglóardóttir er tíu ára gömul og á heima í Reykjavík.

**En hvar myndir þú helst vilja búa ef þú ættir ekki heima þar?** Á Spáni örugglega því þar er svo hlýtt.

**Hver er eftirlætisnámsgreinin þín í skólanum?** Tónmennt af því að á veturna eru alltaf sett upp leikrit og mér finnst gaman að syngja. Mér finnst líka gaman í dansi, upplýsingatækni og náttúru- og samfélagsfræði.

**Hver eru helstu áhugamálin utan skólans?** Helstu áhugamálin mín eru söngur, dans, leiklist og tónlist. Mér finnst líka gaman að lesa bækur og spila spil.

**Ertu að læra einhverjar listgreinar?** Ég er að læra á franskt horn og er í skólahljómsveit Austurbæjar. Ég er líka í kór og að læra á píanó og langar að byrja aftur að æfa ballett.

**Lestu dagblöðin?** Já, stundum og aðallega um stjórnmál, lögreglumál, tísku og oft barnaefnið.

**Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu?** Til dæmis matreiðsluþætti, læknaþætti, Friends, The Middle, Manifest og margt, margt fleira.

**ÉG ER AÐ LÆRA Á FRANSKT HORN OG ER Í SKÓLAHLJÓMSVEIT AUSTURBÆJAR. ÉG ER LÍKA Í KÓR OG AÐ LÆRA Á PÍANÓ OG LANGAR AÐ BYRJA AFTUR AÐ ÆFA BALLETT.**

**Hver er besta bók sem þú hefur lesið og af hverju?** Harry Potter-bækurnar eru mjög góðar. Mér finnst Aþenubækurnar líka góðar og leyndarmál Lindu af því þær eru báðar svo raunverulegar.

**Hver er fallegasti staður sem þú hefur komið á og af hverju?** Kúba er í uppáhaldi af því hún er svo gamaldags og langt í burtu og lifandi tónlist út um allt. Mér finnst Vestfirðir líka mjög fallegir. Það var líka fallegt í fjöllunum á Kanaríeyjum en ég varð mjög bílhrædd þar því það var svo bratt niður og vegurinn rosalega mjór.

**Hvað dreymir þig um að verða þegar þú verður fullorðin?** Leikkona, skurðlæknir eða lögfræðingur.

# KRÓNAN

Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?

## Kjúklinga karrý



Tómatar í lausu **346** kr. kg

Krónu Kjúklingafile **2369** kr. kg.

Suðupokagrjón 4x125 g **119** kr. kg

Patak's Curry Paste **399** kr. stk.

Gestus kókosmjólk **249** kr. stk.

Laukur **160** kr. kg

Þú finnur uppskriftina hér: **kronan.is/korteri4**

## Gerð'ana vegan

skiptu úr kjúlla fyrir baunir

## Bauna karrý



Kjúklingabaunir **219** kr. stk.

KORTER Í 4

VEGAN vegan

Vegan matur fyrir fjóra = 1.316 kr.*

**329** kr. á mann

Matur fyrir fjóra = 2.489 kr.*

**622** kr. á mann

*Miðað við 2 dósir af kjúklingabaunum, 250 g af tómötum, 150 g af lauk, pakka af hrísgrjónum, krukku af curry paste og dós af kókosmjólk.

*Miðað við 680 g af kjúkling, 250 g af tómötum, 150 g af lauk, pakka af hrísgrjónum, krukku af curry paste og dós af kókosmjólk.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Vaxandi norðaustanátt og snjókoma með köflum fyrir norðan, 15-23 m/s undir kvöld, hvassast norðvestan til. Hægari vestlæg átt sunnan til og slydda eða rigning. Kólnar í veðri.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 4° | Oslo -2° | Stokkhólmur 0° | Gautaborg 2° | Helsinki -2° | Þórshöfn 7° | Nuuk -13° |
| London 9° | Amsterdam 7° | París 8° | Berlín 5° | Madríd 8° | Brussel 7° | Róm 7° |
| Boston -11° | New York -6° | Orlando 13° | Moskva -11° | Singapúr 27° | Tókýó 3° | Sydney 22° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↙5 | 2° ←17 | 0° ←14 | -2° ←17 | -3° ←14 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↖6 | -3° ↖4 | -4° ←17 | -7° ←13 | -7° ←12 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -12° ↗4 | -3° ↖11 | -6° ←11 | -13° ↖2 | -18° ↑4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -11° ↘5 | -4° ↖17 | -4° ↙14 | -16° →4 | -17° →4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ←5 | -1° ←14 | -2° ↓3 | -6° ↙9 | -10° ↓6 |









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **13. janúar** eða meðan birgðir endast.

# SsangYong Rexton 4x4 jeppi ársins!

## FRUMSÝNING Í DAG, 12 JANÚAR

Verið velkomin á glæsilega frumsýningu SsangYong Rexton á Krókháls 9i í dag. Rexton verður sýndur í mörgum útgáfum ásamt breiðu úrvali af fjórhjóladrifnum jeppum frá SsangYong.
Frumsýningin stendur frá kl. 12:00 til 16:00.

Boðið verður upp á lifandi tónlist og léttar veitingar.
Allir eru hjartanlega velkomnir.




Birt með fyrirvara um verð- og textabrengl

SsangYong

ssangyong.benni.is.

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636




Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Öllum listaverkunum varpað á veggi safnsins

**Gerðarsafn í Kópavogi verður undirlagt af úrvali kvikmynda- og vídeóverka eftir íslenska og erlenda listamenn næstu vikurnar. Þar verður vegleg sýning opnuð í dag. Aðaltitill hennar er Ó, hve hljótt.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Stór nöfn á vídeólistarsviðinu eru á bak við sýninguna Ó, hve hljótt. Tónlist eins og við sjáum hana: myndlist og kvikmyndir – sem verður opnuð í Gerðarsafni í dag klukkan 16. Hún gefur glögga mynd af því hvernig samruni tónlistar og kvikmynda verður að list, þvert á miðla. Verkin eru hvert öðru ólík en öllum er þeim varpað á veggi. Þau eru annars vegar úr safneign CNAP, miðstöðvar myndlistar í Frakklandi, og hins vegar eftir þrjá af fremstu listamönnum Íslands í greininni, þau Doddu Maggý, Sigurð Guðjónsson og Steinu.

Sýningin var fyrst sett upp í Verksmiðjunni á Hjalteyri síðasta sumar. Þó hún heiti Ó, hve hljótt, þá fylgja ómar og hljómar mörgum vídeóverkanna, eins og fram kemur í undirtitlinum.

Sigurður Guðjónsson á þarna eitt verk, það heitir Tape og er frá 2016. Listamaðurinn lýsir því svo á einfaldan hátt: „Það sem fólk horfir á er í raun nærmynd af segulbandsspólu sem er að spinna frá vinstri til hægri og henni fylgir hljóð, því það heyrist í spólunni þegar hún er að vefjast. Verkið er sett upp á vegg í miðju rýminu með skjávarpa og nýtur sín vel.“

Dodda Maggý gerir líka tilraun til að lýsa list sinni í orðum fyrir blaðamanni, en vissulega er sjón sögu ríkari. Hún kveðst fá hugmyndirnar úr öllum áttum og alls ekki allar úr raunveruleikanum, heldur fléttist dag- og næturdraumar inn í, jafnvel skynvilla og sýnir í skærum litum sem birtast henni í mígreniköstum. Verk hennar eru á mörkum kvikmyndagerðar, vídeólistar og hljóðlistar, enda er hún með háskólagráður bæði í myndlist og tónsmíðum. „Fólk heldur stundum að verkin mín séu tölvugerð, en því fer fjarri. Þau eru mjög mikið handgerð og geta tekið nokkur ár í framleiðslu því ég ligg yfir þeim og nostra.“



Sigurður og Dodda Maggý. Myndin er tekin í miðri uppsetningu sýningarinnar í Gerðarsafni, eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ýmsar aðferðir kveðst Dodda Maggý nota við að koma hugmyndum sínum í form, meðal annars upptökur, hvort sem um er að ræða vídeó eða tónlist. „Stundum kvika ég myndefni, nota gamlar aðferðir frá upphafi kvikmyndamiðilsins sem ég færi svo yfir í stafrænt form, ramma fyrir ramma. Þó ég skilji vídeómiðilinn frekar vel tæknilega er ég alltaf í tilraunastarfsemi, pínu eins og vísindamaður á rannsóknarstofu,“ lýsir hún.

Dodda Maggý er fædd í Keflavík og var í tónlistarnámi sem barn. Nú hefur hróður hennar sem myndlistarkonu borist til allra heimsálfa, því verk hennar hafa ratað á yfir hundrað sýningar um allan heim.

## Listafólkið sem á verk á sýningunni:

**Doug Aitken, Charles de Meaux, Dodda Maggý, Pierre Huyghe, Romain Kronenberg, Ange Leccia & Dominique Gonzalez-Foerster, Sigurður Guðjónsson, Lorna Simpson, Steina og Jean-Luc Vilmouth.**

Sýningarstjórar Ó, hve hljótt eru Gústav Geir Bollason frá Verksmiðjunni á Hjalteyri og Pascale Cassagnau frá CNAP.



Spíralar eru meðal þeirra forma sem Dodda Maggý mótar.

# Fimir fingur á ljóshraða

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★½

**Rannveig Marta Sarc fiðluleikari og Jane Ade Sutarjo píanóleikari fluttu verk eftir Mozart, Šenk, Brahms og Ravel.**

**Salurinn í Kópavogi**

Miðvikudagur 9. janúar

Er frelsi falið í fallegri tónlist? Kvikmyndin The Shawshank Redemption er byggð á sögu eftir Stephen King og fjallar um mann ranglega dæmdan í fangelsi. Aðalpersónan, sem leikin er af Tim Robbins, fær það verkefni að setja upp bókasafn í fangelsinu. Hann þarf að fara í gegnum gnægð bóka og rekst þá á kassa með hljómplötum. Þar á meðal eru aríur eftir Mozart. Hann læsir þá fangavörðinn inni á klósetti, tengir kallkerfi fangelsins við plötuspilarann og leyfir föngunum að njóta tónlistarinnar um stund. Þetta er ein áhrifamesta senan í myndinni, fegurð tónlistarinnar er svo háleit að fangarnir upplifa sig frjálsa í nokkur augnablik.



Rannveig Marta Sarc hafði fullt vald á fiðlunni í Mozartsónötunni. „Hröð tónahlaup voru pottþétt, létt og leikandi, skýr og jöfn,“ segir í dómnum.

Mér leið ekki ósvipað á tónleikum Rannveigar Mörtu Sarc fiðluleikara og Jane Ade Sutarjo píanóleikara í Salnum í Kópavogi á miðvikudagskvöldið. Fyrsta verkið á efnisskránni var sónata nr. 25 í F-dúr, K 377, eftir Mozart. Strax á upphafstónunum var ljóst að Rannveig, sem ég hef aldrei heyrt í áður, enda ung að árum, hafði fullt vald á fiðlunni. Hröð tónahlaup voru pottþétt, létt og leikandi, skýr og jöfn. Laghendingar voru fagurlega mótaðar og stemningin í túlkuninni í einu og öllu í anda tónskáldsins. Sömu sögu er að segja um píanóleikinn. Fimir fingurnir þutu um hljómborðið eins og ekkert væri. Síðasti kaflinn er fremur innhverfur, og hann var svo fallegur í meðförum tónlistarfólksins, leikinn af þvílíkri alúð og væntumþykju, að maður hreinlega komst við.

Næsta verk var allt öðruvísi. Þetta var Quasso eftir Ninu Šenk, sem er samtímatónskáld frá Slóveníu. Andrúmsloftið var óhugnanlegt og átakamikið. Maður sá fyrir sér stemninguna í Shawshank fangelsinu EFTIR að fangarnir eru búnir að hlýða á Mozart og komnir aftur í ískaldan veruleikann. Leikur tvímenninganna var vandaður, spennuþrunginn og grípandi. Fjölbreytileg blæbrigði voru útfærð af smekkvísi, tónmálið var litríkt í ljótleika sínum, alltaf áhugavert.

